

allt

GUNNHILDUR HELGA ÓLAFSDÓTTIR:

Sushi
– því oftar því betra

Í MIÐJU BLAÐSINS ▶



birta

BJÖRN INGI HILMARSSON:

Nauðgun ekki
einkamál kvenna

• sniðugir krakkar • palliættur
Fylgir Fréttablaðinu í dag ▶



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

6. maí 2005 - 121. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is - Sími: 550 5000

FÖSTUDAGUR

Róbert í úrslit

Handknattleikskappinn Róbert Gunnarsson leikur til úrslita um danska meistartítilinn með liði sínu Aarhus.



ÍPRÓTTIR 30

Stórmyndasumar

Sumarið er tíminn þegar Hollywood tjaldar öllu til.

KVIKMYNDIR 4

Barátta valdalausra

Mannréttindaskrifstofa Íslands er við dauðans dyr, segir Toshiki Toma prestur innflytjenda.



SKOÐUN 26

Nylon eins árs

Stúlknasveitin ætla að halda upp á afmælið með opinni veislu fyrir aðdáendur í kvöld.

FÓLK 44



VEÐRIÐ Í DAG



BJARTVIÐRI SYÐRA Skúrir eða él á Vestfjörðum, norðan og austan til. Hiti 0-8 stig, mildast syðst. Víða næturfrost.

VEÐUR 4

77%

fólks í úthverfum lesa Fréttablaðið daglega.*

Ekki missa af fólkinu í stærstu hverfunum.

*Gallup febrúar 2005

FRÉTTABLAÐIÐ

Guðjón ráðinn gegn vilja meirihlutans

Guðjón Guðmundsson, fyrrverandi alþingismaður, hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Dvalarheimilisins Höfða á Akranesi með atkvæðum sjálfstæðismanna. Fulltrúar meirihluta bæjarstjórnar Akraness kusu gegn honum.

AKRANES Guðjón Guðmundsson, fyrrverandi alþingismaður, hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Dvalarheimilisins Höfða á Akranesi. Sextán sóttu um stöðuna, í þeim hópi afar vel menntaðir og reynslumiklir menn. Guðjón er gagnfræðingur og því með minnstu menntunina en hann sat á Alþingi í tólf ár fyrir Sjálfstæðisflokkinn.

Í auglýsingu um starfið var óskað þekkingar á stjórnsýslu- sviði, bókhaldsþekkingar og hæfni í mannlegum samskiptum auk þess sem framkvæmdastjórnin átti að vera búsettur á svæðinu. Það er því ljóst að Guðjón uppfyllir kröfurnar.

Stjórn Höfða er skipuð fjórum fulltrúum bæjarstjórnar og einum

fulltrúa hreppanna í nágrenni Akraness. Fulltrúar bæjarstjórnar eru tveir fulltrúar Framsóknarflokks og Samfylkingar og tveir fulltrúar minnihlutans. Tveir síðastnefndu og fulltrúi hreppanna eru sjálfstæðismenn. Þeir greiddu Guðjóni atkvæði sitt.

Fulltrúar meirihluta bæjarstjórnar greiddu hinsvegar Brynju Þorbjörnsdóttur, fyrrverandi útibússtjóra Íslandsbanka, atkvæði sitt. Brynja vildi ekkert segja um málið í gær.

Jón Pálmi Pálsson, bæjarritari á Akranesi, var í hópi umsækjenda. Hann telur of snemmt að segja til um það hvort einhverjir umsækjenda muni kæra ráðninguna en mörgum þyki þetta „merkileg ráðning“.

Jón Pálmi segist eiga eftir að meta sína stöðu. Hann hafi ekki fengið neinar skýringar af hálfu meirihluta stjórnar Höfða. „Ég geri ráð fyrir því að óska eftir rökstuðningi,“ segir hann.

Ráðningin hefur sætt gagnrýni á vef Akraneskaupstaðar. Þar er talið að sjálfstæðismenn hafi ætlað að koma gæðingi sínum í starfið þó að margir hæfari menn hafi sótt um stöðuna. Hugsanlega hafi jafnréttislög og stjórnsýslulög verið brotin.

Benedikt Jónmundsson, fulltrúi sjálfstæðismanna, hafnaði þessu í gær og sagði gefa auga leið að sjálfstæðismennirnir hefðu talið Guðjón hæfastan í starfið.

- ghs



SJÓ LÁTNIÐ Á ÁRINU Ung kona lést í umferðarslysi á Breiðholtsbraut í gærmorgun. Sjó hafa látist í umferðarslysum á árinu.

Banaslys í Breiðholti:

Kona lést

LÖGREGLAN Banaslys varð á Breiðholtsbraut við Víðidal í gærmorgun. Fólksbíll ók á vegrið þar sem undirgöng eru fyrir gangandi umferð og hesta, rann eftir því smáspotta og féll svo fram af vegriðinu úr mikilli hæð.

Ökumaðurinn, sem var ung kona, kastadist út úr bílnum og lést. Hún var ein í bílnum og er því ekki vitað hvers vegna slysið átti sér stað. Bíllinn er alveg ónýtur. Ekki er hægt að greina frá nafni hinnar látnu að svo stöddu.

Sjó hafa látist í umferðarslysi á þessu ári.

- ghs

Páfabíllinn:

Sleginn á eBay

UPPBOD Búið er að selja Volkswagen Golf bifreiðina sem var í eigu Josefs Ratzinger, nú Benedikts XVI páfa, á uppbodsvefnum eBay. Mikill áhugi var á uppböðinu og rauk verðið á bílnum fljótlega upp úr öllu valdi en 277 tilboð bárust í hann. Fólksvagninn var svo sleginn nýjum eiganda í gær, spilavítakeyjunni Golden Palace.

Verðið var í hærri kantinum fyrir sex ára gamla bifreið af þessari gerð, 188.938,99 evrur sem samsvara rúmum fimmtán milljónum íslenskra króna. Gangverð á slíkum bíl hérlendis er um 800.000 krónur samkvæmt upplýsingum frá Bílgreinasambandinu.

- shg

Fréttablaðið:

Fimm þúsund ný heimili

FJÖLMIDLUN Fréttablaðinu verður dreift í öll hús á Selfossi, Akranesi, í Hveragerði og Borgarnesi.

Þegar það verður mun blaðinu verða dreift á um níutíu þúsund heimili. Þá fá um 85 prósent heimila á landinu Fréttablaðið heim að morgni, alla daga vikunnar.

Dreifing í öll hús á Selfossi hefst á föstudag eftir viku og reiknað er með að farið verði að bera blaðið út í öll hús hinna bæjanna þriggja um mánaðamótin maí og júní.

Gunnar Smári Egilsson, framkvæmdastjóri 365, segir að verið sé að svara mikil eftirspurn eftir Fréttablaðinu á þessum stöðum. Nú þegar er blaðinu dreift í öll hús á höfuðborgarsvæðinu, Reykjanesi og á Akureyri. ■



ISLANDSMEISTARAR Haukar urðu Íslandsmeistarar í handknattleik þriðja árið í röð í gær. Þeir unnu alla leiki sína í úrslitakeppinni.

Verkamannaflokkurinn tapaði fylgi:

Breska stjórnin heldur velli

BRETLAND Tony Blair forsætisráðherra og Verkamannaflokkurinn tryggðu sér í gær að öllum líkindum setu á valdastólum þriðja kjörtímabilið í röð. Sigurinn er hins vegar súrsætur þar sem meirihluti flokksins á þingi er minni en áður.

Úrslit kosninganna lágu ekki fyrir þegar Fréttablaðið fór í prentun, en samkvæmt útgönguspá sjónvarpsstöðvanna BBC og ITV fær stjórn Verkamannaflokksins

66 sæta meirihluta á þingi og tapar því nær hundrað þingsætum frá kosningunum 2001.

Samkvæmt könnuninni fengi Verkamannaflokkurinn 37 prósent atkvæða, lægsta hlutfall atkvæða sem hefur dugað til stjórnarsetu hingað til. Íhaldsflokkurinn fengi samkvæmt sömu könnun þriðjung atkvæða og Frjálslyndir demókratar 22 prósent. Ýmis minni framboð skipta samkvæmt þessu á milli sín

átta prósentum atkvæða.

Að mati Patricks Dunleavy stjórnmálafræðiprófessors myndu þessi úrslit þýða að stjórnarmeirihluti Verkamannaflokksins væri nógu mikill til að Blair gæti haldið rólegur um stjórnartaumana áfram. Færi meirihlutinn niður fyrir 50 þingsæti myndi skapast innanflokksþrýstingur á hann að víkja fyrir Gordon Brown fljótlega.

- þpg/aa/ Sjá síðu 4 og 6



SPURNING DAGSINS

Gunnar. Ertu á eigin vegum?

„Já, ég er á eigin vegum.“

Gunnar I. Birgisson lagði fram eigin vegaáætlun í þingflokki Sjálfstæðisflokksins á miðvikudag.

Sextíu ár liðin frá frelsun Danmerkur:

Anders Fogh bað gyðinga afsökunar

STRÍÐSLOK Danir fögnuðu því í gær að sextíu ár eru liðin síðan land þeirra var frelsað undan oki nasista. Í Auschwitz minntust menn hins vegar helfararinnar gegn gyðingum.

Í Mindelunden í útjadhri Kaupmannahafnar, garði helguðum minningu þeirra sem fórust í heimsstyrjöldinni síðari, var haldin athöfn þar sem Margrét Þórhildur Danadrottning og Anders Fogh Rasmussen forsætisráðherra minntust sérstaklega þeirra tvö þúsund sjómanna sem dóu í stríðinu. Þar voru einnig hertogahjónin af Gloucester en Bretar veittu dönskum and-

spyrnumönnum mikinn stuðning á sínum tíma.

Í ræðu sinni bað Anders Fogh gyðinga afsökunar á að margir þeirra voru reknir úr landi í upphafi stríðsins.

Ariel Sharon, forsætisráðherra Ísraels, ávarpaði minningarsamkomu í Auschwitz-Birkenau, útrýmingarbudunum alræmdu, í Póllandi í gær. Hann sagði að helförinni mætti aldrei nokkurn tímann gleyma.

Mikil hátíðahöld eru fyrirhuguð um helgina vegna sextíu ára stríðslokaafmælisins. Hápunktur sínum munu þau ná í Moskvu á mánudaginn en þar verða yfir fimmtíu þjóðarleiðtogar samankomnir. ■



FRÁ MINDELUNDEN Margrét Þórhildur Danadrottning og Anders Fogh Rasmussen forsætisráðherra minntust látinna sjómanna sérstaklega við athöfnina í gær.



HJÓLALESTIN BRUNAR Meira en 250 manns hjóluðu í Hjólalestinni.

Góð þátttaka í átaki:

Fjöldi hjólar í vinnuna

ÚTIVIST Í tilefni af fyrirtækjakeppni Hjólalestinn í vinnuna stóð Íþróttasamband Íslands fyrir Hjólalestinni í gær. Lestinn lagði af stað úr Nauthólsvíkinni eftir hádegi og hjóluðu fleiri en 250 manns sem leið lá niður í Laugardal þar sem fjölskylduskemmtun beið þátttakenda.

Fyrirtækjakeppnin er í fullum gangi og hafa 275 vinnustaðir skráð fleiri en 470 lið til keppni. Alls hafa um 4.600 keppendur hjólað meira en 80 þúsund kílómetra í áttakinu. Enn er hægt að skrá lið í keppnina, sem lýkur 13. maí. - óá

Síbrotaður dæmdur:

Stal bát

DÓMSMÁL Hæstiréttur dæmdi á miðvikudaginn þrítugan Reykavíkling í átta mánaða fangelsi fyrir þjófnað. Maðurinn stal átján feta rorabát og utanborðsmótor, alls að verðmæti 3,8 milljón krónur. Lögreglan í Hafnarfirði hafði hendur í hári mannsins en þá hafði hann tekið utanborðsmótorinn af og brotið niður og kippt víra í stjórnborðspúlti bátsins.

Maðurinn hefur sjö sinnum áður verið dæmdur fyrir brot á hegningarlögum og umferðarlögum og þótti háttsemi hans bera merki um skýran brotavilja. Sjálfur neitaði ákærði öllum sakargiftum. - óá

Ný Vestfjarðagöng

Göngin stytta leiðina milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar um 25 kílómetra og kosta um þrjú milljarða króna. Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Framsóknarflokksins, krefst yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um borun ganganna.

JARÐGÖNG Til orðahnippinga kom milli Sturlu Böðvarssonar samgönguráðherra og Kristins H. Gunnarssonar, þingmanns Framsóknarflokksins, í kjölfar fyrirspurnar Kristins á Alþingi á miðvikudag um undirbúning jarðganga milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar.

Kristinn taldi að ríkisstjórnin hefði skotið gerð ganga í gegnum Almannaskarð austan Hornafjarðar fram fyrir gerð nýrra ganga á Vestfjörðum. Áætlanir gerðu hins vegar ráð fyrir að ráðast í göngin eystra fyrst eftir 30 ár. Framkvæmdaröðin væri því ekki í samræmi við fyrri yfirlýsingar um að ráðast í gerð ganga á Vestfjörðum í kjölfar Fáskrúðsfjarðarganga og Héðinsfjarðarganga.

Kristinn krafðist þess að ríkisstjórnin tæki um það pólitíska ákvörðun að ráðast í gerð nýrra Vestfjarðaganga og gæfi út yfirlýsingu þar um. Slíkt væri nauðsynlegt í ljósi þess hvernig ríkisstjórnin hefði unnið að þessum



KREFST ÁKVÖRDUNAR UM GERÐ NÝRRAR VESTFJARÐAGANGA Kristinn H. Gunnarsson segir áætlanir um ný göng á Vestfjörðum ekki í samræmi við fyrri yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar.

málum á undanföllum árum.

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra lýsti áhyggjum vegna ummæla Kristins og átalði hann fyrir að reyna sífellt að sundra samstöðunni í stjórnarmeirihlutunum.

Sturla sagði að frumskýrsla um jarðfræði og legu ganga milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar væri tilbúin. Frekari rannsóknir hæfust þegar ákvarðanir um tímasetningar lögju fyrir.

Kristinn H. Gunnarsson segir að lega ganganna sé þegar ákveðin. „Munni ganganna Dýrafjarðarmegin verður í botni Kjaransstaðadals, skammt innan við Dýrafjarðarbrú. Hæð ganga-

munna yfir sjávarmáli verður um 70 metrar beggja vegna ganganna en sjálf göngin 5,1 kílómetri að lengd. Syðri gangamunninn verður innst í Hjallkárseyrarhlíð andspænis Mjólkkársvirkjun, en hún er í Borgarfirði, innfirði Arnarfjarðar.“ Göngin stytta þjóðbrautina milli fjarðanna um 25 kílómetra og leysa af hólmi veginn um Hrafnseyrarheiði en ekki er óttitt að hann lokist mánuðum saman ár hvert sökum snjóþyngsla. Kostnaður við gerð ganganna, gangamunna og lagningar vega að þeim er um þrjú milljarðar króna að sögn Kristins.

johannh@frettabladid.is



GÖNG MILLI DÝRAFJARÐAR OG ARNARFJARÐAR Þau liggja inn úr Kjaransstaðadal. Syðri munninn stendur andspænis Mjólkkársvirkjun í botni Arnarfjarðar. Þau stytta þjóðbrautina um Vestfjarðakjálkann um 25 kílómetra.

Framkvæmdastjóri Öryrkjabandalagsins fagnar stuðningi forstjóra TR:

Verið baráttumál lengi

KJARAMÁL Arnþór Helgason, framkvæmdastjóri Öryrkjabandalags Íslands, fagnar ummælum Karl Steinars Guðnasonar, forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins, þess efnis að öryrkjum verði gert kleift að afla sér hærri tekna án þess að örorkubæturnar skerðist eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær.

Arnþór segir að Öryrkjabandalagið hafi lengi barist fyrir þessu sama og segir liðsstyrk Tryggingastofnunar mikilvægan. „Þegar lögin um tekjutengingarauka voru sett árið 2001 lagði Öryrkjabandalagið ofuráherslu á að sett yrði frítekjumark vegna tekjutryggingaraukans. Okkur var heitið því að mæltum við með tekjutryggingaraukanum þá skyldi komið til móts við fólk með slíku frítekjumarki. Það loford var svo ekki eft.“



ARNÞÓR HELGASON Pakklátur forstjóra Tryggingastofnunar fyrir stuðninginn enda um baráttumál að ræða.

Arnþór segir annað mikilvægt í þessu sambandi og það sé fólk í sambúð. Forkastanlegt sé að sambúðarfólk tapi rúmlega 40 þúsund krónum hvern mánuð vegna þess eins að vera skráð í sambúð. „Þarna er um of mikla tekjutengingu að ræða enda er um stóran

Ofbeldi mótmælt:

Rauða spjaldið

MÓTMÆLI Birting, nýstofnuð samtök gegn ofbeldi, efna til samtöðu gegn ofbeldi á Ingólfstorgi í dag klukkan 17 þar sem ofbeldi verður sýnt rauða spjaldið.

Tryggvi Aðalbjörnsson sem situr í framkvæmdastjórn samtakanna segir samtökin ekki beina spjótum sínum gegn yfirvöldum heldur sé markmið þeirra að vekja almenning til vitundar um alvarleika ofbeldis. Hrikaleg árás á Vaðlaheiði fyrir nokkru hafi verið kornið sem fyllti mælinn og orðið til þess að menntaskólanemar á Akureyri hafi ákveðið að stofna samtökin. Tryggvi vonast til að Reykvíkingar fjölmenni og fylli Ingólfstorg klukkan 17 í dag. - óá

Kosningar:

Hamas vinnur á


BETLEHEM, AP Sveitarstjórnarkosningar voru haldnar í fjölda bæja á Vesturbakkanum og Gaza-svæðinu í gær. Úrslit þeirra þykja gefa fyrirheit um lyktir þingkosninganna sem haldnar verða í júlí.

Kosið var í 84 sveitarfélögum og var kjörsókn allgóð; 70 prósent á Vesturbakkanum en 80 á Gaza-ströndinni. Fyrstu útgönguspár benda til þess að Hamas-hreyfingin hafi sótt veregla í sig vedrið þótt Fatah-hreyfing Mahmoud Abbas sé ennþá stærsti flokkurinn. ■

EVROPA

HÓTAÐI SLÖKKVILÐINU Slökkvilið í bænum St. Pölten í Austurríki fékk heldur kaldar móttökur þegar það kom til að slökkva eld sem logaði í húsi. 79 ára gamall húsráðgjafi hélt að innbrotspjófur væru á ferðinni og hótaði því að skjóta brunaverðina með loftbyssu.

Alltaf einfalt



ódyrt bensín

14 stöðvar!
www.ob.is

bita að ræða fyrir flesta. Mér finnst aðfinnsluvert að Þjóðkirkjan og aðrir trúarhópar hérlendis taki þetta ekki upp og ekki er einu sinni ályktað um málið á kirkjuþingi. Hjónabandslög eru öryrkjum óttalega fjandsamleg.“ - aðe

Rætur Skapgerð Stefna

Ný BMW 3 lína. Bara best.



Frumskýning um helgina.
Ópið frá kl. 12 til 16.



Með bílinn handa þér

Ný BMW 3 lína

www.bmw.is



Sheer
Driving Pleasure

Þegar 3 línan kom fyrst á markað fyrir 30 árum, kynnti BMW til sögunnar nýjar áherslur í hönnun úrvalsbifreiða. Í stað þunglamalegra lúxusbíla eða hraðskreiðra sportbíla var komin bifreið sem sameinaði óaðfinnanlega fágað afl og þróaða tækni. Nýja BMW 3 línan varð því strax þekkt sem hið fullkomna aksturstæki og hefur sem slík mótað þá mælikvarða sem úrvalsbifreiðar eru bornar við. Eins og sannur leiðtogi hefur 3 línan rutt nýjum straumum farveg og markað þeim stefnu, kynslóð fram af kynslóð. Nýja BMW 3 línan er sannur arftaki þessarar leiðtogahefðar. Upplifðu ósvikna akstursánægju. Upplifðu nýju BMW 3 línuna, þá bestu úr smíðju BMW til þessa.

B&L, Grjóthálsi 1, 575 1200, www.bmw.is

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 04.05.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	63,85	64,15
Sterlingspund GBP	121,39	121,99
Evra EUR	82,65	83,11
Dönsk króna DKK	11,104	11,168
Norsk króna NOK	10,172	10,232
Sænsk króna SEK	9,008	9,06
Japanskt jen JPY	0,6108	0,6144
SDR	XDR	96,78 97,36

Gengisvísitala krónunnar

114,13 -0,62%

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ræðismannsskrifstofa:

Sprengjutilræði á kjördag

SPRENGING Tvær heimatilbúnar handsprengjur voru sprengdar fyrir utan bresku ræðismannsskrifstofuna í New York í gærmorgun. Engin meiðsl urðu á fólk en húsið sem skrifstofan er í skemmdist nokkuð. Ekki liggur fyrir hvort verknaðinum var beint sérstaklega að skrifstofunni en fjölmörg fyrirtæki hafa aðsetur í byggingunni.

Talsmaður breska utanríkisráðuneytisins vildi ekki greina frá því hvort yfirvöld teldu að tilræðið stæði í sambandi við þingkosningarnar sem fóru fram í Bretlandi í gær, aðeins að málið væri í rannsókn.

Íslenska ræðismannsskrifstofan í New York stendur aðeins steinsnar frá þeirri bresku og fór starfsfólk þar ekki varhluta af rannsóknunum lögreglu og ágangi fréttamanna í kjölfar sprengingarinnar að sögn Ragnars Kristjánssonar sem þar starfar. Götunni var lokað um sinn í gærmorgun vegna rannsóknar. Enginn var mættur til vinnu á íslensku skrifstofunni þegar sprengingarnar urðu.

- sg/oa

VERKSUMMERKI RANNSÓKUD Lögreglu-menn athafna sig við bresku ræðismannsskrifstofuna í New York.



Lögregla í Grosní:

Afstýrði hryðjuverk

HRYÐJUVERK Lögregluvöld í Grosní, höfuðborg Tsjetsjeníu, stöðvuðu í gær bifreið sem í voru 1,2 tonn af sprengiefninu TNT. Hvellhettur höfðu verið tengdar við efnið og þótti einsýnt að nota ætti bílinn til hryðjuverkaárásar á ótilgreindum stað. Tveir menn sem voru í bílnum, báðir með fölsuð vegabréf, voru handteknir.

Þá greindi Interfax-fréttastofan frá því að öryggismálayfirvöld í Rússlandi hefðu vitneskju um að stórfelld hryðjuverk þar sem eitufrefnum yrði beitt væru áformuð í Kákasus-lýðveldunum á næstu mánuðum. ■



BLAIR OG BROWN Þótt Tony Blair sé fæddur í Edinborg telst hann tæpast skoskur. Gordon Brown er hins vegar borinn og barnfæddur Skoti.

Bresk pólitik:

Skotarnir til forystu

BRETLAND Skotar, sem hafa unað því misjafnlega síðustu aldirnar að lúta stjórn Englendinga, virðast nú sífellt vera að auka áhrif sín í breskum stjórnárum. Ekki er nóg með að Tony Blair sé fæddur í Edinborg (án þess þó að vera „alvöru“ Skoti) og nokkrir ráðherrar í stjórn hans síðustu tvö kjörtímabil hafi verið Skotar, heldur blasir við að eftirmaður hans í flokksleiðtogahlutverkinu verður „ekta“ Skotinn Gordon Brown.

Við þetta bætist að leiðtogi Frjálslyndra demókrata, Charles Kennedy, er þvottekta Skoti. Og hugsanlegur arftaki Michaels Howard sem leiðtogi Íhaldsflokksins er Skotinn Sir Malcolm Rifkind.

Ungir framsóknarmenn:

Fagna þjóðarvakningu

KYNFERDISGLÆPIR Samband ungra framsóknarmanna fagnar þeirri þjóðarvakningu sem hefur átt sér stað um alvarleika kynferðisglæpa gegn börnum.

SUF hvetur til að frumvarp sem nú liggur til umfjöllunar í allsherjarnefnd þess efnis að kynferðisbrot gegn börnum fyrnist ekki verði að lögum frá Alþingi. ■

Kjaftað yfir kjörkassanum

Óánægja með Blair-stjórnina var áberandi meðal kjósenda í Kensington-Chelsea-kjördæmi í Lundúnum í gær. Auðunn Arnórsson blaðamaður ræddi við nokkra þeirra.

BRETLAND Stemmningin var róleg á kjörstað í St. Cuthbert og St. Matthias-grunnskólanum við Warwick-veg í Earls Court-hverfinu í vesturluta Lundúna. Einn og einn kjósendi tíndist inn. Hvít-hærð ensk frú. Svartar mæðgur með börn í barnavagni. Miðaldra hindú með túrban. Dæmigerðir Lundúnabúar.

Herman W. Patava var einn þeirra. Ástrali að uppruna af tékkneskum rótum en Lundúnabúi í meira en 40 ár og brezkur ríkisborgari. Hann tjáði blaðamanni að hann hefði greitt Frjálslyndum demókrötum atkvæði sitt að þessu sinni. Honum finnst Blair verðskulda að fá smá skell, eftir Íraksdæmið allt saman. Þessa ógeðfelli fylgiskipti við Bush. „Ád vísu hefur mitt atkvæði hér í þessu kjördæmi litla þýðingu,“ segir hann – Kensington og Chelsea-kjördæmið er eitt allra öruggustu þingsæta Íhaldsflokksins. Hann hefði því jafnvel gælt við að kjósa græningja, þar sem frambjóðandi þeirra í kjördæminu væri alveg jafn ólíklegur til að ná kjöri og hver annar.

Nema auðvitað íhaldsframbjóðandinn Sir Malcolm Rifkind, sem er þungavigtarmaður í forystuveit Íhaldsflokksins og var utanríkisráðherra í stjórnartíð John Major 1992-1997. Hann tók við þessu kjördæmi af Michael Portillo, sem á tímabili var ein skærasta stjarna Íhaldsflokksins en hraktist úr honum meðal annars vegna umtals um kynhneigð sína.

Valið í kjörklefanum vafðist aftur á móti ekkert fyrir nágrannakonun Hermans, Jo Rendle. Íhaldsflokkurinn á hennar atkvæði, hvað sem á dynur. Hún stundi undan því að sér virtist allt



VONA AÐ BLAIR FÁI SKELL Nágrannarnir Herman W. Patava og Jo Rendle á kjörstað í gær. Þau eru bæði óánægð með Blair-stjórnina en af ólíkum ástæðum. Þau áttu samt ekki von á öðru en að hún heldi völdum.

á fallanda fæti. Brezk bílaframleiðsla búin að vera; það væru ekki einu sinni smíðuð lengur skip í landi Nelsons. Þetta hlýti að vera ríkisstjórninni að kenna. Herman benti henni á að svona væri efnahagslífið að þróast í öllum ríkustu löndum heims – iðnframleiðslan að flytjast til láglanalanda en velmegun samt að vaxa. Frú Rendle hristi bara hausinn.

Snaggarlegur maður af indverskum uppruna um fimmtugt, í svartri skyrtu með rakað höfuð,

kemur askvaðandi. Er snöggur að kjósa. Svarar blaðamanni líka um hæl er hann spyr hvað hann hafi kosið: Íhaldsflokkinn. Og hinar heldur ekki spurður hvers vegna. „Innflytjendamálin. Þetta er lítið land og allt of mikið af fólk af ólíkum uppruna streymir hingað,“ segir hann ákveðinn. Er síðan farinn jafn snarlega og hann kom.

Ljóshærð kona um fertugt kemur skokkandi á kjörstað. Er líka snögg að kjósa. Og snögg að

segja blaðamanni að hún styðji Íhaldsflokkinn.

Sir Malcolm þarf greinilega ekki að óttast að neitt óvænt komi upp úr kjörkössunum í Kensington-Chelsea. En hann á heldur ekki von á að verða kallaður aftur til ráðherradóms á þessu kjörtímabili. Jafnvel hörðustu íhaldskjösendurnir sem blaðamaður hitti í gær áttu ekki von á öðru en að Verkamannaflokkurinn myndi áfram halda um stjórnartaumana.

audunn@frettabladid.is

VEÐRIÐ Í DAG


BEST SYÐST EN ÞÓ HELDUR SVALT

Loftið yfir landinu er kalt. Það finna allir. En í göðu skjóli sunnan til á landinu verður alveg þokkalegasta sólbáðsveður og ef menn hafa heitan pott sér við hilið má vel ylja sér í honum og njóta sólarinnar um leið. Fyrir norðan er hálfgerður vetur. Næðingur, sólarlítið og kalt. **HVENÆR HLYNAR ALMENNILEGA?** Ef við erum að tala um tveggja stafa hitatölur almennt séð á landinu þá eru slíkar tölur ekki í kortunum alveg á næstunni. Svona er Ísland í dag!



Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur

Um hádegi í dag



Veðurhorfur í borgum í dag

Kaupmannahöfn	15°C skúrir	Paris	15°C léttskýjað
Osló	13°C skýjað-skúr	Berlín	15°C skýjað-skúr
Stokkhólmur	14°C léttskýjað	Amsterdam	12°C hálfskýjað
Helsinki	12°C hálfskýjað	Madrid	24°C heiðskirt
London	17°C hálfskýjað	Barcelona	21°C heiðskirt
		Alicante	25°C heiðskirt
		Milano	16°C léttskýjað
		New York	14°C skýjað-skúr
		San Francisco	18°C léttskýjað
		Orlando/Florida	28°C skýjað-skúr

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Fellihýsi, tjaldvagnar og húsbílar
SJÁÐU ÞAÐ NÝJASTA!

OPIÐ UM HELGINA



OPIÐ:
laugardag kl. 12-16
sunnudag kl. 13-17

Tjaldvagnaland
SEGLAGERÐIN ÆGIR
Verslaðu við traustan aðila!

EYJARSLÓÐ 5-7 • SÍMI 511 2203 • www.seglagerdin.is

Nýtt í lambakjöti

kryddað að hætti Jóa Fel

Jóa FEL

úrbeinað lambalæri **plankasteik**

Krydduð með rauðu pestó, ólífuolíu og ítalskri kryddblöndu.



Dijon hunangs sósa

Rósapípar sósa

Basil & hvítlauks sósa



TE & KAFFI fjöldin allur af spennandi tegundum



Pagen kanilsnúðar - stórir og ótrúlega góðir



Emmess toppar - Daim- og hnetutoppar

Gildir til 8. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla



KJÖRKASSINN

Fylgist þú með bresku kosningabaráttunni?

Niðurstöður gær dagsins á [visir.is](#)

Já	32%
Nei	68%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Veistu hvað Mannréttindaskrifstofa gerir?

Farðu inn á fréttahluta [visir.is](#) og segðu þína skoðun



616 íraskir lögreglumenn hafa fallið á árinu:

Stöðugt er ráðist á nýja umsækjendur

BAGDAD, AP Enn er ráðist gegn umsækjendum um löggæslustörf í Írak. Í gær féllu ellefu manns í slíkri árás en auk þeirra fórst fjöldi fólks í árásum víða um landið.

Atburðurinn varð í miðborg Bagdad í gærmorgun þegar maður gekk inn í þvögu umsækjenda og kveikti á vítisvél sinni. Ellefu biðu bana og fjórtán særðust alvarlega. Fyrr um morguninn voru gerðar tvær árásir á lögreglumenn í höfuðborginni og lágu níu í valnum eftir þær. Kvöldið áður biðu svo níu hermenn hermenn bana í bíl-

sprengjuárás í Dorah sem er nærri Bagdad.

Áð mati Brooking-stofnunarinnar í Washington hafa 616 íraskir lögreglumenn týnt lífi það sem af er ári.

Ennþá á eftir að manna nokkur ráðherraembætti í Írösku ríkisstjórninni en í gær tilkynnti Ibrahim al-Jaafari forsætisráðherra að búið væri að skipa í hinar mikilvægu stöður olíumálaráðherra. Mihsin Shlash, þingmaður sjá, tekur að sér rafmagnsmálin en Ibrahim Bahr al-Ulom mun leiða olíumálaráðuneytið, rétt eins og hann gerði í ráðgjafar-



FLAK BÍLSINS Í DORAH Billinn sem sprengiefnin voru í flattist út við sprenginguna.

ráðinu sem Bandaríkjamenn en bráðabirgðaríkisstjórnin skipuðu fljótlega eftir innrásina leysti svo af hólmi. ■

Dómur staðfestur:

Má vera veitingahús

DÓMSMÁL Hæstiréttur staðfesti dóm Héraðsdóms Reykjavíkur um að Vesturbrú ehf. hafi verið heimilt að breyta verslunarhúsnæði í veitingahús í fjöleignarhúsi í miðborg Reykjavíkur. Aðrir eigendur í húsinu höfðu kvartað undan því að breytingarnar yllu raski en í eignaskiptayfirlýsingu var þar gert ráð fyrir verslunarhúsnæði.

Héraðsdómur komst hins vegar að því að Vesturbrú hefði verið heimilt að gera þessar breytingar á grundvelli laga um breytingar á hagnýtingu séreignar. - oá

EVROPA

Í SKÓLANN EDA FANGELSI Tvitugur franskur námsmaður var í vikunni dæmdur í fimm mánaða fangelsi fyrir að flytja inn og selja 400 grömm af hassi. Dómarninn ákvað hins vegar að skilorðsbinda refsinguna á þann hátt að ef stúdentinn næði vorpröfunum og héldi síðan áfram námi slyppi hann við refsingu.

BANDARÍKIN

FIMM ÁRA HANDJÁRNADUR Tveir bandarískir lögreglumenn hafa verið leystir frá störfum eftir að upp komst að þeir handjárnðu fimm ára dreng sem lenti í slagsmálum í skólarútu.

Takmarka reið utan vega

Í umhverfisráðuneytinu er verið að leggja lokahönd á endurskoðaða reglugerð um umferð utan vega. Reglurnar verða skýrari og ákveðnari en áður. Þær ná til umferðar bíla, vélknúinna hjóla og hrossa.

UMHVERFISMÁL Hertar og skýrari reglur um akstur utan vega eru í burðarliðnum í umhverfisráðuneytinu. Þar er nú verið að leggja lokahönd á endurskoðun á reglugerð um umferð utan vega. Stefnt er að því að gefa hana út fyrir mánaðamót.

„Við erum búin að kynna drög að endurskoðaðri reglugerð fyrir hagsmunaaðilum,“ sagði Magnús Jóhannsson ráðuneytisstjóri í umhverfisráðuneytinu. „Þeir eru með þau til umsagnar og við eigum von á að fá umsagnirnar á allra næstu dögum.“

Magnús sagði að reglugerðin tæki einkum til miðhálandisins. Umræðan um akstur utan vega hefði fyrst og fremst varðað það svæði. Miðað væri við að reglugerðin yrði komin út áður en umferð um það hæfist. Mikili hefði verið kvartað undan akstri utan vega á hálandinu á síðasta ári. Þar hefðu einkum átt í hlut erlendir ferðamenn.

Magnús kvaðst ekki geta tjáð sig um þær breytingar í smáatriðum sem gerðar yrðu á reglugerðinni, þar sem hún væri enn í vinnslu.

„Núgildandi reglugerð er gamaldags orðin og úr sér gengin. Hún er ekki heldur að öllu leyti í samræmi við lög. Reglurnar verða



VÍÐTÆKARI REGLUR Nýju reglurnar ná ekki einungis til bíla, heldur einnig umferðar vélknúinna hjóla og hrossa.

skýrari og ákveðnari heldur en áður og taka til fleiri þátta en áður,“ sagði Magnús. „Reglugerðin nær ekki einungis til bifreiða, heldur einnig vélknúinna hjóla svo og umferðar hrossa. Markmið hennar verður að skýra hlutina fyrir fólki, þannig að því sé ljósara en áður hvað má og hvað má ekki.“

Magnús sagði að auk endurskoðunarinnar væri verið að leggja drög að því að gera vega- eða slóðakort af hálandinu þar sem skýrt kæmi fram hvar mætti aka. Í framtíðinni gæti fólk orðið sér úti um kort sem sýndi klárlega hvar það mætti vera á ferðinni. „Ráðuneytið hefur styrkt

fræðslu- og áróðursherferðir sem fara í gang í sumar, meðal annars í gegnum Norrænu,“ sagði Magnús. „Allir ferðamenn sem hingað koma fá að líkindum áróðursspjöld. Sömuleiðis verður unnið í þessu í tengslum við bíla-leigurnar.“

jss@frettabladid.is

Sumarhátíð í dag

Nýtt
brother
útsaumsvél



Kynning frá kl. 14-18
Þórhildur Gunnarsdóttir
kynnir nýja 6 nála
útsaumsvél.
Ódýr og einföld.

Sigurlaug Gröndal
kynnir nýjungar í
bútasaums- og
útsaumsvélum

25% afsláttur af öllum fylgihlutum með saumavélum

PFAFF • Husqvarna • SINGER • brother
Saumavélar frá 19.995
Spennandi tilboð á saumavélum.

PFAFF • BORGARLJÓSS

Grensásvegi 13 · 108 Reykjavík · Sími 414 0400 · www.pfaff.is



MICHAEL HOWARD „Eftir því sem Íhaldsflokkurinn barðist harðar, þeim mun meiri skaða olli hann sjálfum sér,“ sagði í Daily Telegraph í gær.

Bretar gengu að kjörborðinu í gær:

Howard nýtur lítils trausts

BRETLAND „Afrek Howards var að byggja sér upp orðstír stjórnmálamanns sem kjósendum gæti líkað enn verr við en Tony Blair.“ Þetta var dómur leiðaragreinar í The Times í gær yfir frammistöðu Michaels Howard, leiðtoga Íhaldsflokksins, í kosningabaráttunni. Um fjórutíu milljónir brezkra kjósenda voru í gær kallaðir að kjörborðinu í 645 kjördæmum til að kjósa nýtt þing eftir átta ára stjórnasetu Verkamannaflokksins undir forystu Tony Blair.

Þrátt fyrir megni óánægju margra kjósenda úr öllum flokkum með það hvernig Blair leiddi Breta til þátttöku í Íraksstríðinu – stuðningsfólki Verkamannaflokksins var boðið upp á nefklemmur til að mæta með á kjörstað – bentu allar skoðanakannanir til að hann myndi halda öruggum þingmeirihluta

þriðja kjörtímabilið í röð. Þær bentu jafnframt til að þetta yrðu fyrstu kosningarnar frá því árið 1974 sem flokkur fengi öruggan meirihluta þingsæta út á innan við fjórutíu af hundraði greiddra atkvæða.

„Eins og í síðustu tvennum kosningum mun kosningakerfið tvímælalaust hjálpa Verkamannaflokknum en gera Íhaldsflokknum og þó sérstaklega Frjálslyndum demókrötum erfitt fyrir,“ segir Daily Telegraph.

Þrátt fyrir að reiknað væri með því að Íhaldsflokkurinn tapaði stórt hefur Michael Howard sagst munu halda áfram, óháð úrslitunum, enda vilja íhaldsmenn forðast að lenda strax í kjölfar kosninganna í hörðum leiðtogaslag, þeim fjórða á átta árum.

- aa

Gáleysislegur akstur: Í fangelsi í mánuð

DÓMSMÁL Maður var dæmdur í Hæstarétti í 30 daga skilorðsbundið fangelsi fyrir gálausan akstur. Þótti maðurinn ekki hafa gætt nægilega að umferð annarra okutækja í sömu átt þegar hann skipti um akrein með þeim afleiðingum að hann ók í veg fyrir bifhjól þannig að okumaður þess kastaðist af hjólinu og slasaðist.


Einnig var maðurinn dæmdur til að greiða sekt að upphæð 80 þúsund krónur. Hæstiréttur mildaði þar með dóm héraðsdóms, sem dæmt hafði manninn í 45 daga skilorðsbundið fangelsi og 150 þúsund króna sekt. - oá

BÚLGARÍA

STUÐ Í GOSBRUNNI Vegfarandi í Sofíu átti sér einskis illa von þegar hann dýfði hendinni ofan í gosbrunn í höfuðborginni í vikunni. Hann fékk þá svo heiftarlegt rafstuð að hann beið þegar bana af. Einangrun um víra í ljósabún- aði brunnsins hafði gefið sig með þessum hörmulegu afleiðingum.

LÖGREGLUFRETTIR

KVEIKT Í DRASLI Lögreglan á Selfossi var kölluð út í fyrrinótt vegna þess að kveikt hafði verið í drasli við frystihúsið á Stokkseyri. Slökkvistarf gekk hratt og örugglega og litlar skemmdir urðu á mannvirkjum.



6.-8 maí Snyrtidagar í Smáralind

Nú er frábært tækifæri til að kynna sér sumarvörurnar í snyrtivöruverslunum í Smáralind.

Nokkur sýnishorn af tilboðum á Snyrtidögum:



Lancome: Stórglæsilegir kaupaukar á Snyrtidögum.
Dior: Tilboð í *CAPTURE 60-80* og *Self Tanner* andlitskremi. Ef þú kaupir litavöru fyrir 2.500 kr. þá fylgir glaðningur með.
Biotherm: Kaupauki fylgir hverri keyptri vöru.
Helena Rubinstein: Falleg snyrtibudda fylgir keyptum maskara.
Guerlain: Taska fylgir keyptri vöru.
Y.S.L.: Nýtt body spray *Opium* kynnt. Taska með bodylotion og ilmi fylgir.
Jean Paul Gaultier: Nýju sumarilmirnir kynntir fyrir dömur og herra.

Kynningar á Snyrtidögum: *Ralph Lauren* - Silver ilmurrinn kynntur.
Þjóðum upp á ráðgjöf í öllum okkar merkjum!



Allir sem versla um þessar mundir fyrir samtals 3.990 kr. eða meira fá sérlega glæsilegan kaupauka.
20% kynningarafsláttur af C-vítamín línunni.



BYLTINGARKENND NÝJUNG!
Frá *BABYLISS* er komið *HÁRLITUNARTÆKI*.
Fullkominn litun í hárið á nokkrum sekúndum. Sjón er sögu ríkari.
Kynningarverð á snyrtidögum er 3.999 kr.



15-25% afsláttur af hárbólsum, sléttujárnnum og rakvélum.
Einnig eru fótanuddtæki og naglasnyrtisett á tilboði.

DEBENHAMS

No Name: Augnskuggabox með 4 augnskuggum fylgir þegar verslað er fyrir 3.900 kr. og meira.
Estée Lauder: Vegleg taska full af snyrtivörum fylgir ef verslað er fyrir 4.200 kr. og meira.
Dior: Nýr sumarilmur frá *J'adore*, kremtilboð og nýr air flash farði.
Shiseido: Kynning á *Body Creator*. Flottur kaupauki fylgir ef verslað er fyrir 4.000 kr.
Biotherm: Flott tilboð á andlits- og líkamskremum.
Lancome: Vegleg kremtilboð. Glæsileg vortilboð á *Lancome* ilmum.
Helena Rubinstein: Sumarleg silkislæða fylgir ef verslað er fyrir 4.900 kr. og meira.
Clinique: Kynning á nýrri glæsilegri hárlínu.
Kanebo: Veglegur kaupauki að verðmæti 4.000 kr. fylgir ef verslað er fyrir 4.900 kr. og meira. Flottir nýir sammlitir.
MAC: Snyrtistofa Jónu í Debenhams:
Kynningar: Frí plokun föstud. og laugard. kl.14-18.
Jean Paul Gaultier - Calvin Klein
Ralph Lauren - Fake Bake brúnkulína.



Í dag: *Gosh* kynning og góður kaupauki. *Karin Herzog* kynning
Á morgun: *Gosh* kynning og *Max factor* kynning frá kl. 13-16.
Góðir kaupaukar. *Karin Herzog* kynning





VEISTU SVARID?

- 1 Hver er forstjóri Tryggingastofnunar?
- 2 Hver verður safnstjóri Listasafns Reykjavíkur?
- 3 Hvað eru tungl Satúrnusar talin mörg?

SVÖRIN ERU Á BLS. 50

Lögreglan í Keflavík göbbuð í útkall í fyrrinótt:

Sagðist ætla að fyrirfara sér

LÖGREGLUMÁL Lögreglan í Keflavík fékk upphringingu í fyrrinótt frá manni sem sagðist vera í smábátahöfninni í Grófinni í þeim tilgangi að fyrirfara sér. Lögreglu lið var umsvifalaust sent á staðinn en þegar það kom í höfnina var enginn þar. Þá hóf lögreglan að leita í öðrum höfnum í Reykjanesbæ til að losa sig við allan grun, en án árangurs.

Í ljós kom að símtalið kom úr óskráðu símanúmeri og hringt hafði verið frá Reykjavík, greinilega í þeim tilgangi einum að narra lögregluna. Lögreglan lítur mál sem þessi mjög alvarlegum augum og hyggst reyna að komast til botns í málinu.



SMÁBÁTAHÖFNIN Í KEFLAVÍK Maður hringdi í lögreglu og sagðist ætla að stökkva í höfnina.

Nokkuð annasamt var hjá Keflavíkurlögreglunni í fyrrinótt og þurfti hún að hafa afskipti af nokkrum ölvuðum einstaklingum

og keyra einhverja heim sem höfðu sofnað á öldurhúsum bæjarins. Annars var rölegt að mestu hjá lögreglu um land allt í fyrrinótt. - óá

Árekstur á Akureyri:

Bílarnir öökufærir

BÍLSLYS Nokkuð harður árekstur varð á gatnamótum Gránufélagsgötu og Glerárgötu á Akureyri laust eftir hádegi í gær. Þar rákust saman jeppabifreið og fólksbíl með þeim afleiðingum að öku maður fólksbílsins slasaðist nokkuð. Var hann fluttur til aðhlynningsar á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri en slapp þó við alvarleg meiðslu og fékk að fara heim til sín eftir rannsókn.

Að sögn lögreglunnar á Akureyri voru báðar bifreiðarnar öökufærar eftir áreksturinn og voru því fluttar burt með krana-bílum. - óá

Breytingar LSH löglegar:

Sýknaður af kröfum

DÓMSMÁL Hæstiréttur sýknaði Landspítala – háskólasjúkrahús af kröfum hjúkrunarfræðings sem taldi ólöglegar breytingar hafa verið gerðar á starfi hennar og verksviði þegar Landspítalinn og Borgarspítalinn sameinuðust. Hjúkrunarfræðingurinn vildi meina að öll meðferð hennar mála hefði verið verulegum annmörkum háð.

Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að breytingarnar hefði verið byggðar á málefnalegum og lögmaetum sjónarmiðum. Hins vegar var spítalanum gert að greiða konunni hálf milljón í vangaidda yfirvinnu auk dráttarvaxta. - óá

Ekið á stúlku á Akureyri:

Slapp vel

UMFERDARSLYS Ekið var á stúlku á tíunda ári á Hörgárbraut á Akureyri um fjögurleytið í gær. Stúlkun var á hjóli og var á leið yfir gangbraut þegar bíll kom aðvifandi og ók á hana. Sem betur fer var bíllinn ekki á mikilli ferð og stúlkun með hjálm.

Stúlkun meiddist lítillega við slysið og var flutt á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri til aðhlynningar. Að sögn lögreglu varð hún þó ekki fyrir neinum alvarlegum meiðslum og fær líklega að fara heim fljótlega. - óá

LÖGREGLUFRETTIR

BÍLVELTA Bíll valt á veginum í Langadal um sexleytið í gærkvöld. Tveir farþegar og öku maður voru í bílnum en engin alvarleg slys urðu á fólki. Fólkið var flutt til Akureyrar til frekari aðhlynningar.



DRENGIR Í PAKISTAN SKOÐA FRÉTTIR UM HANDTÖKU AL-LIBBI Abu Faraj al-Libbi er nú í haldi leyniþjónustunnar á ótilgreindum stað. Hann náðist af leyniþjónustumönnum sem klæddust búrkum, kvenbúningi strangtrúaðra íslamskra kvenna.

Hægri hönd Osama bin Laden gripin

Handtöku Abu Faraj al-Libbi í Pakistan á mánudaginn hefur verið fagnað af þeim sem heyja svonefnt stríð gegn hryðjuverkum. Hann er sagður vera þriðji valdamesti maðurinn í al-Kaída.

AL-KAÍDA Abu Faraj al-Libbi sem nú er í haldi pakistanskra yfirvalda er talinn vera þriðji hæst setti maðurinn í al-Kaída hreyfingunni. Yfirvöld vonast til að hann veiti mikilvægar upplýsingar um áform og íverustaði félaga sinna.

Handtöku al-Libbi í bænum Mardan í norðvestanverðu Pakistan á mánudaginn bar til með ævintýrlegum hætti. Þarlendir leyniþjónustumenn íklæddir búrkum, kvenbúningi strangtrúaðra íslamskra kvenna, stöðvuðu mótorgjól hans en þá tók al-Libbi til fótanna og hljóp inn í nálægt hús. Hann bað húsráðendur að skjóta yfir sig skjólshúsi þar sem hann væri „heilagur stríðsmaður“ en þá flæmdu leyniþjónustumennirnir alla út með táragsi.

Al-Libbi er nú í haldi á ótilgreindum stað og yfirheyra pakistanskir leyniþjónustumenn hann dag og nótt. Tvær spurningar eru lagðar fyrir hann í sífellu: „Hvar er bin Laden?“ og „hvar eru áform ykkar?“ Í fyrstu var al-Libbi þögull sem grófin en upplýsingamálaráðherra Pakistans sagði í samtali við BBC að hann væri farinn að upplýsa um ýmislegt athyglisvert.

Þótt ekkert eiginlegt skipurit sé til í al-Kaída er Abu Faraj al-Libbi talinn næstur völdum þeim Osama bin Laden og Ayman al-Zawahri. Hann var eftirlýstur í Pakistan fyrir að reyna að ráða Pervez Musharraf, forseta landsins, af dögum og voru rúmar tuttugu milljónir króna settar honum til höfuðs.

George W. Bush Bandaríkjaforseti hefur fagnað handtökunni en yfirvöld í Washington hafa eflaust áhuga á að fá al-Libbi fram-seldan. Pakistanar vilja hins vegar dæma hann sjálfir vegna morðtilraunarinnar við Musharraf. Khalid Sheikh Mohammed, sem áður var þriðji valdamesti maður al-Kaída og var handtekinn fyrir tveimur árum, er í vörslu Bandaríkjamanna og segja yfirvöld að hann hafi gefið mjög mikilvægar upplýsingar um samtökin. Bin Laden og al-Zawahri leika á hinn bóginn enn lausum hala og er talið að þá sé einhvers staðar að finna á hinum fjöllóttum landamærum Afganistans og Pakistans.

svainng@frettabladid.is

Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar:

Óþinglýstur samningur

DÓMSMÁL Kröfu Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar á hendur leigusölum sínum var vísað frá í Hæstarétti á grundvelli þess að leigusamningnum var aldrei þinglýst. Hitaveitan taldi sig eiga forkaupsrétt á landspildu samkvæmt leigusamningi en þegar eigendur landsins seldu reyndist forkaupsrétturinn ekki standast fyrir dómi.

Hitaveitan krafðist þess að fá að kaupa spilduna á verði í réttu hlutfalli við verðið sem eigendurnir fengu fyrir landið allt. En þar sem samningurinn var ekki þinglýstur var hinn nýi landeigandi grunlaus um forkaupsréttinn og því stóðst krafa hitaveitunnar ekki fyrir dómi. - óá

Einkavæðing ríkisins:

Flugskólinn seldur

VÍÐSKIPTI Íslenska ríkið hefur nú selt allan hlut sinn í Flugskóla Íslands hf. til þriggja aðila sem standa í flugrekstri og er skólinn því orðinn einkavæddur að öllu leyti.

Flugskólinn var stofnsettur árið 1998 en auk ríkisins komu fjölmargir aðrir aðilar að stofnun og uppbyggingu skólans. Fyrir stofnun hans var öll flugkennsla á höndum Flugmálastjórnar. - aðe

STÉTTARFÉLÖG

KONUR OFTAR Á NÁMSKEIÐ Konur eru mun duglegri en karlar að sækja um styrki til starfsmenntunar í sjóði Verkalýðsfélags Húsavíkur að því er fram kemur á vef félagsins. Konur eru 75 prósent styrkþega en karlar 25 prósent. Nær þriðjungur styrkþega er á aldrinum 41 til 50 ára.

Athugasemdir við samgönguáætlun:

Óréttlát skipting

SAMGÖNGUR Bæjarstjórnir á höfuðborgarsvæðinu ásamt borgarstjóra mótmæla skiptingu vegafjár. Þeir afhentu samgöngunefnd Alþingis sameiginlega athugasemdir sínar í byrjun vikunnar. Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, segir að bæjarstjórnir og borgarstjórnir geri alvarlegar athugasemdir við það að höfuðborgarsvæðið fái einungis fimmtung vegafjár til samgöngubóta. „Menn hafa miklar áhyggjur af vaxandi umferðarþunga þegar horft er til stofnbrauta og þjóðbrauta til og frá höfuðborgarsvæðinu. Þegar í febrúar var afstaða okkar ljós, en þá áttum við fund um samgöngumálin með þingmönnum og fulltrúum Vegagerðarinnar,“ segir Lúðvík.

Gunnar I. Birgisson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og verðandi bæjarstjóri í Kópavogi, fagn-



LÚDVÍK GEIRSSON BÆJARSTJÓRI HAFNARFJARÐAR Forystumenn sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu mótmæla sameiginlega skiptingu vegafjár.

ar framtaki bæjarstjórnanna. Hann lagði fram eigin vegaáætlun í þingflokki Sjálfstæðisflokksins í fyrradag, en þar voru samgöngumálin til umræðu.

Samgönguáætlun er til umræðu í samgöngunefnd Alþingis í dag. - jh

Það verður opið fyrir

Vorbúhnykkur

á morgun.

Vorbúhnykkurinn er í fullum gangi og þess vegna verður mikið um að vera í verslun okkar **á morgun, laugardag.**

Það verður opið frá 11 til 16.

Láttu sjá þig og gerðu góð kaup.

Heitt á könnunni.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 • 105 Reykjavík
Sími 520 3000 • www.sminor.is

Vinsælasti vorboðinn er kominn til landsins



ÍSLENSKA AUGSÝNINGASTOFAN/SÍJALIS TOY 20106 02/2005

Nýr Corolla - fjölskyldubíll sumarsins

Komdu og sjáðu. Nýr Corolla uppfyllir ströngustu kröfur vandlátra kaupenda um gæði, háþróaðan tæknibúnað og frábæra aksturseiginleika. Þess vegna hafa Íslendingar tekið Corolla fram yfir aðrar tegundir. Þeir vilja fá það sem skiptir mestu máli: Hagstætt verð, traust, öryggi og bíl sem er frábær í endursölu.

Verð frá 1.755.000 kr.

Komdu við, skoðaðu og fáðu að reynsluaka nýjum Corolla.



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Opið hús hjá SVFR

Föstudaginn 6. maí

- Sverrir Kristinsson segir sögur m.a. af Einari prentara
- Myndagetraun - gestir spreyta sig á að þekkja veiðistaði
- Veiðisögur - Páll Magnússon lætur nokkrar góðar flakka
- Veiðistaðalýsing - Stóra Laxá I og II í umsjón Lofts Atla Eiríkssonar
- Vísuþotnakeppni
- Bjarni töframaður galdrar og sprellar
- Happahylurinn hefur sjaldan verið pakkaðri og er nú í boði Veiðihornsins.

Veitingar á vægu verði og heitt á könnunni.

Húsið opnar klukkan 20.00

Nýju „stelpurnar“ í skemmtinefndinni



Teflt til sigurs með Össuri

Stuðningsmenn Össurar Skarphéðinssonar í formannskjöri bjóða til skákmóts í Iðnó á laugar- daginn, 7. maí klukkan 13. Mótið er öllum opið og verða veitt ýmis verðlaun.

Fyrstu verðlaun eru utanlandsferð en meðal annarra verðlauna eru bækur frá Bjarti, geisladiskar frá Sonet og kort fyrir tvo í unaðsreitum SPA laugum.

Sérstök verðlaun eru fyrir bestan árangur barna á grunnskólaaldri og fyrir bestan árangur skákmanna 60 ára og eldri. Tefldar verða sjö umferðir eftir Monrad-kerfi og er umhugsunartími 7 mínútur fyrir hverja skák. Þátttaka er ókeypis.

Skráning fer fram í Iðnó milli kl. 12.15 og 13 á laugardaginn og eru áhugasamir hvattir til að mæta tímanlega. Mótinu lýkur um klukkan 15.30.

Á réttri leið

Sími stuðningsmanna

517 6705

Hreggviður Jónsson forstjóri Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins:

Rengir ekki Hróbjart lögmenn

LAGAFRAMKVÆMD „Það er veigamikill munur hvað löggjöfina varðar á tóbaki annars vegar og áfengi hins vegar,“ segir Höskuldur Jónsson, forstjóri Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins.

Hróbjartur Jónatansson hæstaréttarlögmaður sagði í kjölfar nýfallins dóms um útstillingu og umfjöllun um tóbak að væru sömu reglur heimfærðar upp á áfengislöggjöfina þætti honum sýnt að ÁTVR bryti þá löggjöf. Benti hann máli sínu til stuðnings á að ÁTVR gæfi út Vínblaðið en í áfengislögum væri skýrt að hvers kyns auglýsingar á áfengi væru bannaðar.



TVENNT ÓLÍKT Forstjóri ÁTVR útilokar ekki að Hróbjartur Jónatansson hafi rök fyrir máli sínu þegar hann segir ÁTVR brjóta áfengislöggjöfina.

Höskuldur rengir ekki orð Hróbjarts en segir að munur sé á löggjöf tóbaks og áfengis. „Þetta er sjálfsagt lögfræðilegt mat hjá honum en skýrt er að sérlög gilda um þennan ósýnileika tóbaks sem ekki á við um áfengið. Í því liggur munurinn að okkar mati en ég útiloka ekki að Hróbjartur hafi góð og gild rök fyrir máli sínu.“ - aðe

Spenna um afgreiðslu fyrningarfrumvarps

Frumvarp um afnám fyrningarfrests í kynferðisbrotamálum gagnvart börnum verður tekið fyrir í allsherjarnefnd í dag. Spenna ríkir um það hvernig málið verður afgreitt og hvort Jónína Bjartmarz styðji frumvarpið.

ALÞINGI Ýmislegt virðist koma til greina varðandi afgreiðslu frumvarpsins. Bjarni Benediktsson, formaður allsherjarnefndar, segir að nefndin geti tekið ákvörðun um að vinna málið enn frekar, hún geti fallist á það eða gefið frá sér nefndarálit þar sem hún vísi því til dómsmálaráðuneytisins. Þá geti nefndarmenn haft ólíkar skoðanir á því hvernig málið eigi að vera afgreitt. „Það er allt uppi á borðinu þar til það er komin einhver niðurstaða,“ segir hann.

Bjarni vill ekki tjá sig um það hvernig líklegt er að nefndin taki á málinu eða hvort einhverjar breytingatillögur séu í farvatninu. „Það verður að koma í ljós,“ segir hann og kveðst margoft hafa sagt að hann hafi skilning á þessu máli en hugmyndin gangi of langt. „Ég hallast að því að það eigi að skoða aðrar leiðir eins og að láta fyrninguna hefjast fyrr,“ segir hann og nefnir sem dæmi við 18 ár eins og á hinum Norðurlöndum um í stað 14 eins og hér.

Jónína Bjartmarz segir líka ýmislegt koma til greina, meðal annars megi hugsa sér að koma með breytingatillögur eða taka málin til heildarskoðunar en hún vill ekki segja neitt um það hvort hún muni styðja frumvarpið á fundinum eða leggja fram breytingatillögur. Jónína hefur áður lýst velvilja sínum til frumvarpsins og hún ætlar að sjálfsgöðu að koma á fundinn.

„Það er engin ný afstaða sem ég hef til þessa máls,“ segir hún. „Ég vil breyta þessari fyrningar-



JÓNÍNA BJARTMARZ Jónína hefur lýst velvilja sínum til frumvarps um afnám fyrningarfrests í kynferðisbrotamálum gagnvart börnum.

reglu og hef fært rök fyrir því hvers vegna. Það eru börn sem eiga í hlut.“

„Lítillræðis lenging á fyrningarfresti kemur ekki til greina. Það gefur þessum einstaklingum ekki

neitt,“ segir Ágúst Ólafur Ágústsson, flutningsmaður frumvarpsins. Hann kveðst þó verða að sjá breytingatillögur áður en hann tekur afstöðu til þeirra.

ghs@frettabladid.is

Karl Garðarsson ritstjóri:

Blaðið kemur út í dag

FJÓLMIBLUN Nýtt dagblað, Blaðið, hefur göngu sína í dag. Blaðinu verður dreift með póstinum og berst það til einstaklinga og fyrirtækja á tímabilinu frá nú og fram yfir hádegi. Dreifingin verður fyrst um sinn til allra heimila og fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu en dreifingin verður fljótlega aukin.

Karl Garðarsson, ritstjóri Blaðsins, segir að blaðið leggi áherslu á fréttir um daglegt líf fólks. „Við ætlum að vera með fréttir sem höfða til sem flestra. Við erum með hefðbundnar fréttir og fréttir af mannlífi og áhugamálum fólks.“

Blaðið kemur út fimm daga vikunnar og er því dreift ókeypis. Það liggur frammi á öllum Esso-stöðvum.

Um 25 til 30 starfsmenn vinna hjá útgáfufélaginu ÁR og dagar, sem gefur Blaðið út. Karl Garðarsson verður ritstjóri þess fyrst um sinn.



KARL GARÐARSSON RITSTJÓRI „Við ætlum að vera með fréttir sem höfða til sem flestra,“ segir Karl Garðarsson sem verður ritstjóri Blaðsins fyrst um sinn.

Oasis



Oasis Kringlunni hefur nú fengið nýtt
og stórglæsilegt útlit
opnum í dag eftir breytingarnar.

Verið velkomin
starfsfólk Oasis



ÓHAGRÆÐI Það getur verið óskemmtilegt að búa á Vesturbakka Jórdanárinnar, eins og þessi ísraelski landnemi fékk að kynna í gær. Þá hafnaði heimatilbúin eldflaug í þakinu hjá honum en til allrar hamingju sprakk hún þó ekki.

Valdaframsal til Palestínumanna stöðvað:

Bakslag hlaupið í friðarferlið

JERUSALEM, AP Ísraelar munu ekki láta stjórn fleiri bæja á Vesturbakkanum í hendur Palestínumanna, að sögn varnarmálaráðherra landsins.

Shaul Mofaz, varnarmálaráðherra Ísraels, lét þá skoðun sína í ljós á fundi öryggisráðs landsins í fyrradag að ekki væri óhætt að fela Palestínumönnum stjórn fleiri bæja til viðbótar við Jeríkó og Tulkarem á Vesturbakkanum, þar sem þeir hefðu ekki staðið við gefin loforð um að afvopna uppreisnarmenn. Undir þetta tók Ophir Pines-Paz innanríkisráðherra. Hins vegar er ekki vitað

um afstöðu Ariels Sharon forsætisráðherra til málsins.

Palestínskur yfirmaður öryggismála á Gaza-svæðinu sagðist ekki hafa nein áform um að afvopna uppreisnarmenn en hvatti þá engu að síður til að halda sig til hlés.

Vopnahlé Palestínumanna og Ísraels hefur staðið yfir síðan í febrúar og fyrir nokkrum vikum tóku þeir fyrrnefndu yfir stjórn bæjanna tveggja. Þótt dregið hafi úr ofbeldi hefur nokkur spenna ríkt á milli þjóðanna. Til dæmis urðu Ísraelar æfir eftir að lögreglan á Gaza-ströndinni sleppti meintum Hamas-liða sem hafði



GRUNNT Á ÞVÍ GÓÐA Palestínumenn mótmæla á róttækán hátt uppsetningu aðskilnaðarmúrs Ísraels á Vesturbakkanum.

fjöldi vopna í bíl sínum, aðeins flaugum var skotið yfir landa- nokkrum mínútum eftir að eld- mærin til Ísraels. ■

Pingeyjarsveit:

Vill Vaðlaheiðargöng

SVEITARSTJÓRNARMÁL Sveitarstjórn Pingeyjarsveitar telur áriðandi að Vaðlaheiðargöng komist nú þegar á samgönguáætlun og að nauðsynlegt sé að breyta veglínu Norðausturvegar þannig að stytting nái á leiðinni milli Reykjavíkur og Akureyrar.

Hefur sveitarstjórnin fjallað ítarlega um frumvarp til samgönguáætlunar sem Sturla Böðvarsson samgönguráðherra hefur lagt fram og gerir hún athugasemdir við að mörg brún verkefni innan sveitarfélagsins séu ekki á dagskrá á næstunni.

- aðe

Afganistan:

Hart barist

KABÚL, AP Til mjög harðs bardaga kom í vikunni í suðaustanverðu Afganistan þegar bandarískir og afganskir hermenn gengu milli bols og höfuðs á uppreisnarmönnum. 64 skæruliðar týndu lífi í átökunum og einn hermaður.

Að sögn talsmanns Bandaríkjahers í landinu voru margir talibánar í hópi uppreisnarmannanna en skilríki nokkurra þeirra gáfu einnig til kynna að útlendingar væru þar á meðal, til dæmis Pakistanar og Tsjetsjenar. ■

Útboðið tveimur árum of seint

Veitingahúsinu í Viðeyjarstofu var lokað fyrir tæpri viku enda veitingamaðurinn langþreyttur á vanefndum borgaryfirvalda. Engir sóttu um reksturinn í útboði sem haldið var tveimur árum síðar en lofað var.

BORGARMÁL „Ég lokaði dyrunum fyrir viku og nú er enginn veitingarekstur lengur í Viðey,“ segir Steinar Davíðsson, sem rekið hefur veitingaþjónustu þar í um tíu ár. Nýlega var rekstur veitingahúss í Viðeyjarstofu boðinn út af hálfu Reykjavíkurborgar heilum tveimur árum eftir að það stóð til fyrst en engir sóttu um og alls óvíst hvað framtíðin ber í skauti sér.

Steinar er ómyrkur í máli þegar kemur að borgaryfirvöldum sem hann segir að hafi tjáð sér fyrir tveimur árum að til stæði að bjóða allan veitingarekstur í eyjunni út. „Svo leið og beið og ekkert gerðist fyrr en nú í mars að allt í einu kemur tilkynning um að útboð stæði fyrir dyrum. Þennan tíma hef ég þurft að halda fyrirtæki mínu á floti þrátt fyrir að sjá fram á að þurfa að hætta hvenær sem er á þessum tveimur árum og það segir sig sjálft að það er ekki auðvelt verk. Ég fækkaði starfsfólki strax og þetta lá fyrir vorið 2003 og dró saman seglin eins og mér var unnt og auglýsti eðli málsins samkvæmt ekki neitt þar sem verið gat að mér yrði gert að yfirgefa staðinn með litlum fyrirvara. Um haustið bólaði ekki á neinu og ég bauðst til að starfa áfram meðan verið væri að vinna



VIÐEYJARSTOFA Ferðamönnum hefur sífækkað í Viðey. Þeir sem eyjuna heimsækja verða nú að hafa með sér nesti enda engin veitingaþjónusta lengur í eyinni. Borgarminjavörður segir viðræður standa yfir um veitingarekstur í eyinni.

forvinnu að útboðinu. Síðan líður allt árið 2004 án þess að ég heyrni neitt og allt í einu nú í mars er auglýst útboð samhliða útboði á ferjuflutningunum hér út í eyju.“

Guðný Gerður Gunnarsdóttir borgarminjavörður, sem hefur með málefni Viðeyjar að gera, segir þetta ekki alls kostar rétt.

Steinari hefði verið gert ljóst að veitingarekstur í Viðey yrði boðinn út í ársbyrjun 2005. Bendir hún á að Reykjavíkurborg hafi staðið alls kostar við samning þann er gerður var við Steinar en hið sama sé ekki hægt að segja um veitingamanninn sem skuldi borginni stórfé vegna leigu og það

sé ástæða þess að samningi við hann var rift.

Gerður segir að yfir standi viðræður við sterkan aðila um að taka að sér veitingarekstur í Viðey og standa vonir til að betur gangi hjá þeim aðila en verið hefur hjá Steinari og hans fyrirtæki.

albert@frettabladid.is

Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra:

Endurhæfing er forgangsmál

HEILBRIGÐISMÁL „Já, ég tel þetta mjög áriðandi mál og til mikils að vinna,“ sagði Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra, spurður um hvort uppbygging starfsendurhæfingar væri eitt af forgangsmálum hjá stjórnvöldum nú.

Fréttablaðið hefur greint frá niðurstöðum óbirtrar skýrslu ráðherraskipaðs starfshóps um stöðu og þörf á endurbótum í starfsendurhæfingu.

Í hópnum sátu meðal annarra fulltrúar Tryggingastofnunar, lífeyrissjóðanna, Samtaka atvinnulífsins, Alþýðusambands Íslands, Vinnuálagstofnunar og félagsmálaráðuneytis.

Niðurstaðan var sú að stóratök þyrfti í málaflokknum til að ná viðunandi árangri. Þetta er angí af umræðu um stórfjöldun öryrkja á síðari árum, en endurhæfing er veigamikill þáttur til að koma fólki aftur út í atvinnulífið.

„Við viljum efna til víðtæks samstarfs um þetta verkefni,“ sagði ráðherra, sem kvað marga hafa sýnt áhuga á því.

„Við erum að athuga hvort skynsamlegt sé að setja upp miðstöð starfsendurhæfingar. Þá er þetta spurning um fjármuni. Nú er verið að vinna að fjárlagagerð



HEILBRIGÐISRÁÐHERRA Jón Kristjánsson segir afar áriðandi að stuðla að því að fólk komist aftur út á vinnuárkaðinn, með aukinni starfsendurhæfingu.

fyrir næsta ár og þetta er eitt af þeim málum sem við leggjum áherslu á.“

- jss

Fjarski í fullum rétti:

Má selja þjónustu

DÓMSMÁL Samkvæmt úrskurði Hæstaréttar var Fjarski ehf. í fullum rétti er fyrirtækið leigði út fjarskiptarásir í skúr sem það á á landareign Reykjavíðar.

Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að samkvæmt samningi frá 1971 sem íslenska ríkið gerði við eigendur jarðarinnar um nýtingu jarðhita og byggingu mannvirkja því tengdu á Kröflusvæðinu var Fjarska fullheimilt að nýta skúrinn að vild.

Landeigendur kröfðust auka greiðslna fyrir áframsölu Fjarska á fjarskiptarásunum en enginn fótur þótti fyrir því í gildandi samningi. Því vísaði Hæstiréttur kröfum landeiganda frá og gerði þeim að greiða málskostnað Fjarska.

- óá

BÚLGARÍA

HERINN KALLAÐUR HEIM FRÁ ÍRAK

Búlgarska þingið samþykkti í gær að fækka í herliði sínu í Írak en 460 búlgarskir hermenn eru þar við störf. Fyrsta kastíð verða rúmlega fimmtíu manns kallaðir heim en reiknað er með að í árslok verði enginn hermaður eftir í landinu. Andstaða við hernámið í Írak er talsverð í Búlgaríu en sextán Búlgarar hafa látið þar lífið síðan í upphafi stríðs.

FJÖLSKYLDA Í VESTMANNÆYJUM MISSTI HÚSNÆÐIÐ OG ALLT INNBÚ EFTIR FIKT SONARINS:

Tveggja ára drengur kveikti í húsi fjölskyldunnar í Eyjum

„Guðs blessun að allir sluppu heilir“

DV – hefur þú séð DV í dag?



Bygging íþróttamannvirkis Mosfellsbæjar við Lágafellsskóla:

Óánægja með fyrirhugaðar breytingar

SVEITARSTJÓRNARMÁL „Þarna er að mínu mati um mikla skammssýni að ræða enda verður engu breytt eftir að framkvæmdir hefjast,“ segir Jón Eiríksson, íþróttakennari við Lágafellsskóla. Sökum mikils kostnaðar við byggingu fyrirhugaðrar íþróttamiðstöðvar við skólann íhugar Mosfellsbær að láta byggingu minna hús en til stóð í upphafi.

Tilboði lægstbjóðanda í byggingu miðstöðvarinnar var tekið fyrir mánuði síðan en tilboðið hljóðaði upp á 875 milljónir króna. Var það um hundrað milljónum dýrara en ráð var fyrir gert og gerði minnihlutinn í bæjarstjórn

strax athugasemdir við að farið yrði í slíka framkvæmd að óbreyttu enda vandséð hvaðan hið aukalega fjármagn ætti að koma. Var gerð tillaga um smækkun gólfsvæðis til að minnka kostnað en það þýðir að gólfplötur hússins verður á stærð við körfuboltavöll í stað handboltavallar.

Þetta telur Jón vera afdrifarík mistök sem menn muni sjá eftir þegar fram líða stundir. „Þetta takmarkar notagildi hússins til muna hvað íþróttakennslu varðar og er ekki í samræmi við stefnu bæjarins að standa öðrum framfar hvað hreyfingu og íþróttaiðkun bæjarbúa varðar.“

-aöe



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÍÞRÓTTAHÚS HOFSTADASKÓLA Í GARÐABÆ Upphaflega gerðu áætlanir Mosfellsbæjar ráð fyrir svipuðum sal við Lágafellsskóla en allt bendir til þess að hann verði talsvert minni þegar upp verður staðið.



KULDI Í HJÓNABANDINU Christopher Cummings og Charity O'Brien frá Missouri-riki í Bandaríkjunum gengu í það heilaga á dögunum. Athöfnin og veislan fóru fram á Mendenhall-jöklinum í Alaska.



ÍRENEUS PATRÍARKI Undirsátar Íreneusar eru æfir yfir láni hans á kirkjumunum.

Orþódoxar:

Hart deilt á patriáarkann

JERÚSALEM, AP Harðvítugar deilur eru komnar upp í grísku rétttrún- aðarkirkjunni í Ísrael eftir að upp komst að Íreneus patriarki í Jerúsalem hefði lánað verðmæta kirkjumuni til landnema í austurhluta borgarinnar. 13 biskupar og 25 aðrir klerkar vilja að Íreneus segi af sér vegna málsins þar sem hann hafi með láninu á mununum blandað sér í deilur Ísraels og Palestínumanna.

Íreneus segir sjálfur að mótstöðumenn sínir séu „ormar og rusl,“ og hyggst ekki gefa þumlung eftir í málinu.

Sá sem ritaði undir leigusamninginn fyrir hönd Íreneusar er eftirlýstur af yfirvöldum í Grikklandi fyrir fjárdrátt og peningaþvætti. ■

Texas-þing:

Lög gegn klappstýrum

BANDARÍKIN Ríkisþing Texas hefur sett lög sem banna eggjandi tilburði klappstýra í skólum ríkisins. Samkvæmt lögnum verður strangt eftirlit haft með klappstýrum og fari þær yfir strikið geta yfirvöld skipað skólastjórum að stöðva athæfið.

Þingmenn sem börðust fyrir að lögin yrðu sett segja að þeim hafi misboðið að sjá fáklæddar unglingsstúlkur hrista kroppinn í svipuðum dúr og nektardansmeyjar. Andstæðingar laganna telja hins vegar að þingið ætti frekar að fjalla um mikilvægari mál en þetta. ■

LÖGREGLUFRÉTTIR

DAUÐ HREINDÝR Lögreglan á Vopnafirði rannsakar nú dráp á tveimur hreindýrum og tveimur álfum sem fundust skotin á Vopnafjarðarheiðinni á miðvikudag. Dýrin höfðu öll fallið fyrir riffilsskotum. Eins og kunnugt er eru álfir friðaðar og leyfi þarf til að skjóta hreindýr.

Hlauptu með Asics í sumar!

- einfaldlega betri hlaupaskór



KAYANO

TOPPURINN FRÁ ASICS. HLAÐNIR ÖLLUM HUGSANLEGUM TÆKNIBÚNAÐI!



NIMBUS

ALHLIÐA HLAUPASKÓR MED STYRKINGUM Í HÆL OG UNDIR TÁBERGI.



2100

INNANFÓTARSTYRKTIR HLAUPASKÓR MED GELPUÐUM Í HÆL OG UNDIR TÁBERGI.

SÉRFRÆÐINGUR FRÁ ASICS VEITIR RÁÐGJÖF UM HELGINA Í KRINGLUNNI

- FÖSTUDAG 15 - 18
- LAUGARDAG 15 - 18
- SUNNUDAG 15 - 17

- TÆKNILEGIR YFIRBURÐIR
- Í REYKJAVÍKURMARAFONINU ERU MEIRA EN 50% HLAUPARA Á ASICS SKÓM SKV. KÖNNUN Á HLAUP.IS

Björn Margeirsson - margfaldur Íslandsmeistari í 800 og 1500 metra hlaupi hleypur á Asics

ÚTILÍF

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

Sjóðheit



3.490,-

BÅLSÖ blómapottur
Ø50 H35 sm



890,-

HÖÖ
gærðlukt
H107 sm




495,-

KUNGSHATT
gærðskraut 22 sm



11.900,-

IKEA/PS SVINGA
róla 100x140 sm, stál og plast,
þolir mest 400 kg




695,-

SÅLSÖN sessa 44x44 sm



990,-

FORÖN sessa
úr bananalaufum 38 sm



FAGELÖ
gærðskraut
H113 sm

1.490,-



295,-

OX-EYE-DAISY
gerviblóm



390,-

SKATÖN skrautsteinar
2 stk. 15 sm



790,-

BETTNA
blómabox 54x24 sm



8.900,-

KVARNÖ
stóll



12.900,-

KVARNÖ
borð 100x100 sm



6.500,-

KVARNÖ
bekkur 100x34 sm

Draumasumar

Laugardaga kl. 10:00 - 18:00 | Sunnudaga kl. 12:00 - 18:00 | Mánudaga - föstudaga kl. 10:00 - 18:30 | www.IKEA.is

Ít sumar



1.990,-

IKEA/PS VÄGÖ hægingastóll 1.990,-
IKEA/PS VÄGÖ skemill 990,-




790,-

SKATÖN garðskraut ýmsir litir H37 sm



495,-

REVELN blómapottur
Ø20 H21 sm



1.490,-

SKINA ljósagardína



295,-

ODLA 30 sm bakki
með 3 blómapottum 7 sm



1.190,-

FANÖ
blómapottur Ø40 H15 sm



7.900,-

VÄSMAN borð
með glerplötu Ø100 sm



1.990,-

VÄSMAN stóll ýmsir litir



990,-

FÄNÖ blómapottur
Ø31 H25 sm



490,-

390,-

RÖNÖ skrautsteinn tvær gerðir 20 sm/36 sm



4.900,-

IKEA/PS BETSÖ grill
ryðfritt stál Ø35 H50 sm



1.990,-

TISTELÖ bali Ø34 H36 sm



490,-

IKEA Restaurant





ROK OG RIGNING Mikil óveður gerði í Bangladesi í gær og áttu íbúar höfuðborgarinnar Dakka fótum fjór að launa.

Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri:

Kantbitarnir steyptir

FJARÐABYGGÐ Búið er að negla niður 380 metra stálþil í nýju höfninni í Reyðarfirði. Verið er að steypa kantbitana á það og á því verki að vera lokið 1. júlí. Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri segir að líklega klárast verði ekki þá en hægt verði að athafna sig á 100 metra kafla eins og alverssamningarnir geri ráð fyrir.



GUÐMUNDUR BJARNASON Bæjarstjóri Fjarðabyggðar.

„Þeir ætla að nota höfnina til þess að geta skipað í land byggingarefnum og það verður hægt á réttum tíma. Þarna er núna verið að semja við fyrirtæki um að

byggja undirstöður fyrir löndunarkrana. Það klárast í haust en höfnin á að vera tilbúin haustið 2006.

Hátt í 15 manns vinna við hafnargerðina á vegum Arnarfells og Gáma- og tækjaleigu. Í haust og á næsta ári verða tengdar framkvæmdir boðnar út.“

Guðmundur segir að höfnin sé fjármögnuð til helminga af ríki og sveitarfélagi. Þegar hafi verið teknir 1,2 milljarðar í lán en gert sé ráð fyrir að lántaka verði í lágmarki á næsta ári. „Það eru engar stórar lántökur í farvatninu.“



HAFNARFRAMKVÆMDIR Á REYÐARFIRÐI Stálþil hefur verið rekið niður í nýju höfninni á Reyðarfirði. Í sumar verður hægt að skipa byggingarefnum í land.



GRÍÐARLEG EFTIRSPURN Hátt í sjöttu aðilar lögðu inn umsókn um þær tíu lóðir sem Akureyrarbær bauð út í gær.

Úthlutun á Akureyri:

Sex um hverja lóð

ÚTHLUTUN Mikil eftirspurn er eftir lóðum víðar en á Suðvesturlandi, eins og sannaðist við úthlutun tíu einbýlishúsalóða á Akureyri í gær. Alls sóttu 66 aðilar um en lóðirnar eru í nýju Naustahverfi og verða byggingarhæfar næsta sumar. Strangar reglur gilda um úthlutanir af þessu tagi hjá Akureyrarbæ og ganga einstaklingar fyrir. Drógu umsækjendur að þessu sinni númer úr kassa og fengu þeir sem lægstu tölurnar fengu umræddar lóðir.

Akranesdeild RKÍ:

Löggan fær stuðtæki

LÖGREGLA Akranesdeild Rauða krossins afhenti á þriðjudag lögreglunni á Akranesi fullkomið hjartastuðtæki að gjöf. Er það von bæði gefenda og þiggjenda að með því að lögreglan hafi hjartastuðtæki í eftirlitsbifreiðum sem eru á ferðinni allan sólarhringinn megi bjarga mannlífum.

Fram kemur í tilkynningu að á Akranesi hafi lögreglan yfir tveimur útkallsbifreiðum að ráða og verður tækið í annarri þeirra. Síðan mun vera von á öðru tæki sem lögreglan kaupir þannig að hjartastuðtæki verði í báðum bílum. Lögreglumenn á Akranesi fá svo allir þjálfun í að nota tækið.

HJARTASTUÐTÆKI GEFIÐ Ólafur Þór Hauksson sýslumaður og Lárus Guðjónsson, formaður Akranesdeildar RKÍ, við afhendingu tækisins á þriðjudag.



HÖFUÐBORGIN Hreinar skuldir á íbúa í Reykjavík voru tæpar 500 þúsund krónur á síðasta ári og segja sjálfstæðismenn þær komnar í 650 þúsund á hvern íbúa árið 2008.

Ársreikningur Reykjavíkurborgar árið 2004 kynntur:

Í takt við væntingar

BORGARMÁL „Almennt má segja að niðurstaða í þetta sinn sé góð en þó verðum við að fara að stíga á bremsuna hvað framtíðina varðar,“ segir Stefán Jón Hafstein borgarfulltrúi.

Ársreikningar Reykjavíkurborgar voru kynntir í vikunni en í þeim kemur meðal annars fram að eignir samstæðunnar hafa vaxið um rúma fimmtán milljarða milli ára og eru alls tæplega 200 milljarðar króna.

Stefán segist ánægður með það sem fram kemur og að það sé að mestu leyti í takt við væntingar. „Reksturinn er í þokkalegu jafnvægi en ef eitthvað er þá er reksturinn að heita kominn upp í þak.

Það er þensla í þjóðfélaginu, mikið launaskrið og borgin þarf að borga kennurum og öðrum jafnvel og annars staðar. Kröfurnar hafa aukist og ég tel að við þurfum að vera á bremsunni hvað aukin verkefni varðar á næstunni.“

Oddviti sjálfstæðismanna í borgarstjórn, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, segir reikninginn sýna að áfram sé haldið á braut skuldaföfnunar. „Frá því að R-listinn tók við völdum hafa skuldirnar aukist að raungildi um þrettán milljónir á dag eða fjórtánfaldast síðustu ellefu árin. Hann sýnir svo ekki verður um villst að sparnaðar- og hagræðingaraðgerðir borgaryfirvalda hafa mistekist.“

Þorskur og ufsi í afla kolmunnaskipa:

Vandinn er hverfandi

SJÁVARÚTVEGUR Fyrirhuguð lagaþreying, sem skyldar útgerðum að draga meðafla í uppsjávarveidum frá kvóta, er meingölluð að mati Magnúsar Þórs Hafsteinssonar, þingmanns Frjálslynda flokksins. Hann hefur skilað séráliti í sjávarútvegsnefnd Alþingis vegna frumvarps sjávarútvegsráðherra til breytinga á lögum um nytjastofna sjávar.

Magnús Þór, sem er fiskifræðingur að mennt, segir að svör sjávarútvegsráðherra bendi til þess að meðaflinn sé einkum hjá skipum sem stundi kolmunnaveiðar. Fram kemur í séráliti hans að kolmunnaveiðar íslenskra skipa hafi numið um 1,6 milljónum tonna á fjórum undanföllum árum. Meðaflinn í ufsa og þorski hafi numið alls um 5.500 tonnum í um einni milljón tonna af



MEÐ KOLMUNNA TIL LÖNDUNAR Á AUSTFJÖRÐUM Á fjórum árum hefur um 1,6 milljónum tonna af kolmunna verið landað, einkum á Austfjarðahöfnunum.

kolmunna á árunum 2003 og 2004. Í álitinu er vandinn talinn hverfandi. Þá sé ekki upplýst hver eigi að borga þann kostnað sem hljótist af auknu eftirliti. Lagabreytingin geti auk þess valdið vandræðum hjá færeyskum skipum sem hafi veiðiréttindi hér við land. Magnús telur jafnvel að lagabreytingin standist ekki ákvæði milliríkjasamnings.

LAGERSALA Á SNYRTIVÖRUM

Föstudag 16-19 • Laugardag 11-16
að Suðurlandsbraut 4a 2. hæð

Varalitir, naglalökk, star-dust, farði, blýantar,
augnskuggar, maskarar, ilmvötn,
snyrtibuddur, plokkarar, klippur, skæri,
aloe-vera, fótavörur, handáburður, sólarvörur
og margt fl.

FRÁ BÆR VERÐ
Allir velkomnir

Óm snyrtivörur ehf

Suðurlandsbraut 4 a 2. hæð

4,4% vextir
Sölumenn í samningsstuði

JEPPIA DAGAR!

Opið virka daga 10–18 og á morgun laugardag 11–16

Fjölbreytt úrval
Sértilboð



Laugavegi 174
Sími 590 5040
www.bilathing.is
bilathing@hekla.is

Nú er tækifærið til að fá sér jeppa fyrir sumarævintýrin. Á jeppadögum Bílapings býðst þér fjölbreytt úrval jeppa og fjórhjóladrifsbíla á frábærum kjörum. Sölumenn okkar eru í samningsstuði og bjóða einstök kjör á bílasamningum með aðeins 4,4% vöxtum.

Gerðu frábær kaup í góðum jeppa fyrir sumarið.

BÍLAPING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum

HVAD ER AÐ FRÉTTA? GUÐRÚN PÉTURSDÓTTIR LÍFÆLISFRÆÐINGUR

Undirbýr nýtt meistaranám

„Það er útlend kvikmyndagerðarkona í heimsókn núna og við erum að skoða mögulegt samvinnuverkefni,“ segir Guðrún Pétursdóttir lífælisfræðingur og tekur það upp mestallan frítíma hennar sem stendur. „Í vinnunni erum við að fara yfir umsóknir fyrir nýtt meistaranám í umhverfis- og auðlindafræðum sem fer af stað í haust,“ segir Guðrún en margar umsóknir hafa borist, sérstaklega frá útlöndum. Hún segir mjög krefjandi að fara í gegnum umsóknirnar þar sem hún þurfi að átta sig á því hvernig undirbúningi nemenda er háttað frá skólum sem hún ekki þekkir. Þá fer einnig töluverður tími í að undirbúa hina nýju námsleið.



Guðrún er síðan að undirbúa komu samstarfsaðila í Evrópuverkefni. Þeir koma til með að fylgjast með hvernig Íslendingum gengur að nota nýja tækni við aflaskýrslur frá fiskiskípum, eða svokallaðar rafrænar afladagbækur. Guðrún segir Íslendinga vera komna lengst í þeirri tækni af þjóðunum 20 sem koma að verkefninu. Það er því í nógu að snúast hjá Guðrúnu en hún gefur sér samt tíma til að sinna hestunum sínum. Henni finnst dagurinn ekki almennilegur nema hún komist á bak. Það sé yndislegt að sjá lífið kvikna í Heiðmörkinni og gróðurinn koma til. Guðrún ætlar að vera heima á Íslandi í sumar enda finnst henni íslenska sumarið dásamlegt.

SVONA ERUM VIÐ



FJÖLDI GISTINÁTTA Á SÍÐASTA ÁRI
VAR 2.133.630
Heimild: Hagstofan



SIÓNARHÓLL AUKIN NOTKUN RITALINS



HERDÍS EGILSDÓTTIR KENNARI

Verðum að hugsa okkur vandlega um

„Ég er ein af þessum miðjumanneskjum sem tel að það eigi aldrei að fara út í öfgar,“ segir Herdís Egilsdóttir kennari en notkun lyfja við óvirkni og athyglisbrestir barna og unglinga hefur margfaldast á örfáum árum. Íslendingar eiga heimsmet í notkun Ritalins og heilbrigðisráðherra hefur áhyggjur af þessari þróun.

„Það verður að gæta þess að lyfjagjöf fari ekki úr böndum, en hún má ekki heldur hætta,“ segir Herdís. „Menn verða að vara sig og hugsa sig vandlega um áður en þeir ákveða að gefa börnum meðöl.“

Herdís telur að hraði þjóðfélagsins geri mörgum foreldrum erfitt fyrir í uppeldisstörfum, en er þó bjartsýn á framtíðina. „Ég hef kynnst mörgum ungum foreldrum í gegnum kennslu og það er ótrúlegt hvað þeir vanda sig þrátt fyrir annmarka samfélagsins.“



FRELSISSÚLA Frelsisminnisvarði í Ríga í Lettlandi.

Bréf frá afa á flóamarkaði

Systkinin Steinar Atli og Inga fengu óvæntan glaðning á dögnum þegar bréf frá afa þeirra skilaði sér á leiðarenda eftir krókaleiðum fimmtán árum eftir að það var skrifað.

Ung kona fékk óvæntan kaupauka með gallabuxum sem hún keypti á flóamarkaði á dögnum. Buxurnar geymdi hún inni í skáp um árabil, þar til fyrir nokkrum dögum þegar hún ákvað að spretta þeim upp og sauma upp á nýtt. Við handíðirnar fann hún

bréf í rassvasanum. Bréfið sjálf er skrifað utan á gamalt umslag, en á því er hvorki dagsetning né heimilisfang. Bréfið skrifar maður barnabörnum sínum, sem greinilega eru ung að árum, og segist meðal annars hafa keypt handa þeim gimbur í jólagjöf. Einu upplýsingarnar sem koma fram eru að börnin heita Steinar Atli og Inga.

Konan sem fann bréfið kom því til Fréttablaðsins í von um að blaðamenn gætu haft upp á bréfrítaranum eða viðtakendunum og komið því í réttar hendur. Eftir miklar rannsóknir hafði blaðamaður uppi á viðtakendum bréfsins, tvíbursystkininum Steinari Atla og Ingu Skarphéðinsbörnum.

Bréfið skrifaði afi þeirra í móðurætt, Jóhannes Guðmundsson, einhvern tímann á árunum 1989 til 1991 þegar systkinin bjuggu í Bandaríkjunum með foreldrum sínum. Engan í fjölskyldunni rekur minni til að hafa séð bréfið áður og því er á huldu hvernig það rataði í buxnavasann á flóamarkaðnum.

Steinar Atli og Inga eru orðin átján ára og eru á öðru ári í framhaldsskóla. Þau voru að vonum ánægð með að fá bréfið frá afa þó seint væri og ætla að heilsa upp á hann í Laugarnesinu við fyrsta tækifæri og þakka honum línuna. Bréfið ætla þau að ramma inn og nota sem stofustáss.

bergsteinn@frettabladid.is



FREYR EYJÓLFSSON Haraldur Blöndal heitinn bar sigur úr býtum í fyrstu spurningakeppninni á Grand Rokk.

Spurningakeppni Grand Rokk í hundraðasta sinn: Runnin undan rifjum Sveins

Spurningakeppni Grand Rokk fer fram í hundraðasta sinn í dag. Keppnin hefur öðlast miklar vinsældir og er jafnan mannmargt á staðnum þegar spyrill dagsins þylur upp spurningarnar 30.

Freyr Eyjólfsson, tónlistar- og útvarpsmaður, er upphafsmaður keppinnar en segir hugmyndina runna undan rifjum Sveins H. Guðmarssonar blaðamanns. „Við Svenni vorum einhvern tíma að spjalla saman og hann sagði mér að svona pöbba-spurningakeppnir væru vinsælar í Bretlandi. Ég fór því með þetta á Grand Rokk og stýrði keppninni fyrstu tíu skiptin eða svo,“ segir Freyr.


Jón Proppé tók við umsjóninni úr höndum Freys og síðar varð Davíð Þór Jónsson stjórnandi. Nú heldur Kristinn Kristjánsson, foringi Hins íslenska glæpafélags, um stjórnina.

Óg Freyr man fyrstu keppnina sem gerst hafi í gær. „Haraldur Blöndal heitinn vann og var svo sigursæll í næstu keppnum. Hann leiðrétti líka spyrllana ef þeir fóru með einhverja vitleysu.“

Spurningakeppnir eru haldnar á pöbbum víða um Bretland og eru fastur liður í lífum margra heimamanna. „Þar er aldagömul pöbbamenning en hún er að verða til hér á Íslandi á síðustu árum. Menn geta loksins farið á barinn án þess að fara blindfullir heim,“ segir Freyr.

Sigurvegarar spurningakeppninnar hafa jafnan haldið heim með björkassa í farteskinu. Í tilefni af hundruðustu keppninni verður bætt um betur og heilir hundrað bjórar í verðlaun. Það er því til nokkurs að vinna fyrir ölkæra.

-bbs



STEINAR ATLI OG INGA Bréfið var skrifað þegar systkinin bjuggu í Bandaríkjunum með foreldrum sínum. Afi þeirra sagði þeim meðal annars að hann hefði gefið þeim gimbur í jólagjöf.



Clean Plus® blautklútar eru nýjung sem auðvelda þrífni á bílnum!

C ean P us® vörur eru fyrsta f okks gæðavörur á samkeppnishæfu verði.

C ean P us® vörur gera þrífni á bí num auðve dari.

C ean P us® er fyrir nútíma bí aeigendur!



Fæst í he stu stórmörkuðum byggingsvörvers unum og víðar.



CLEAN PLUS
AUTO CARE

Dreifing K. Richter hf.
www.krichter.is

www.cleanplusautocare.com

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Einokun aflétt

Hagkaup lækka verð

á erlendri tónlist

ray charles duets with natalie cole
 elton john norah jones b.b. king gladys knight diana krall
 michael mcdonald johnny mathis van morrison willie nelson
 bonnie raitt james taylor genius loves company



1.499 kr
 Alm. verð 2.499-

Gerðu verðsamanburð!



1.499 kr
 Alm. verð 2.499-

RAY CHARLES - Genius Loves Company

50 CENT - The Massacre

1.499 kr
 Alm. verð 2.499-



BECK - Guero

1.499 kr
 Alm. verð 2.499-



QUEENS OF THE STONE AGE - Lullabies To Paralyze

1.499 kr
 Alm. verð 2.499-




MOBY - Hotel

1.499 kr
 Alm. verð 2.499-



SCISSORS SISTERS

1.499 kr
 Alm. verð 2.499-



GREEN DAY - American Idiot

1.499 kr
 Alm. verð 2.499-




ABBA - Gold

1.499 kr
 Alm. verð 2.499-



MICHAEL BUBLÉ - It's Time

1.499 kr
 Alm. verð 2.499-



EAGLES - The Very Best Of

1.499 kr
 Alm. verð 2.499-



SIMON & GARFUNKEL - The Best Of

1.499 kr
 Alm. verð 2.499-



JOE COCKER - Greatest Hits

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
 Skemmtilegast að versla

PÓSTVERSLUN
www.hagkaup.is
 grænt númer 800 6680 sími 568 2255
HAGKAUPA

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

UM 250. PAKKINN

499
KÍLÓVERÐ KR.



EKKERT BRUÐL

STYKKJAVERÐ

19
um 350g KR.

Tilboð sem



Íslenskar AGÚRKUR



35
250g KR.

Hvítlaukur

Villibráðarkryddað læri

899
kg KR.

10% afsláttur við kassann
Merkt verð 998kr.



Lambalæri VILLIKRYDDAÐ



99
200g KR.

Lambasteik BEINLAUS PESTO



95
350g KR.



KF PESTÓ HELGARSTEIK

1099
kg KR.



VILLI GRILLSNEIÐAR KF

599
KÍLÓVERÐ KR.
40% afsláttur við kassann
Merkt verð 998kr.

Pesto rosso LAMBASNEIÐAR



Villikryddaðar GRILLSNEIÐAR



Lambalæri NIÐURSAGAÐ

KJARNAFÆÐI

Niðursagað lambalæri

798
kg KR.

20% afsláttur við kassann
Merkt verð 998kr.

EKKERT BRUÐL

ORIGINAL BBQ

85
510g KR.



Frábært úr frystinum

EKKERT BRUÐL

Tilboðin gilda til sunnudags
8. maí eða meðan birgðir endast

talandi er um!

KÍLÓVERÐ
Kúrbítur
ZUCCHINI **149**
KR.

KÍLÓVERÐ
175
KR.
Íslenskir
TÓMATAR

Fetaostur
DÁSAMLEGA DANSKUR
239
KR.

GÓÐ HELGI BYRJAR Í BÓNUS...

33cl Coca Cola
49
KR.

1 lítri kalkbættur
129
KR.

Hvítlauksmarineraður
LAX Á GRILLIÐ

HVÍTLAUKSLAX
779
KR.

35% afsláttur við kassann
Merkt verð 1198kr.

Coca-Cola

EKKERT
BRUÐL

I. FLOKKS HUMAR
3790
KR.

5% afsláttur við kassann
Merkt verð 3990kr.

I. FLOKKUR FROSINN
HUMAR
nýveiddur

SELMA+
If I Had Your Love
2x6 LÍTRA KIPPA
12 lítrar af Coca Cola

1099
KR.

499
BOXIÐ KR.

Skynsemin velur Bónus...

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

FBL GREINING: ÖRYGGISRÁÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Skal viðhalda friði og stöðugleika

Meginhlutverk Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna er viðhald friðar og efling öryggis í heiminum öllum. Ráðið tekur á öllum þeim málum er fyrir það koma og hætta þykir á að geti grafið undan friði þjóða á milli. Fyrsta skrefið er venjulega að reyna að miðla málum milli deiluaðila með viðræðum. Í einstaka tilfellum getur ráðið sent eftirlitssveit á vettvang til rannsókna sé talin þörf til. Komi til átaka vegna deilna sem ekki hefur tekist að leysa með friðsamlegum hætti er hlutverk Öryggisráðsins að reyna að stöðva átökin eins fljótt og mögulegt er. Getur það verið með skipunum um vopnahlé milli stríðandi aðila eða með beinu inngripi friðargæsluliða Sameinuðu þjóðanna. Einnig getur ráðið í sér-



stökum tilfellum sett viðskiptabann á þjóðir sem ekki hlíta skipunum ráðsins.

Fimmtán þjóðir eiga aðild hverju sinni að Öryggisráðinu. Fimm þeirra eiga þar fast sæti; Bretland, Bandaríkin, Rússland, Kína og Frakkland, en tíu aðrar njóta aðildar tvö ár í senn og er kosið um þær á þingi Sameinuðu þjóðanna. Þær þjóðir sem nú sitja þar eru Brasilía, Benín, Argentína, Danmörk, Grikkland, Japan, Tansanía, Filippseyjar, Rúmenía og Alsír. Hver þjóð hefur eitt atkvæði en níu slík þarf til að fá niðurstöðu í smærri málum. Við allar stærri ákvarðanatökur þarf einnig níu atkvæði en þá þurfa einnig allar fimm fastaðir ráðsins að vera meðal þeirra.



SPURT & SVARÐ ÁFENGISNEYSLA



ANNA ELÍSABET ÓLAFSDÓTTIR

Áfengi ekki venjuleg vara

Lýðheilsustöð kynnti nýlega á blaðamannafundi könnun um áfengisneyslu Íslendinga. Anna Elísabet Ólafsdóttir, forstjóri Lýðheilsustöðvar, lýsti yfir áhyggjum af áhrifum lagafrumvarpa sem væru til umfjöllunar á Alþingi um lækun áfengis-kaupaaldurs og sölu áfengis í matvöruverslunum. Reynslan erlendis sýndi að með þetta aðgengi að áfengi ykist neyslan.

Er ekki betra að stuðla að bætri vinnmenningu en að hamla aðgengi að áfengi?

Ja, ég vildi sjá unga fólk líta áfengi öðrum augum en sem vímuegja og það er sennilega þróun sem við eigum eftir að sjá. En hins vegar sýna rannsóknir okkur og einnig reynsla nágrannaþjóðanna að auknið aðgengi að áfengi hefur auknið áfengisneyslu fólks og hér á landi hefur neyslan verið að aukast hjá þeim yngri. Áfengi er ekki venjuleg vara, það er ávanabindandi og það þarf að meta það sem slíkt. Við sem þjóð þurfum að ræða það sleggju-dómalaust hvaða leið við viljum fara í áfengismálum og þetta er okkar innlegg í þá umræðu.

Ódýrast í sund í nágrenni Reykjavíkurborgar

Dýrast er samkvæmt könnun Fréttablaðsins að fara í sund í Kópavogi af stöðum á höfuðborgarsvæðinu en dýrara er þó að fara í sundlaugar á landsbyggðinni.

Umtalsvert ódýrara er að fara með börnin í sund á Seltjarnarnesi eða í Mosfellsbæ en annars staðar á landinu, samkvæmt verðkönnun Fréttablaðsins. Þessar tvær laugar eru einnig ódýrastar fyrir fullorðna ásamt Garðabæjarlaug en mun minni munur er á verði í sund fyrir fullorðna en yngri kynslóðina.

Sá hængur er hins vegar á að engin leiktæki fyrir börn á borð við rennibrautir er að finna á Nesinu né heldur í Mosfellsbæ og er það að mestum hluta skýringin á lágu gjaldi. Uppsetning slíkrar aðstöðu er þó í bígerð á Seltjarnarnesi og hefjast framkvæmdir í haust. Athygli vekur að barnagjaldið í Varmárlaug í Mosfellsbæ hefur lækkað síðan sambærileg könnun var gerð árið 2003 en verð hefur hækkað á öðrum sundstöðum sem kannaðir voru.

Sem fyrr er dýrara í sundlaugararnar úti á landi en á höfuðborgarsvæðinu. Meðalgjald fyrir börn í sund á landsbyggðinni er 140-150 krónur en 110-115 krónur suðvestanlands. Hið sama á við um verð fyrir fullorðna. Einstaklingsgjald er um og yfir 300 krónur meðan stakt gjald á höfuðborgarsvæðinu er milli 200 og 250 krónur ef Kópavogur er undanskilinn. Þar er stakt gjald 280 krónur og hefur hækkað um 60 krónur á tveimur árum. Hærra verð

úti á landi helst oftast í hendur við hærri hitaveitukostnað en gerist suðvestanlands.

Sé fólk með sundáhuga á háu stigi býður sundlaug Seltjarnarness ódýrasta árskorttið fyrir fullorðna en það er tæpum átta þúsund krónum ódýrara en boðið er hinum megin við borgarmörkin. Enn betri kaup fyrir marga eru áreiðanlega sex mánaða kort, sem Suðurbæjarlaug í Hafnarfirði býður fólki á sex þúsund krónum. Tvö slík eru tveim þúsundum ódýrari en árskort úti á Nesi.

Tekið skal fram að margar lauganna bjóða aðra kosti en hér eru nefndir, auk þess sem ýmis tímabundin tilboð eru á flestum stöðum allt árið. Þannig eru til að mynda kort í líkamsrækt og sund í boði saman á nokkrum stöðum og er þá hlutfallslega ódýrara.

Öryrkjar og ellilífeyrisþegar fá ókeypis í sund á flestum stöðum en greiða annars lægra verð en aðrir. Afsláttur er víða einnig veittur nemum og er hann misjafn eftir laugum.

Verðkönnunin fór fram símléiðis 2.-4. maí og var ekki sérstaklega lagt mat á gæði eða þjónustustig hvernig laugar fyrir sig.

albert@frettabladid.is



ÓDÝRAST Í SUND Einna ódýrast er að skreppa í sund í Sundlaug Seltjarnarness. Af öllum stöðunum á höfuðborgarsvæðinu er dýrast að fá sér stöku sundsprett í Kópavoginum. Árskort eru hins vegar á samkeppnishæfu verði og um fjögur þúsund krónum ódýrari en í Reykjavík.

SUNDLAUGAR	Börn stakt gjald	Börn 10 miðar	Fullorðnir stakt gjald	Fullorðnir 10 miðar	Fullorðnir Árgjald	Rennibraut
Sundlaugar í Reykjavík	110	750	250	1.900	21.500	Já*
Sundlaugar í Kópavogi	120	900	280	2.100	17.500	Já
Sundlaugin á Akureyri	150	950	300	2.600	24.000	Já
Sundlaugin Húsavík	140	950	280	2.200	26.500	Nei**
Sundlaugin Borgarnesi	155	1100	310	2.420	15.000	Já
Sundlaugin Egilsstöðum	140	900	280	2.000	22.000	Já
Sundlaug Seltjarnarness	60	400	200	1.500	14.000	Nei***
Varmárlaug Mosfellsbæ	50	300	200	1.500	18.000	Nei
Sundlaugin Selfossi	140	700	300	2.100	21.000	Já
Sundlaug Garðabæjar	100	600	200	1.500	18.000	Já
Suðurbæjarlaug Hafnarfirði	110	600	220	1.700	-	Já

* Nema í Sundhöllinni
** Rennibraut verður sett upp í sumar
*** Rennibraut verður sett upp í vetur



DAGSKRÁ

Föstudagur 6. maí

kl. 13:00

Reiðhjólaverlunin GÁP kynnir fjalla og ferðahjól

kl. 14:30-16:30

Félagar úr fjallahjólaklúbbum sýna listir sýnar

kl. 15:30 - 17:30

Jazz sveitin Þrír kettir leika með léttari sveiflu,

Grillaðar Goða pylsur og Pepsi Max fyrir gesti

Allir krakkar fá ljúffengan Kjörispinna

Laugardagur 7. maí

kl. 12:00

Reiðhjólaverslunin GÁP kynnir reiðhjól

kl. 13:30-15:30

Grillaðar Goða pylsur og Pepsi Max fyrir gesti

Allir krakkar fá ljúffengan Kjörispinna

kl. 14:00 - 16:00

Jazz sveitin Léttir kettir leika með léttari sveiflu

Fullt af frábærum
TILBOÐUM
verslunum
í Mjóddinni,
komdu og
kynntu þér málið

Og1

Og1 er ný þjónusta **Og Vodafone** sem lækkar kostnað heimila verulega og færir þeim rausnarlegan ávinning.

GSM

0 KR. HEIM

Nú hringja allir heim úr GSM án þess að greiða mínútagjöld í allt að 60 mínútur á dag.

0 KR. Í VIN Í ÚTLÖNDUM

Hvert GSM númer fær 120 mínútur á mánuði í heimasíma í einu af þeim 30 löndum sem Íslendingar eiga mest samskipti við.

Mánaðargjald fyrir GSM áskrift er 600 kr.
Gildir fyrir Frelsisnotendur með 500 kr. Frelsisáskrift.

Heimasími

0 KR. INNANLANDS

500 mínútur í aðra heimasíma eru innifaldar í mánaðargjaldi. Flestir tala minna en í 500 mínútur á mánuði á milli heimasíma og greiða því ekkert mínútagjald.

0 KR. Í VIN Í ÚTLÖNDUM

Hver Heimasími fær 120 mínútur á mánuði í heimasíma í einu af þeim 30 löndum sem Íslendingar eiga mest samskipti við.

Mánaðargjald fyrir Heimasíma er 1.340 kr.

Internet

MEIRI HRAÐI, FRJÁLST NIÐURHAL OG VERÐPAK

Þú átt þess kost að fá 6Mb/s ADSL og ótakmarkað niðurhal á 4.990 kr. á mánuði eða 4Mb/s ADSL og 1GB niðurhal fyrir 3.990 kr. á mánuði.

ADSL hraði miðast við þjónustuvæði **Og Vodafone**.

Heimili sem eru með allt hjá **Og Vodafone**, GSM, Heimasíma og Internet, geta skráð sig í **Og1**. Þeir sem eru með síma eða nettengingu frá vinnuveitanda ættu einnig að kynna sér **Og1**.



skoðun

SIJÓNARMÍÐ
SIGURJÓN M. EGILSSON

Fyrirtæki sem skapa stórhættu eru innan borgarmarkanna. Frægast þeirra er Hringrás.

Eldurinn og slangan

Rétt um sex hundruð íbúar í næsta nágrenni fyrirtækisins Hringrásar voru fluttir neyðarflutningum af heimilum sínum fyrir hálfu ári. Öllum er í fersku minni ofsalegur eldur í starfstöð fyrirtækisins, eldur sem varð laus í húsi sem hafði verið byggt í heimildarleysi. Eldurinn fór létt með að ná í um tvö þúsund tonn af ónýtum bíldekkjum með þeim afleiðingum að eittraðan reyk lagði frá, svo mikinn að lögregla og aðrir sem nálægt komu urðu að notast við gasgrímur. Íbúar voru fluttir að heiman og af þessu öllu átti að verða sá lærdómur að annað eins gæti ekki endurtekið sig. Áður en lengra er haldið er rétt að rifja upp að dekkjargrágan lá nánast yfir ólöglega húsinu og frágangurinn var á þann veg að ekki var mögulegt annað en stórtjón yrði. Sem varð raunin. Kannski var merkilegast að Hringrás var reykurinn óviðkomandi þegar hann fór út fyrir lóðamörkin og reykurinn var á þeirri stundu á ábyrgð þess sem fyrir honum varð.

Bót og betrun var lofað, sem hefur ekki verið staðið við, ekki að fullu. Einhver takmörk voru sett, Hringrás má ekki lengur hafa tvö þúsund tonn af dekkjum, bara fimm hundruð. Það er fleira sem er takmarkað og kom glögglega í ljós síðast þegar eldur varð laus í þessu eittraða fyrirtæki. Brunaslanga fyrirtækisins er svo stutt að færa varð eldinn að henni svo unnt væri að forða því að enn og aftur yrði stórbruni með vondum og miklum afleiðingum. Þetta er ótrúlegt. Nothæf brunaslanga, sem getur ekki verið svo mikið fyrirtæki, var ekki til staðar en blessunarlega var hægt að færa eldinn. Annars hefði illa farið.

Ástandið er ekki viðunandi, segir slökkviliðið, en betra en það var. Ekki nógu gott segja borgaryfirvöld, en betra en það var. Samt sem áður er frágangur á vinnslusvæði Hringrásar ekki viðunandi, það víðurkenna allir, en afsaka bág ástand með því að það sé betra en það var. Þau rök eru ekki bara lítils virði, þau eru ömurleg. Og ekki bætir úr skák þegar sagt er að það sé hagkvæmara að eiturfyrirtækið sé þar sem það er, frekar en að flytja það þangað sem skaði af sóðaskapnum verður minni þegar næstu mistök verða gerð. Ekkert, hvorki viðhorf né nokkuð annað, fær okkur til að trúa að raunum Hringrásar sé lokið. Ekkert.

Þau eru betri, en samt óskiljanleg, rök yfirvalda að ekki sé ástæða til að hafa áhyggjur af því að stærsta olíubirgðastöð landsins sé þar sem hún er. Það er fátíðlegt að öllu eldfimasta efni sem þjóðin þarf að nota sé daglega ekið um íbúðagötur eða miðborgina. Fyrirtækin sem í hlut eiga vanda sig eflaust sem mest þau geta. Það útilokar ekki hættu á að illa geti farið. Hvað sem hver segir er það þannig að flutningunum fylgir áhætta og olíubirgðastöðinni fylgir áhætta. Aðrir möguleikar eru fyrir hendi, en þegar yfirvöld eru spurð er svarið það að mikill kostnaður liggja að baki og allir ætli að gæta sín. Það er skelfilegt ef hugsun okkar nær ekki lengra en svo að þetta muni allt reddast. Það reddaðist síðast hjá Hringrás – þegar hægt var að flytja eldinn að slöngustubbum, einmitt þegar allir höfðu lofað bót og betrun og að hætta öllum asnaskap. ■

Alltaf einfalt



Ódýrt bensín

14 stöðvar!
www.ob.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Spurt um Jónínu

Frumvarp Ágústs Ólafs Ágústssonar, þingmanns Samfylkingar, um að afnema fyrningu við kynferðisbrotum gegn börnum hefur valdið nokkrum titringi. Margir stjórnariðar hafa sagt að athuga þurfi málið betur áður en hægt er að samþykka það en aðrir hafa ljáð máls á því að samþykka frumvarpið eins og það liggur fyrir. Í hópi þeirra síðarnefndu er Jónína Bjartmarz, þingmaður Framsóknarflokks. Nú heyrast þær raddir meðal þeirra sem vilja frumvarpið í gegn fyrir þinglok að lítið sé hægt að treysta á stuðning Jónínu og ganga



sumir svo langt að segja að hún komi aldrei til með að veita því brautargengi í þinginu. Hefur verið rífað upp að hún hafi verið fylgjandi stuðningi við Mannréttindaskrifstofu Íslands á sínum tíma en horfið veik úr þinginu á síðustu stundu þegar kom að atkvæðagreiðslu um málið og þótti sumum það mjög grunsamlegt.

Hraðinn eykst

Þinglokin nálgast og bera þingstörfin þess merki. Kvöldfundum fjölga og frumvörp verða að lögum sem aldrei fyrr. Niu frumvörp urðu að lögum á miðvikudag og sjö tveimur dögum áður. Búast má við að hraðinn eigi enn eftir að aukast á lokadögum. Þannig var það á lokadögum fyrir síðustu jól,

tuttugu frumvörp urðu að lögum síðasta daginn fyrir jól.

Blóðheittir stuðningsmenn

Það eru ekki aðeins þinglok sem nálgast heldur líka upphaf Íslandsmótsins í fótbolta. Þar er mörgum orðið heitt í hamsi, sérstaklega á spjallsíðum áhængenda liðanna sem velta fyrir sér hvort ekki eigi að styrkja hópinn eða hvort einhver hættu sé á að leikmenn hverfi á braut rétt fyrir byrjun móts. Umræðan á heimasíðu Fylkis varð svo heit að forystumenn félagsins sáu sig tilneydda til að biðja stuðningsmenn um að hafa sig hæga þegar þeim fannst umræðan komin út á hálar götur. Svo er að sjá hvort sami baráttuandinn skilar sér til leikmanna.

brynjolfur@frettabladid.is

Öryggi og borgaraleg réttindi

Fyrir sjö árum fékk ég tækifæri til að skoða skjalageymslur austur-þýsku leynilögreglunnar Stasi í Berlín. Það var ógleymanleg reynsla að sjá langar hilluraðir með skjalamöppum um hinar aðskiljanlegustu athafnir borgaranna, sumar þeirra eflaust merki-legal en langflestar ómerkilegar. Á stað sem þessum undrast maður félagslegt eðli mannsins, hvað fær fólk til að uppljóstra um nágrenna sinn og hve gríðarleg skipulags- og nákvæmnisvinna hefur verið lögð í að halda utan um svona gagnabanka. Það var huggunarmi gegn að vita til þess að þetta eftirlitsþjóðfélag alræðisins heyrði sögunni til. Eða hvað?

Fimm árum síðar, sumarið 2003, var ég staddur á ráðstefnu í Prag þar sem blaðamenn og blaðamannasamtök í Evrópu voru að fjalla um vernd heimildarmanna. Tónninn í mönnum á þessari ráðstefnu kom nokkuð á óvart, því eftirlitsþjóðfélagið virtist vera raunverulegur hluti af daglegu stafsumhverfi fjölda blaðamanna og vaxandi í kjölfar 11. september 2001. Það var opinberuð að ræða við fólk sem leit á hleranir yfirvalda sem einn af þeim þáttum sem það varð að reikna með við verndun heimildarmanna sinna. Um þetta skrifaði ég síðan í tímaritið Blaðamanninn um haustið þar sem m.a. sagði: „Þannig getur sú staða komið upp – og raunar hefur hún komið upp t.d. í Belgíu og hugsanlega miklu víðar án þess að opinbert hafi orðið – að yfirvöld hafa nálgast heimildarmenn blaðamanna án þess nokkurn tíma að þurfa að krefja blaðamanninn sjálfan um hverjir þeir eru. Heimildarmennirnir eru einfaldlega fundnir með því að rekja tæknilega hverja blaðamann hafa átt samskipti við. Til marks um að menn líta á þetta sem alvörumál og nýjan raunveruleika má benda á að á ráðstefnunni kom fram að í Belgíu nota menn gjarnan þá vinnureglu að ef um viðkvæm mál er að ræða notast menn við farsíma með frelsis-kortum, þ.e. fyrirframgreiddum símakortum, en mun erfiðara er enn að rekja þau samtöl en hefðbundin farsímasímtöl.“

Í DAG
AUKIÐ EFTIRLIT
STJÓRNVALDA

BIRGIR
GUÐMUNDSSON



Parna komast menn að þeirri niðurstöðu að stríðið gegn hryðjuverkum sé í raun alvarleg aðför að þeirri „hnattrænu mannréttindaþróun og viðurkenningu á borgaralegum réttindum sem hófst fyrir nær 60 árum síðan,“ eins og segir í frétt um skýrsluna.

Fyrr í þessari viku var haldinn Alþjóðlegur dagur fjölmiðlafrelsis. Á vefsíðu Blaðamannafélagsins (press.is) birtist athyglisverð frétt um skýrslu um „Blaðamennsku, borgaraleg réttindi og stríðið gegn hryðjuverkum“. Þessi skýrsla er tekin saman að undirlagi Alþjóða blaðamannasambandsins og mannréttinda-samtakanna „Statewatch“ og er niðurstaða hennar vægast sagt úggvænleg. Parna komast menn að þeirri niðurstöðu að stríðið gegn hryðjuverkum sé í raun alvarleg aðför að þeirri „hnattrænu mannréttindaþróun og viðurkenningu á borgaralegum réttindum sem hófst fyrir nær 60 árum síðan,“ eins og segir í frétt um skýrsluna. Ástandið sem menn voru að tala um í Prag í hittifyrri virðist því einungis hafa versnað ef eitthvað er. Skýrslan dregur fram nokkrar meginniðurstöður samkvæmt press.is:

- Fjölmiðlar og sjálfstæð blaðamennska mega búa við „nagandi andrúmslof ofsóknaræðis (paranoia)“ sem hefur í för með sér hættulega mikla sjálfs-ritskoðun
- Gagnrýni innan og utan fjölmiðlanna hefur verið takmörkuð
- Grundvallarréttur manna til

óvilhallra réttarhalda er kerfisbundið vanvirtur

- Ríkisstjórnir eru með leynd að búa til umfangsmikla gagnagrunna til að hafa eftirlit með borgurum sínum
- Verið er að samþykka – með leynilegum aðferðum sem kalla mætti „stefnu-þvætti“ – nýjar reglur í samskiptum þjóða

Hugtakið „stefnuþvætti“ er hliðstætt hugtakinu „peningaþvætti“ og vísar til þess að þessum stefnum og reglum er komið í gegn og þær gerðar löglegar með vafasömum aðferðum þar sem þingræðislegu eftirliti hefur ekki verið beitt. Skýrslan gefur okkur til kynna að á meðan við teljum að persónulegir gagnabankar um borgara sé helst að finna á Stasi-safni í Berlín, séum við á hraðri leið inn í nútímavætt eftirlitsþjóðfélag þar sem við förnum borgaralegum réttindum fyrir meint öryggi.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Hádegismóa. Tillagan gerir m.a. ráð fyrir að byggingareitur verði stækkaður um 640m² við suðurenda lóðarinnar fyrir nýbyggingu skrifstofuhúss. Breytingin nær eingöngu til lóðarinnar nr. 3 við Hádegismóa. Að öðru leyti gilda eldri skilmálar áfram. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna. Tillögurnar liggja frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar í Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 6. maí til og með 17. júní 2005. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, skipbygg.is. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við þær skal skila skriflega eða á netfangið skipulag@rvk.is, til skipulags- og byggingarsviðs (merkt skipulagsfulltrúa) eigi síðar en 17. júní 2005. Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 6. maí 2005
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur



TRÉSMIÐIR ÓSKAST

Vegna uppbyggingar við Höfðatorg óskum við eftir trésmiðum til starfa sem fyrst. Við Höfðatorg mun rísa fjölbreytt skrifstofu- og atvinnuhúsnæði ásamt bílakjallara á tveimur hæðum fyrir um 800 bíla. Framkvæmdir munu standa yfir næstu 3-4 árin.

Nánari upplýsingar veitir Baldvin verkstjóri í síma 822 4431.



PEKKINGARFYRIRTÆKI Í BYGGINGARIDNADI
sími 595 4400 ■ eykt@eykt.is ■ www.eykt.is

Tré-mót ehf Byggingaverktakar

Óskum eftir að ráða verkamenn og smiði til starfa á Selfossi og á höfuðborgarsvæðinu.

Upplýsingar veita:

Brynjar s. 899-6482 • Jón s. 898-2062

Kirkjubæjarskóli Grunnskólakennarar



Við leitum að áhugasömum kennurum í almenna bekkjarkennslu næsta skólaár m.a. umsjón á miðstigi og unglingastigi. Ýmsar kennslugreinar koma til greina.

Upplýsingar veitir Stella Á. Kristjánsdóttir, skólastjóri, í síma 487-4633 og 865-7440, netfang kbskoli@ismennt.is



Álftanesskóli

www.alftanesskoli.is

Forstöðumaður Frístundar í 80-100% starf, umsjón með heilsdagsskóla 6 – 9 ára barna.

Leitað er að umsækjanda sem hefur:

- Uppeldismenntun eða annað sambærilegt nám
- Skipulags- og stjórnunarhæfileika
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Metnað í starfi og áhuga á skólaþróun
- Góða almenna tölvukunnáttu

Skólaliða í 75-100% störf

Vinnutími 8:00 -14:00/16:00 og 11:00 – 17:00
Aðstoða nemendur í daglegu starfi og leik og ræsting á skólatíma.

Upplýsingar veita: skólastjóri, aðstoðarskólastjóri eða deildarstjóri, í síma 540-4700.

Umsóknir með upplýsingum um nám og fyrri störf sendist Álftanesskóla.

Sjá einnig www.alftanesskoli.is, www.alftanes.is

Skólastjóri.

UNGT FÓLK Í EVRÓPU

Styrkjaáætlun ESB

Næsti umsóknarfrestur er til 1. júní 2005

Hægt er að sækja um styrki hjá UFE fyrir 1. júní vegna verkefna sem eiga að hefjast á tímabilinu 1. september 2005 til 31. janúar 2006. UFE styrkir fjölbreytt verkefni, m.a. ungmennaskipti hópa, sjálfbærniþjónusta einstaklinga, frumkvæðisverkefni ungmenna, námskeið, ráðstefnur o.fl.

Öll umsóknarform og frekari upplýsingar er að finna á www.ufe.is

Landsskrifstofa Ungs fólks í Evrópu
Pósthússtræti 3-5, 101 Rvk.
Sími: 520 4646
ufe@itr.is



Hátíðardagur í Háteigskirkju



Opin kirkja Laugardaginn
7. maí kl. 14 – 18

Listadagskrá í tilefni fjársöfnunar fyrir nýju orgeli kirkjunnar – ókeypis aðgangur.

- | | |
|-------|--|
| 14:00 | Stórsveit Nix Noltes |
| 14:30 | Kristinn H. Árnason, gítarleikari |
| 15:00 | Dansatriði frá Balletskóla Eddu Scheving |
| 15:30 | Barnakór Háteigskirkju |
| 16:00 | Ellen Kristjánsdóttir söngvari |
| 16:30 | Gunnar Guðbjörnsson, óperusöngvari |
| 17:00 | Ornólfur Kristjánsson, Helga Steinun Torfadóttir og Sigrún Harðardóttir, hljóðfæraleikarar |
| 17:30 | Douglas Brotchie organisti |

Komið og upplifið frábæra dagská Heitt kaffi á könnunni



Álftanesskóla

www.alftanesskoli.is

Innritun nemenda í Álftanesskóla fyrir skólaárið 2005 – 2006
sími 540-4700

Innritun barna í fyrsta bekk, skólaárið 2005-2006 fer fram í Álftanesskóla 9. – 10. maí 2005 kl. 9:00 – 16:00.

Kynningarfundur með foreldrum væntanlegra 1. bekkinga verður 23. maí kl. 20:00 – 21.30 á Sal Álftanesskóla.

Innritun annarra nýrra nemenda í 2.-9. bekk sem flytja í Sveitarfélagið Álftanes fyrir næsta skólaár fer fram í Álftanesskóla 9.-10. maí kl. 9:00-16:00.

Foreldrar barna á grunnskólaaldri sem flytja lögheimili sitt úr Sveitarfélaginu Álftanes í annað sveitarfélag eru einnig beðnir um að tilkynna það skólanum og hvaða grunnskóla barnið sækir næsta skólaár.

Sérstök athygli er vakin á því að umsóknarfrestur um heimild til að stunda nám í einkaskóla eða grunnskóla annarra sveitarfélaga á næsta skólaári er til 18. maí nk. Hver umsókn gildir fyrir eitt skólaár í senn og skulu umsóknir berast á skrifstofu Sveitarfélagsins Álftanes. www.alftanes.is

Skólastjóri Álftanesskóla
Skrifstofustjóri Sveitarfélagsins Álftanes



Ekki bara Strákarnir

Það ætti nefnilega ekki að taka Strákana fyrir eina og sér, ef ræða á um áhrif fjölmiðla á börn þarf að pæla í öllum þakkanum. Hvaða boðskapur er í sjónvarps-efni fyrir börn á Íslandi? Hvað til dæmis með Stundina okkar? Nú þegar Nýjasta tækni og vísindi hefur lagt upp laupana er Stundin elsti þátturinn á dagskrá í íslensku sjónvarpi. Þar ríða nú húsum skótuþjúg Birta og Bárður, röggóm hugguleg jarðarstelpa með ráð undir rífi hverju og lúðalegur, fljót-fær og frekar heimskur geimstrákur. Sannkallaður aulaBárður. Burtséð frá söguþræði minna persónur óþægilega mikið á vitleysislega „gamanþætti“ sem streyma yfir okkur frá Ameríku.

sellan.is

Minna er meira

Nýju fötin Framsóknar vöktu athygli en engir voru ánægðari en þingmennirnir sjálfir. Það var eins og þeir hefðu hvítveggið sig af öllum Framsóknarsyndnum. Þeir montuðu sig af því að eiga sem minnst og það að eiga hlutabréf í fyrirtækjum var látið líta út fyrir að vera ákaflega vont. En það sáu flestir í gegnum nýju fötin Framsóknar, enda ákaflega efnislítill. Eignalisti þingmanna segir ekki neitt, alls ekki neitt. Enn síður þegar umræðan er á þeim villigötum að það sé slæmt að þingmenn eigi einhverjar eignir að ráði.

deiglan.com

Guðsgræn náttúra

Ólíkt því sem sjálfstæðismenn í Reykjavík virðast halda er svæðið í Vatnsmýri sem ætlunin er að úthluta Háskólanum í Reykjavík ekki ósnortin náttúra. Þessu svæði var raskað af hernum sem hér var í síðari heimsstyrjöld. Svæðið er framræst mýri, það er fullt af braggabotnum og óvíst er um hvort jarðvegurinn er enn mengaður af olíu síðan í stríðinu. Það er því fráleitt að tala um þessa lóð sem ósnortna náttúru eða sérstakt útivistarsvæði.

murinn.is

Heilög jörð

Það er alltaf jafn sérkennilegt að verða vitni að því þegar tilbeiðsla eins ákveðins stjórnmálasafnaðar brýst út og kemst í auglýsingu allra heiðingjanna, þessara sem ekki hafa tekið sömu trú. [...] Samfylkingunni bauðst ekki að mynda stjórn með nokkrum flokki, eins og best sást á því að Halldór Ásgrímsson neitaði að mynda stjórn með henni, jafnvel undir eigin forystu. Það að láta sér koma til hugar að Halldór hefði hins vegar verið til í slíkt samstarf undir forystu Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur – það er hugmynd sem ekki getur vaknað hjá öðrum en þeim sem halda að þar sem hún gengur, þar sé helg jörð.

andriki.is

LEIÐRÉTTING

TVÖ FLUGSÓFN Í aukablaðinu Ferðir í gær var staðhæft að eina flugsafn Íslands væri við Akureyrarflugvöll. Vissulega er flugsafn þar en annað mjög merkilegt flugminjasafn er að Hnjóti í Orlygshöfn. Beðist er velvirðingar á mistökunum.



Partner

Hagstæðar heildarlausnir á tölvubúnaði fyrir vaxandi fyrirtæki

Nú er auðvelt að koma sér upp traustu netkerfi. Tæknival býður fyrirtækjum tilboðspakka sem byggir á öflugum tölvubúnaði og nýjstu tækni.



Nú getur fyrirtæki þitt eignast heildarpakka með hágæðatölvubúnaði frá aðeins kr. 35.552* á mánuði.

*Fjármögnunarleiga til 36 mánaða. Að leigutíma loknum eignast leigutaki búnaðinn.

Helstu hlutar pakkans eru Fujitsu-Siemens netþjónn með Windows Small Business Server netstýrikerfi og afritun, vinnustöðvar með flötum skjám, Office hugbúnaði og vírusvörn og miðlægur Xerox tvíhliða-litaprentari auk símkerfis. Uppsetning á búnaðinum, framkvæmd af reyndum tæknimönnum, er innifalin í verði pakkans.

SP-Fjármögnun býður fjármögnunarleigusamning með allt að 100% fjármögnun til 36 mánaða. Leigugreiðslur eru mánaðarlegar og eignast leigutaki búnaðinn að leigutíma loknum.

Ax hugbúnaðarhús býður TOK plús fjárhagskerfi á kr. 2.988 með VSK. á mánuði miðað við 36 mánaða samning.

Tæknival

SAMSTARFSADILAR:
Penninn - Akureyri - www.penninn.is / Tölvubjónusta Vesturlands - Borgarnes - tvest@simnet.is
Netheimar - Ísafjörður - www.netheimar.com / Eyjatölvur - Vestmannaeyjum - www.eyjatolnur.com
Tölvubjónusta Vals - Keflavík - tvais@mi.is / Tölvu- og tækjabúðin - Ólafsvík
Martólvan - Höfn í Hornafirði - www.martolvan.is

SKEIFUNNI 17
SÍMI: 550 4000
www.taeknival.is

Finnur bókaforður

Ragga leikskólakennari

Þorgrímur rekstrarstjóri á hverfabækistöð

Þorkell byggingatæknifræðingur

ÖLL Í SAMA NÚMERI

4 11 11 11

Hjá símaveri Reykjavíkurborgar færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

ÞJÓNUSTA FYRIR ÞIG!



MARLENE DIETRICH (1901-1992) lést þennan dag.



„Kynlíf er þráhyggja í Bandaríkjunum en staðreynd í öðrum hlutum heimsins.“

Marlene Dietrich var þýsk söng- og leikkona. Hún skemmti bandarískum hermönnum í síðari heimsstyrjöldinni og söng meðal annars lagið Lili Marleen.

TÍMAMÓT

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST

Hindenburg springur í loft upp

Lofffarið Hindenburg sprakk og brotlenti við bandarísku flotastöðina í Lakehurst í New Jersey þennan dag árið 1937. Hindenburg var að ná landi í Bandaríkjunum eftir 60 daga ferð frá Frankfurt í Þýskalandi. Á þessum tíma tók það loftför þrjú daga að fara yfir Atlantshafið, sem var styttri tími en skip þurftu. Loftför nutu mikillar hylli á þriðja og fjórða áratugnum en fyrsta farið var hannað árið 1852 af Þjóðverjanum Ferdinand von Zeppelin. Hindenburg var stærsta loftfarið sem byggt hefur verið og var rúmí 24 metrar að lengd. Það náði 137 km hraða á klukkustund og hélst uppi af vetnissgas, sem er mjög eldfimt. Farþegar voru 36 og 61 í áhöfn. Skipið var að leggjast að í Lakehurst þegar það sprakk skyndilega og brann. 36 létust í slysinu, þar af þrettán farþegar, 21 úr áhöfn og einn úr áhöfn á jörðu. Notkun loftfara varð óvinsæl eftir slysið og engin loftskip voru eftir við lok síðari heimsstyrjaldarinnar.



6. MAÍ 1937

MERKISATBURÐIR

- 1912 Mjög stór jarðskjálfti verður á Suðurlandi og íbúðarhús og útihús hrynja. Stærð skjálftans hefur verið áætluð 7 stig.
- 1954 Hinn 25 ára Roger Bannister verður fyrsti maðurinn til að hlaupa eina mílu á innan við fjórum mínútum.
- 1981 Bandaríski framhaldspátturinn Dallas er í fyrsta sinn á dagskrá Sjónvarpsins.
- 1986 Hornsteinn er lagður að húsi Seðlabankans.
- 1994 Ermarsundsgöngin eru opnuð.
- 1995 Átján skólabörn frá Breiðdalsvík slasast þegar rúta fer af vegi.

ANDLÁT

Jón Kr. Guðmundsson, málari, lést fimmtudaginn 28. apríl. Útförin fór fram í kyrkþey.

Aðalsteinn Grétar Guðmundsson, Aðalstræti 71a, Patreksfirði, lést sunnudaginn 1. maí.

Ragnar Þór Jörundsson, frá Hellu, Steingrímsfirði, lést mánudaginn 2. maí.

Vagnbjörg Jóhannsdóttir, Gyðufelli 14, Reykjavík, lést þriðjudaginn 3. maí.

Agatha Þorleifsdóttir, Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi, lést miðvikudaginn 4. maí.

JARÐARFARIR

13.00 Unnur Guðmundsdóttir, Stað, Reykhólasveit, verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju.

13.00 Helgi Bergs, fyrrverandi bankastjóri, Hlíðarhúsum 3, Reykjavík, verður jarðsöngin frá Dómkirkjunni.

13.00 Gils Guðmundsson, fyrrverandi alþingismaður og rithöfundur, verður jarðsöngin frá Bústaðakirkju.

14.00 Jón B. Kristinsson, húsamíðameistari, Nónvörðu 2, Keflavík, verður jarðsöngin frá Keflavíkurkirkju.

15.00 Lovisa Bjargmundardóttir, Ægisíðu 50, Reykjavík, verður jarðsöngin frá Nes Kirkju.

15.00 Sigrún Hólmkelsdóttir, dvalarheimilinu Grund, verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju.



GENGIÐ TIL KOSNINGA Það er víðar kosið en í Bretlandi um þessar mundir. Í Palestínu fóru bæjarstjórnarkosningar fram í nokkrum bæjum.



Minningarkort
535 1825

www.hjarta.is • 535 1800

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáteldursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglýsingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

AFMÆLI



Einar Sigurbjörnsson guðfræðingur er 61 árs.

Guðmundur Pétursson, lögfræðingur og fyrrverandi markvörður, er 59 ára.



Einar Benediktsson, forstjóri Ólíuverslunar Íslands, er 54 ára.



Geir Svansson myndlistarmaður er fimmtugur.



Matthías Hannes Guðmundsson, framkvæmdastjóri Reykjavígar, er 47 ára.




Gylfi Aðalsteinsson vinnumarkaðsfræðingur er 41 árs.



Reinhard Reynisson, bæjarstjóri á Húsavík, er 45 ára.

FÆDDUST ÞENNAN DAG



1856 Sigmund Freud sálfræðingur.



1895 Rudolph Valentino hjartakúsari.



1915 Orson Welles kvikmyndagerðarmaður.



1953 Tony Blair forsætisráðherra.



1959 Aidan Quinn leikari.



1961 George Clooney leikari.



LIST OG IDJA Sýning á verkum sjúklinga á Landspítalanum er haldin í undirgöngunum sem liggja milli Barnaspítala Hringins og aðalandyris Landspítalans við Hringbraut.

TÍMAMÓT: SJÚKLINGAR SÝNA Í UNDIRGÖNGUM

Sköpun flýtir bata

Sýning á listaverkum sjúklinga á Landspítalanum verður opnuð á morgun, laugardag. Er hún haldin í 200 metra löngum göngum sem liggja á milli Barnaspítala Hringins og aðalandyris Landspítalans við Hringbraut en þau hafa ekki fyrr verið nýtt til myndlistarsýningarhalds.

Verkin eru af ýmsu tagi og eru unnin af fólki á öllum aldri sem hefur þurft að dvelja í lengri eða skemmri tíma á einhverri af mörgum deildum Landspítala – háskólasjúkrahúss. Þau voru unnin í iðjuþjálfun og listmeðferð eða annarri myndsköpun á síðustu misserum.

Sólveig Baldursdóttir myndhöggvari er sýningarstjóri og segir hún mikið unnið með list á spítalanum. „Við erum fyrst og fremst að vekja athygli á þessu skapandi starfi sem unnið er svo víða á spítalanum.“

Að sögn Sólveigar eru verkin mjög fjölbreytileg og spanna vítt svið listarinnar. Þau eru unnin í alls konar efni og auk hefðbundinnar myndlistar má þar til að mynda finna bútaumsverk.

Sólveig þorir ekki að fullyrða að það sjáist á verkunum að þau séu unnin af sjúklingum. „Ég þori að segja að það sé þannig yfir línuna. Í sumum verkunum má þó sjá

það en í öðrum ekki. Fólk er auðvitað misjafnleg veikt, sumt þjáist andlega en annað líkamlega.“

Sólveig segir engan vafa leika á að sköpun sé mikilvæg á leið sjúklinga í átt að bata. „Sköpun flýtir bata,“ segir hún og bætir við að gaman sé að fá tækifæri til að halda sýningu á verkunum og vekja þannig athygli á nauðsyn þessa skapandi þáttar.

Sýningin í undirgöngunum verður opnuð með formlegum hætti á morgun og eru allir velkomnir, bæði í opnunina og svo á sýninguna sjálfa sem stendur allan maímánuð en yfirskrift hennar er List og iðja. ■

ORGANISTI HÁTEIGSKIRKJU:

Safnar fyrir orgeli

Í Háteigskirkju hefur verið spilað á lítið bráðabirgðaorgel í 35 ár. Það hefur lengi verið á dagskrá að kirkjan eignist orgel við hæfi og hefur nú verið hrundið af stað fjárflyun til kaupa á nýju orgeli. Douglas Brotchie, organisti kirkjunnar, segir hugmyndina vera að láta smíða endurgerð af barokk-orgeli en það yrði hið eina sinnar tegundar hér á landi. Búist er við að slíkt orgel kosti um 40 milljónir króna.

Að þessu tilefni verður haldinn Dagur opinna kirkju í Háteigskirkju á laugardag. Boðið verður upp á listviðburði frá klukkan tvö til sex og getur fólk komið og farið að vild en Douglas lofar mikilli fjölbreytni. Meðal annars mun Gunnar Guðbjörnsson óperusöngvari hefja upp raust sína, Ellen Kristjánsdóttir syngur nokkur lög, Kristinn H. Arnason plökkar gítarstrengi og stúlkur úr



BRÁÐABIRGÐAORDEL Douglas Brotchie við gamla orgelið. Stefnan er að láta smíða endurgerð af barokkorgeli fyrir Háteigskirkju á næstu árum.

Ballettskóla Eddu Scheving stíga tekið verður á móti framlögum í létt spor. Aðgangur er ókeypis en orgelsjóðinn. ■

Vaxtalaus verðsprengja

Verandarhitari

- Vandaður gashitari sem stenst alla staðla
- Auðveldur í notkun og samsetningu
- Gengur fyrir venjulegum gaskút

Hitasvæði: allt að 18 m²
Stærð á hatti: 81,5 cm
Hæð: 225 cm
Hitari: Ryðfritt stál
Hæsta stilling: 13 Kw

TILBOÐ
2.857* kr
á mánuði
í 7 mánuði

Verð 19.999,-
verð áður 24.999,-

Verandarhitari

- Vandaður gashitari sem stenst alla staðla
- Auðveldur í notkun og samsetningu
- Gengur fyrir venjulegum gaskút

Hitasvæði: allt að 9 m²
Stærð á hatti: 81,5 cm
Hæð: 220 cm
Hitari: Ryðfritt stál
Hæsta stilling: 7 Kw

TILBOÐ
2.142* kr
á mánuði
í 7 mánuði

Verð 14.994,-
verð áður 19.999,-

STERLING

Sterling 1104

- Brennari: 7.0kW H-Brennari úr ryðfriú stáli
- Heildar umfang: 2710cm²
- Grind: Porselínhúðaðar járngrindur
- Kveikja: Elektrónísk
- Flave-R-Wave™ grind fyrir ofan brennara til að jafna út hitadreifingu í grillinu
- Niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrökum
- Hjól til að auðvelda tilfærslu á grillinu

**FRÍ HEIMSENDING
OG SAMSETNING**
á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri

2.980* kr
á mánuði
í 5 mánuði

Staðgreitt 14.900

Verð áður 22.900

STERLING



TILBOÐ
4.499* kr
á mánuði
í 12 mánuði

Verð 53.988,-
verð áður 59.900,-

**FRÍ HEIMSENDING
OG SAMSETNING**
á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri

Sterling 2588

- Brennari: 13.2kW H-Brennari úr ryðfriú stáli
- Heildar umfang: 3903cm²
- Grind: Porselínhúðaðar járngrindur
- Kveikja: Elektrónísk
- Flave-R-Wave™ grind fyrir ofan brennara til að jafna út hitadreifingu í grillinu
- Niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrökum
- Hitamælir
- Hjól til að auðvelda tilfærslu á grillinu

STERLING



TILBOÐ
2.855* kr
á mánuði
í 7 mánuði

Verð 19.985,-
verð áður 24.900,-

**FRÍ HEIMSENDING
OG SAMSETNING**
á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri

Sterling 1714

- Brennari: 8,8kW H-brennari úr ryðfriú stáli
- Heildar umfang: 3742cm²
- Grind: Porselínhúðaðar járngrindur
- Kveikja: Elektrónísk
- Flave-R-Wave™ grind fyrir ofan brennara til að jafna út hitadreifingu í grillinu
- Niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrökum
- Hjól til að auðvelda tilfærslu á grillinu

TILBOÐ
2.499* kr
á mánuði
í 4 mánuði

Verð 9.996,-
verð áður 19.999,-

Grillino Champ grill

- Grillflötur: 48 x 30 cm
- Grind: Krómuð
- Kveikja: Neistakveikja
- Brennari: Breiður l-brennari
- Steinar og grind fyrir ofan brennara til að jafna hitadreifingu í grillinu
- Hliðarborð úr viði
- Hjól til að auðvelda tilfærslu á grillinu

Gildir til 9. maí eða á meðan birgðir endast.

*Stimpil-, seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla



Heyrst hefur...

... að körfuboltakappinn Lárus Jónsson sé genginn til liðs við Fjölni en þeir komu allra liða mest á óvart í Intersportdeildinni í vetur. Fjölnismenn ætla sér greinilega enn stærri hluti á næstu leiktíð og aldrei að vita nema fleiri leikmenn gangi til liðs við félagið á næstu dögum.

sport
sport@frettabladid.is

HANDKNATTLEIKSMÁÐURINN RÓBERT GUNNARSSON: KOMINN Í ÚRSLIT Í DANSKA BOLTANUM

Væri gaman að kveðja með titli

Róbert Gunnarsson og félagar í Aarhus munu spila til úrslita um danska meistaratitilinn í handbolta. Það varð ljóst þegar Aarhus sigraði meistaradeildina, GOG, í gær, 38-35, og vann því einvígi liðanna 2-0. Róbert fór hamförum í leiknum og skoraði 11 mörk en Aarhus mætir hinu geysisterka liði Kolding í úrslitum. Það var glatt á hjalla í rútnni hjá leikmönnum Aarhus sem voru á leið heim þegar Fréttablaðið náði tali af Róberti.

„Þetta var nokkuð öruggt enda leiddum við leikinn nánast allan tímann og náðum mest sjö marka forystu,“ sagði Róbert en árangur Aarhus er glæsilegur burtséð frá því hvort liðið fer alla leið og sigrar Kolding í úrslitunum. „Við erum komnir í Meistaradeildina og það er frábær árangur. Þessi árangur er ekki síður glæsilegur þar sem við vorum að slá út sjálfa meistarana og það 2-0. Það er veruleg gleði í Árósum með þennan árangur okkar.“

Róbert hefur farið mikinn með Aarhus í vetur og var langmarkahæsti leikmaður dönsku deildarinnar í vetur. Það þarf því ekki að koma á óvart að þýska stórlíðið Gummersbach sé búið að tryggja sér þjónustu kappans á næstu leiktíð. Það reikna ekki margir með því að Aarhus standi í Kolding í úrslitunum en Róbert segir mikinn hug í honum og félögum hans.


„Við höfum fulla trú á okkur. Þeir eru vissulega mjög góðir og mun sigurstranglegrni en þessir leikir eru bara bikarúrslitaleikir og þá getur allt gerst. Við mætum óhræddir í úrslitarimmuna enda höfum við allt að vinna en engu að tapa. Ég mun gefa allt sem ég á gegn Kolding og það væri ekki leiðinlegt að kveðja félagið með titli,“ sagði Róbert Gunnarsson landsliðsmaður í handknattleik og leikmaður Aarhus.

> Við höfum áhyggjur af ...

... Bjarnólfi Lárussyni sem er hent af velli hvað eftir annað síðustu vikun en hann fékk rautt spjald eina ferðina enn í gær. Ef fram heldur sem horfir mun þáttaka hans í Landsbankadeildinni verða takmörkuð.

> Við óskum ...

... Haukum innilega til hamingju með Íslandsmeistaratitilinn, þann þriðja í röð. Árangur félagsins í úrslitakeppninni í ár er með eindæmum góður en liðið fór í gegnum alla keppnina án þess að tapa leik. Það sem enn merkilegra er að kvennalið Hauka gerði slíkt hið sama. Til hamingju, Haukar. Þið eruð sannarlega stórveldi í handbolta.



LEIKIR GÆRDAGSINS

Haukar-ÍBV 28-24 (13-9)

Mörk Hauka: Ásgeir Örn Hallgrímsson 9, Þórir Ólafsson 6, Vignir Svavarsson 3, Gísli Þórisson 3, Andri Stefan 3, Freyr Brynjarsson 2, Halldór Ingólfsson 2/1.

Varin skot: Birkir Ívar Guðmundsson 24.

Mörk ÍBV: Svavar Vignisson 8/1, Zoltan Belanyi 5/3, Tite Kalandadze 4, Björgvin Rúnarsson 3, Kári Kristjánsson 2, Grétar Eyþórs. 1, Samúel Árnas 1

Varin skot: Roland Valur Eradzte 15.

Besta handboltafélag landsins

Haukar sýndu og sönnuðu á Ásvöllum í gær að þeir standa öllum öðrum íslenskum félögum frammar á handboltasviðinu þegar karliði félagsins fylgdi í fótspor kvennanna og varð Íslandsmeistari.

HANDBOLTI Haukar eru Íslandsmeistarar í handbolta karla, og það nánast án þess að blása úr nös. Páll Ólafsson, þjálfari Hauka, hefur náð því allra besta úr sínum mönnum á hárréttum tíma og er greinilegt að þessi frábæri árangur er ekki síst honum að þakka. Þrátt fyrir hetjulega baráttu Eyjamanna kom allt fyrir ekki – strax eftir að Haukar skoruðu fyrsta markið hófst mikill eltingaleikur sem endaði með því að gestirnir sprungu á limminu.

Haukar byrjuðu sem sagt leikinn af miklum krafti og komust í 4-1 með Birki Ívar í banastuði í markinu. Varði hann fyrstu tvö skot Tite Kalandadze, sem hafði leikið lausum hala í síðasta leik liðanna í Eyjum, og gaf þar með tóninn. En þá gáfu Haukar eftir í sókninni og greinilegt að Eyjamenn ætluðu ekki að gefast upp þótt á móti blási.

Eftir 15 mínútna leik var staðan 6-4 fyrir Hauka og við tók kafla þar sem bæði lið fengu sín tækifæri til að taka völdin í leiknum. Hvorugt hins vegar nýtti sér það og skoruðu aðeins eitt mark hvort á næstu fimm mínútunum. Kári Kristján fékk meira að segja upplagt tækifæri til að jafna leikinn en Birkir Ívar varði vel og Haukar skoruðu auðveldlega úr hraða-upphlaupi strax á eftir.

Smám saman sigldu Hafnfirðingar fram úr og tvö mörk í röð frá Halldóri Ingólfssyni tryggðu

Haukum þriggja marka forskot á ný. Í hálfleik var staðan 13-9 og útlitið svart fyrir Eyjamenn.

Birkir Ívar byrjaði síðari hálfleikinn af sama krafti og þann fyrri og eftir tvær mínútur voru Haukar komnir með sex marka forskot. Eyjamenn neituðu hins vegar að gefast upp, þrátt fyrir að lenda 18-11 undir. Í kjölfarið kom kafla þar sem lið ÍBV var fullskipað á móti þremur Haukamönnum. Það fór þó ekki eins illa og það hefði getað orðið fyrir heimamenn en Tite Kalandadze vaknaði af værum blundi eftir tíu mínútna leik og minnkaði muninn í þrjú mörk með þrumuskoti.

Við tók furðuleg atburðarás í leiknum þar sem Eyjamönnum tókst að skora í autt mark Hauka tvisvar í röð. Roland var loksins byrjaður að verja af viti og leikurinn virtist ætla að snúast á band gestanna. Þeir fengu þrjú tækifæri til að jafna leikinn en eins og í fyrri hálfleik sýndi Birkir Ívar hversu megnugur hann er og varði meistaralega vel á hárréttum augnablikum. Ásgeir Örn tók af skarið í kjölfarið, Þórir bætti öðru við úr hraða-upphlaupi og þar með var sigurinn í höfn.

Botninn datt í leik beggja liða þegar Eyjamenn reyndu örvæntingafulla tilraun að koma sér aftur inn í leikinn. Það var of seint. Haukar leyfðu sér að leika sér tíu síðustu mínútur leiksins – lokatölur 28-24.

Þjálfari Hauka var kampakátur í leikslok:

Einstakur árangur hjá okkur

HANDBOLTI Páll Ólafsson, þjálfari Hauka, sagði að vissulega hefði hann ekki gert sér grillur um að þeir myndu klára einvígið í þremur leikjum.

„Maður tekur bara einn leik í einu og ég hugsaði ekki einu sinni svona langt. Þetta datt vissulega upp í hendurnar á okkur þannig séð, tryggðum okkur framlengingu úti í Eyjum og þá komumst við í lykilstöðu,“ sagði Páll sáttur. „Þetta er staðfesting á því frábæra starfi sem hefur verið unnið hérna í klúbbum, bæði stelpurnar og strákarnir fara í gegnum úrslitakeppnina taplaus og það er algjört einsdæmi.“

Erlingur Richardsson, þjálfari ÍBV, var stoltur af sínum mönnum þrátt fyrir að endirinn hefði ekki verið að hans skapi. „Ég er mjög stoltur af strákunum og þeir hafa lagt sig alla fram og þessi árangur er alveg frábær þrátt fyrir að hafa ekki náð að landa titlinum,“ sagði Erlingur. Hann sagði að hvernig liðið tapaði öðrum leiknum úti í Eyjum hefði slegið þá dálítið út af laginu. „Það hafði vissulega mikil áhrif, ég sá hvernig strákarnir hreinlega dömpuðust niður þar sem við misstum unninn leik niður. Vorum í vandræðum hér í dag allan leikinn og náðum okkur því miður ekki á strik.“



LANGBESTIR Haukamennirnir Vignir Svavarsson, Birkir Ívar Guðmundsson og Ásgeir Örn Hallgrímsson fagna hér titlinum í gær. Þetta var síðasti leikur Vignis og Ásgeirs fyrir félagið í bili þar sem þeir eru á leið í atvinnumennsku. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ótrúlegt ár hjá Haukum í Hafnarfirði er karliðið tryggir sér titilinn þriðja árið í röð – og það án þess að tapa leik í úrslitakeppninni en hið sama gerði

kvennalið Hauka. Hafi það ekki legið ljóst fyrir eru Haukar einfaldlega langbestir.

eirikurst@frettabladid.is



FRÁBÆR Eyjapeyinn Birkir Ívar Guðmundsson reyndist ÍBV erfiður í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



TOPPÁRANGUR Páll Ólafsson stýrði Haukum aftur til Íslandsmeistaratitils. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

HELOSAN RAKAKREM fyrir alla fjölskylduna



Mýkjandi og rakagefandi

Alvöru vinnuvélaleiga



Belta- og hjólagröfur

Minigröfur

Beltavagnar

Jarðvegsþjöppur

Traktorsgröfur

Skotbómulyftarar



KRAFTVÉLALEIGAN
-alvöru vinnuvélaleiga

Dalvegi 6-8 · Kópavogi · Sími 535 3515

www.kraftvelaleigan.is

Dregið í dag!



10

Ford Mustang
bifreiðar í vinninga

3 milljónir í skottið að auki
ef þú átt tvöfaldan miða

Dregið 52 sinnum á ári um 705 skattfrjálsar milljónir!

Hringdu núna
561 7757

Kíktu á netið
www.das.is

HAPDRÆTTI

das

-vinningur í hverri viku



HVER VILL KOMA? Jose Mourinho ætlar að styrkja leikmannahóp Chelsea í sumar enda náði hann ekki takmörkum sínum með liði í vetur.

Mourinho vill fleiri:

Þrjár nýir í sumar

FÓTBOLTI Jose Mourinho, framkvæmdastjóri meistaraliðs Chelsea, hefur lýst því yfir að hann hyggist næla í þrjá nýja leikmenn þegar félagsskiptagluggin opnar í sumar. Roman Abramovitsj ætlar að opna budduna þannig að Mourinho geti fengið til liðsins vinstri bakvörð, miðjumann og sóknarmann.

Serbeski sóknarmaðurinn Mateja Kezman hefur nú þegar lýst því yfir að hann vilji frá liðinu í sumar og Eiður Smári er farnin að spila á miðjunni þannig að Didier Drogba er eini sóknarleikmaðurinn sem líklega verður eftir og hann hefur ekki verið að skora mikið að undanförunu. Mörg nöfn hafa verið nefnd í slúðurdálkum bresku blaðanna en engar staðfestar fregnir hafa borist af því hvaða leikmenn Mourinho ætlar að næla í. ■

Áfall fyrir Liverpool

Liverpool nægir ekki að vinna Meistaradeildina til þess að fá þátttökurétt í henni að ári. Það verður að ná fjórða sæti í ensku úrvalsdeildinni.

FÓTBOLTI Enska knattspyrnusambandið gaf þá yfirlýsingu út í dag að Liverpool fái ekki sæti í Meistaradeild Evrópu þó svo að liðið ynni Meistaradeild Evrópu. Knattspyrnusambandið ákvað að þau lið sem myndu enda í fjórum efstu sætum í ensku úrvalsdeildinni fengju sætin fjögur sem Englendingar fá.

Þessar fréttir eru mikið áfall fyrir Liverpool sem gæti staðið frammi fyrir því að vinna Meistaradeildina en fengi ekki tækifæri á að verja titilinn. Þegar þrjár umferðir eru eftir er Everton þremur stigum á undan Liverpool en þeir eiga einnig leik til góða og því eru þeir í afar góðum málum í baráttunni um 4. sætið.

Ekki eru allir á eitt sáttir við þessa niðurstöðu en stjórnarformaður Everton, Keith Wyness, fagnaði þessari ákvörðun. „Vissulega höfum við ekki ennþá tryggt okkur 4. sætið en við fögnum þessari ákvörðun enska knattspyrnusambandsins og við ætlum okkur að komast í Meistaradeildina,“ sagði Wyness. Sumir telja það einkennilegt að enska knattspyrnusambandið taki þessi ákvörðun því fyrir ári síðan var allt annað upp á teningnum hjá sambandinu. Þá gaf það út að ef Chelsea eða Arsenal myndu vinna Meistaradeildina en ekki ná að vera með fjögurra efstu liða í deildinni, þá myndu þau samt fá sæti í Meistaradeild Evrópu. Það



Á LEIÐ TIL ISTANBÚL Úrslitaleikurinn í Meistaradeildinni gæti verið síðasti Meistaradeildarleikurinn sem stuðningsmenn Liverpool sjá í langan tíma.

er spurning hvað hefur breyst á þessum tíma en það verður samt ekki tekið af Everton að þeir eiga það fyllilega skilið að komast í Meistaradeild Evrópu, enda hefur liðið spilað mjög vel í vetur. Það er ljóst að stuðningsmenn Liverpool eru ekki sáttir við þessa ákvörðun en það gæti

einnig verið sterkt fyrir ensku knattspyrnuna að fá nýtt lið í Meistaradeild Evrópu en stóru félagin hafa einokað efstu sætin undanfarin ár. Það gæti hafa verið hugsun enska knattspyrnusambandsins, að styrkja enska knattspyrnu.

- gsj



FÖGNUMUR Leikmenn Milan hafa fagnað grimmt síðustu vikur.

AC Milan gegn Juve:


Risarnir mætast

FÓTBOLTI Á sunnudag fer fram einn af leikjum knattspyrnutímabilsins í Evrópu þegar AC Milan tekur á móti Juventus. Þegar fjórar umferðir eru eftir af leiktíðinni eru liðin eru jöfn að stigum á toppi ítölsku deildarinnar en ef annað hvort liðið nær að knýja fram sigur á það meistartitilinn vísan. AC Milan eru ríkjandi meistarar en Juventus er það lið sem oftast hefur hampað ítalska titilinum.

Juventus mætir með hálf vængbrotið lið á San Siro. Sænski framherjinn og ólátabelgurinn Zlatan Ibrahimovic er enn að taka út leikbann fyrir að að hafa sveiflað olnbogann í andlitið á Ivan Cordoba varnarmanni Inter á dögnum. Auk þess eru meiddir varnarmaðurinn Jonathan Zebina og miðvallaleikmaðurinn Alessio Tacchinardi. Góðu fréttirnar fyrir Fabio Capello, þálfara Juventus, eru að David Trezeguet er orðinn leikfær eftir meiðli og mun hann hefja leikinn í framlínunni ásamt fyrirliðanum Alessandro Del Piero.

Þrátt fyrir 3-1 tap á móti PSV Eindhoven á miðvikudag tryggði AC Milan sér sæti í úrslitaleik Meistaradeildarinnar, sem fer fram í Istanbul 25. maí. Þjálfari Milan Carlo Ancelotti er sannfærður um sú niðurstaða gefi sínum mönnum byr undir báða vængi fyrir leikinn gegn Juventus.

Leikur AC Milan og Juventus hefst klukkan 13 á sunnudag og er í beinni útsendingu á Sýn.



HUNDFÚLL Paul Robinson hefur lokið keppni með Spurs í vetur.

Áfall fyrir úrvalsdeildarlið Tottenham Hotspur:

Robinson ekki meira með

FÓTBOLTI Paul Robinson, markvörður Tottenham og enska landsliðsins, verður ekki meira með á þessu tímabili. Robinson meiddist á hné í glæsilegum 4-0 sigurleik gegn Aston Villa um síðustu helgi og nú hefur röntgenmyndataka staðfest að liðbónd í hnénu sköðduðust.

Tottenham berst nú hatrammlega fyrir sæti í UEFA-keppninni

að ári en liðinu nægir að lenda í sjöunda sæti til þess að tryggja sér keppnisrétt þar.

Tottenham sækir Middlesboro heim í Riverside á laugardaginn en liðin eru jöfn að stigum í 7.-8. sæti deildarinnar þegar tvær umferðir eru eftir.

Leikurinn er því geysimikilvægur og Tottenham-menn munu sakna Robinson.



M.Sc. - nám í viðskiptafræði

Kynningarfundur föstudaginn 6. maí kl. 15.00 í Háskólanum í Reykjavík, á fyrstu hæð, Ofanleiti 2

Framúrskarandi kennarar
- alþjóðleg þekking og reynsla

M.Sc. Endurskoðun og reikningshald
(Accounting)

M.Sc. Fjármál fyrirtækja (Corporate Finance)

M.Sc. Investment Management (MSIM)



Stefán Svavarsson
forstöðumaður
meistaránámsins
kynnir skipulag þess.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 • www.ru.is



KLÁR Í SLAGINN
Thierry Henry mætir til leiks á Þúsaldarvöllinn.

Spennan magnast fyrir úrslit enska bikarsins:

Henry sennilega með, Heinze ekki

FÓTBOLTI Allt lítur út fyrir að Thierry Henry, framherji Arsenal, verði tilbúinn í slaginn þegar Arsenal og Manchester United mætast í úrslitum ensku bikarkeppinnar á Þúsaldarleikvanginum í Cardiff 21. maí.

Henry hefur átt við nárameiðsl að stríða undanfarnar vikur og verður sennilega frá í næstu þremur deildarleikjum Arsenal sem berjast nú fyrir því að tryggja sér annað sætið í deildinni sem tryggir þá beint inn í riðla-keppni Meistaradeildarinnar.

Argentínski bakvörðurinn

Gabriel Heinze verður að líkindum ekki með í úrslitaleikum en hann varð fyrir meiðslum á ökkla í sigurleik gegn Newcastle fyrir skemmstu.

Parafleiddandi verður Heinze sennilega ekki meira með á þessu tímabili en hann hefur staðið sig vel með liði Manchester á tímabilinu.

Bæði liðin eiga að leika um helgina, Manchester fá WBA í heimsókn á Old Trafford á laugardaginn en Arsenal mæta Evrópu-meistarakandidötunum í Liverpool á Highbury á sunnudag. ■

út að ganga ... góð hreyfing



Kynning á Stafgöngu

Í tilefni af Alþjóðlega fótverndarmánuðinum ætlar **Félag íslenskra fóttaaðgerðafræðinga**, í samstarfi við **ÍSÍ** og **SKÍ**, að standa fyrir kynningu og sýnikennslu í stafgönguþróttinni **laugardaginn 7.maí. n.k.**

Kynningin fer fram í 2 hópum við höfuðstöðvar ÍSÍ í Laugardal. Fyrri kynningin er kl. 13 og sú seinni kl. 14.

Fóttaaðgerðafræðingar verða á staðnum og gefa góð ráð um skó og sokka. Nokkur pör af stöfum verða til láns en þeir sem eiga stafi eru hvattir til að taka þá með sér.

**Ísland
á iði**
Hreyfa sig!



FÉLAG ÍSLENSKRA FÓTTAÐGERÐAFRÆÐINGA



LEIKIR GÆRDAGSINS

Deildarbikar karla

KR-ÞRÓTTUR 3-2
1-0 Gunnar Einarsson (42.), 1-1 Guðfinnur Ómarsson (56.), 1-2 Páll Einarsson, víti (69.), 2-2 Skúli Friðgeirsson (73.), 3-2 Sigmundur Kristjánsson (85.).

Danski handboltinn

AARHUS-GOG 38-35
Róbert Gunnarsson skoraði 11 mörk fyrir Aarhus en **Sturla Asgeirsson** komst ekki á blað. Aarhus er komið í úrslitarimmuna um danska titilinn.

UEFA-bikarinn

CSKA MOSKVA-PARMA 3-0
1-0 Carvalho (10.), 2-0 Carvalho (53.), 3-0 Berezoutski (60.). **CSKA Moskva** er komið í úrslit fyrst rússneskra liða.

Norska úrvalsdeildin

HAM KAM-FREDRIKSTAD 1-1

MOLDE-TROMSÓ 2-1

ODD GRENLAND-LILLESTRÖM 0-2

ROSENBERG-START 3-0

Jóhannes Harðarsson var í byrjunarliði Start en var skipt af velli á 63. mínútu fyrir Alex Nyarko. **VALERENGA-AALESUND** 3-1

Arni Gautur Arason stóð í marki Valerenga allan leikinn og **Haraldur Guðmundsson** var í byrjunarliði Aalesund og skoraði mark liðsins.

VIKING-LYN 0-0

Hannes Sigurðsson kom af bekknum hjá Viking á 77. mínútu en **Stefán Gíslason** spilaði allan leikinn fyrir Lyn.

BRANN-BODÖ/GLIMT 2-3

Ólafur Örn Bjarnason var í byrjunarliði Brann og lék allan leikinn en **Kristján Örn Sigurðsson** var á bekknum hjá Brann en kom af honum á 77. mínútu.

Sænska bikarkeppnin

SKELLEFTEA-IFK GAUTABORG 2-11

Hjálmur Jónsson var ekki í leikmannahópi Gautaborg.

VASBY-DJURGARDEN 0-2

Kári Arnason og **Sölvi Geir Ottesen** léku ekki með Djurgarden í leiknum.

KALMAR-HAMMARBY 3-1

Pétur Marteinsson var ekki í leikmannahópi Hammarby.

HALMSTAD-BODEN 3-2

Gunnar Heiðar Þorvaldsson skoraði tvö mörk fyrir Halmstad sem sigraði eftir framlengdan leik.

HVAD? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

3 4 5 6 7 8 9

Föstudagur

LEIKIR

19.00 **KR** og **Valur** eigast við á Stjórnunelli í úrslitaleik A-deildar kvenna í knattspyrnu.

SJÓNVARP

- 16.50 **Pú ert í beinni!** á Sýn.
- 18.00 **Upphitun** á Skjá einum.
- 18.30 **Gillette-sportpakinn** á Sýn.
- 19.00 **Motorworld** á Sýn.
- 19.30 **UEFA Champions League** á Sýn.
- 20.00 **World Supercross** á Sýn.
- 21.00 **World Series of Poker** á Sýn.
- 23.30 **Washington Wizards** og **Chicago Bulls** á Sýn. Bein útsending frá úrslitakeppni NBA-deildarinnar.

KR-ingar stálu sigrinum

Mark Sigmundar Kristjánssonar fimm mínútum fyrir leiklok tryggði KR-ingum 3-2 sigur í úrslitaleik deildarbikarsins í knattspyrnu sem fram fór í Egils-höllinni í gærkvöld.

FÓTBOLTI Ekki er hægt að segja annað en að Þróttarar hafi verið miklir klaufar að tapa leiknum því þeir komust í 2-1 þegar 20 mínútur voru eftir af leiknum. En KR-ingar, sem tefldu fram hálfgerðu varaliði í gær, náði með mikilli eljusemi að vinna sig inn í leikinn á ný og eins og fyrr segir var það þrumufleygur Sigmundar sem skildi liðin af að lokum.

„Ég get ekki verið annað en ánægður með að hafa unnið hér í dag með alla þessa ungu leikmenn í liðinu,“ sagði Magnús Gylfason, þjálfari KR, í samtali við Fréttablaðið eftir leikinn. Liðið var án 6 fastamanna í leiknum og ekki bætti úr skák að Grétar Hjartarson þurfti að yfirgefa völinn strax í upphafi, en meióslí hann reyndust ekki alvarleg. Þá fékk Bjarnólfur Lárússon að líta rauða spjaldið á lokamínútu fyrri hálfleiks ásamt Jens Sævarssyni hjá Þrótti og því stóð liðið sem KR tefldi fram í síðari hálfleik að miklu leyti af leikmönnum 2. flokks félagsins.

Það voru Þróttarar sem voru mun betri aðili í leiknum á heildina lítið en leikmenn liðsins voru klaufar að nýta sér ekki þau marktækifæri sem þeir fengu í leiknum. „Svona fer ef maður heldur ekki fullri einbeitingu í 90 mínútur,“ sagði Eysteinn Lárússon, varnarmaður Þróttar í leiklok. „Þetta er hundsvekkjandi því við erum miklu betri stærstan hluta leiksins. En við gleymum okkur tvisvar undir lokin og er refsad,“ sagði Eysteinn sem fannst úrslitin ósanngjörn. „En þetta sýnir okkur jafnframt að við getum vel staðið í þessum stóru liðum. Við ætlum að standa okkur í sumar og við tökum þá bara í deildinni í sumar,“ bætti Eysteinn við í léttum tón.

Eysteinn átti finan dag í vörn



MEISTARAR! Sigurvin Ólafsson og Kristján Finnbogason lyfta hér deildarbikarinnum í sameiningu í Egilshöll í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þróttar var besti maður liðsins ásamt Daniel Hafliðasyni, sem átti skínandi leik á miðjunni, og framherjanum Guðfinni Ómarsyni. Hjá KR var Færeyingurinn Rógvi Jacobsen öflugur í miðverðinum í fjarveru Tryggva Bjarnasonar og þá var Sölvi Davíðsson atkvæðamikill á hægri kantinum. Þá er enn ónefndur vinstri bakvörður KR-inga í gær,

Gunnar Kristjánsson. Þar er á ferð 18 ára strákur sem er sóknarmaður að upplagi og er klárlega einn fljótaasti leikmaður landsins. Hann átti margar finar rispur í leiknum í gær og ef eitthvað er að marka frammistöðu hans í gær er þarna á ferð leikmaður sem á eftir að láta mikið að sér kveða í sumar.

vignir@frettabladid.is



MÁLÍN RÆDD Ónafngreindir starfsmenn BAR-liðsins ræða úrskurð áfrýjunardómstólsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Pungur dómur í Formúla 1-kappaskturinn:

BAR í bann í tvö mót

FORMÚLA 1 Keppnisliði BAR hefur verið bönnuð þátttaka í næstu tveimur Formúlu 1 keppnum. Liðið var kært til áfrýjunardómstóls Alþjóða kappaksturssambandsins (FIA) eftir að í ljós kom að bíll Jenson Button hefði verið 5,4 kílóum undir leyfðri þyngd í kappakstrinum í San Marínó.

Voru stigin sem Button, sem varð þriðji, og liðsfélagi hans, Takuma Sato, unnu sér inn í þeirri keppni tekin af þeim. Það þýðir að þegar BAR mætir næst til leiks, í Nurburgring þann 29. maí, verður liðið án stiga. FIA fór

fram á að BAR-liðinu yrði útilokað frá öllum keppnum tímabilsins en þeirri kröfu var hafnað.

Þegar bíll Button var skoðaður eftir síðustu keppni kom í ljós að hann hafði verið tæmdur var bíllinn undir leyfðri heildarþyngd.

Dómstóllinn gat ekki fært sönnur fyrir því að um svindl hefði verið að ræða en forseti FIA, Max Mosley, segir að málið liggja ljóst fyrir. „Þeir skildu eftir 15 lítra af bensíni á bílnum og sögðu að tankarnir væru tómir.“

- esá

ÚR SPORTINU

Kristinn Hafliðason skrifaði í gær undir 2 ára samning við Þrótt. Kristinn sem hefur leikið undanfarið ár með KR-ingum verður væntanlega klár í slaginn þegar deildin hefst 16. maí. **Kristinn** er 29 ára uppalinn Vikingur en lengi vel var Vikingur eina liðið sem rætt hafði við **Kristin**.



Það breyttist og nú hefur hann eins og áður segir skrifað undir samning við Þróttara en Valsmenn voru einnig í viðræðum við Kristin. Það er ljóst að **Kristinn** á eftir að reynast nýliðum Þróttar mikill styrkur.

Allar líkur eru á því að **Joel Pilkington** sem hefur verið til reynslu hjá úrvalsdeildarliði Vals, verði boðinn samningur, samkvæmt **Berki Edvardssyni**, formanni knattspyrnudeildar Vals. „Hann lítur nokkuð vel út og ef allt gengur upp þá á ég von á því að honum verði boðinn samningur,“ sagði **Börkur**. Aðspurður sagði **Börkur** að hann gæti ekki útilokað komu framherja frá Bretlandi. „Við erum að leita og skoða málin úti en það gæti allt eins farið svo að það kæmi enginn. Við þurfum að finna rétta manninn,“ sagði **Börkur** enn fremur.

Íslandsmótið í snóker hefst um helgina og fer mótið fram í Snókerstofunni Lágímula. Keppt verður bæði í kvenna- og karlaflokkum en þess ber að geta að keppni í kvennaflokkum klárast um helgina en keppni í karlaflokkum klárast 14. maí. Í



karlaflokkum á **Brynjar Valdimarsson** titil að verja en hann fær eflaust harða mótspyrnu í mótinu.

Kyflingurinn **Birgir Leifur Hafþórsson** mun um helgina leika á Evrópumótaröðinni í golfi en spilað verður í Milanó á Ítalíu. Fjölmargir þekktir kyflingar verða á meðal þátttakenda en eins og flestir vita öðlaðist **Birgir** takmarkaðan þáttökurétt á Evrópumótaröðinni í fyrra. Það verður gaman að sjá hvort Birgi tekst að komast í gegnum niðurskurðinn um helgina en það er mikið í húfi á Evrópumótaröðinni.



KR og Valur leika til úrslita í deildabikarkeppni kvenna í dag. Leikurinn hefst kl. 19 en leikið er á Stjórnunelli. Valur hefur leikið til úrslita um deildabikarinn í 6 af síðustu 8 skiptum en einungis náð að vinna bikarinn tvisvar. Þær unnu bikarinn síðast árið 2003. KR hefur unnið bikarinn tvisvar en þær unnu síðast 2002. Valsstelpur unnu A-deildina mjög örugglega en þær sigruðu alla leikina sína en KR var í 2. sæti en liðið vann þrjá leiki og tapaði tveimur. Liðin hafa mást tvi-vegis það sem af er vetri og í bæði skiptin hafa Valsstelpur haft betur.

GÆÐAVARA Á BETRA VERÐI!

SPARAÐU PENINGA

DEKKJA LAGERINN

LEIÐANDI Í LÆGRA DEKKJAVEÐI

MICHELIN


BFGoodrich

755 3355

DEKKJA LAGERINN Skeifunni 3c 108 Reykjavík
DEKKJA LAGERINN Viðarhöfða 6 110 Reykjavík
DEKKJA LAGERINN Smiðjuvegur 6 200 Kópavogi
DEKKJA LAGERINN Melabraut 24 220 Hafnarfirði
DEKKJA LAGERINN Iðavöllum 8 230 Keflavík
DEKKJA LAGERINN Flugumýri 16 270 Mosfellsbæ
DEKKJA LAGERINN Sólbakka 8 310 Borgarnesi
DEKKJA LAGERINN Njarðarnesi 1 603 Akureyri
DEKKJA LAGERINN Miðási 23 700 Egilsstöðum
DEKKJA LAGERINN Víkurbraut 4 780 Höfn
DEKKJA LAGERINN Gagndeiði 13 800 Selfossi

FÓLKSBI LADEKK • JEPPEDEKK • FÓLKSBI LADEKK • JEPPEDEKK • FÓLKSBI LADEKK • JEPPEDEKK

sumir fara aldrei fram úr aftur 



HVITA HÚSID / SÍA - 2795

FRÁ RIDLEY SCOTT
LEIKSTJÓRA
GLADIATORORLANDO BLOOM
KINGDOM
OF HEAVEN
HEIMSFRUMSÝND
4. MAÍVILTU BÍÓMIÐA
Á 99KR?

SMS LEIKUR

Sendu SMS skeytið
JA KHf á númerið
1900 og þú gætir unnið.

VINNINGAR

Miðar fyrir 2 á Kingdom of Heaven
Glæsilegur varningur tengdur myndinni
DVD myndir og margt fleira.

11. HVER VINNUR



MOBILE

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi.
Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið

STUÐ MILLI STRÍÐA · Einföld mynd

SIGRÍÐUR B. TÓMASDÓTTIR KIPPUR SÉR EKKI UPP VIÐ OPRUH-ÞÁTT.



MYND: HELGI SIGURSSON

Hvers eiga lág-
vaxnar, vel mennt-
aðar, harðgiftar,
dökkhærðar ís-
lenskar konur að
gjalda? Þær
gley mast alltaf
þegar verið er að
draga upp mynd af íslenskum kon-
um á erlendri grundu, hvort sem
það er í Flugleiðaauglýsingu eða í
sjónvarpsþætti hjá stórstjórnunni
Opruh Winfrey.

Kannski þykir sú mynd ekki
nógu spennandi, ég veit það ekki,
en mér er líka alveg sama. Ég skil
satt best að segja ekki allt það
fjaðrafok sem orðið hefur út af Ís-
landsþætti sjónvarpskonunnar. Í
honum mun vera dregin upp klisju-

leg mynd af íslenskum konum. Við
erum sagðar hávaxnar, ljóshærðar
og fallegar, sjálfstæðar, lítið fyrir
að fara á stefnumót, alveg til í að
stunda kynlíf frá unga aldri og okk-
ur þykir ekki mikið mál að vera
einstæðar mæður.

Eins og með allar alhæfingar er
eitthvað til í þessu þó sitthvað
vanti upp á lýsinguna til þess að ís-
lenskum konum séu gerð fullkomin
skil. Skárra væri það nú. Ég hefði
ekki búist við öðru af þætti eins og
þætti Opruh, sem gengur út á
klisjukenna og yfirborðslega um-
fjöllun um hin ýmsu hugðarefni, en
að hún vildi alhæfa um Íslendinga.

Oprah og hennar lið hafði víst
ekki áhuga á öðrum hliðum ís-
lensku kvenþjóðarinnar en þeirri

sem sýnd var í þættinum. Menntun
þeirra átti ekki upp á pallborð
framleiðendanna, sem höfðu held-
ur ekki áhuga á að segja frá öðrum
mat en hrútsprungum og hákarli,
mat sem fæstir borða oftar en einu
sinni á ári. Það er bara miklu
skemmtilegra að segja frá svoleið-
is skringilegheitum en laxi og
lambakjöti.

Yfirborðsleg umfjöllun í Opruh
er ekkert til að missa svefn út af að
mínu mati en kannski bara ágætis
áminning nú á tímum fjölmiðla-
byltingar og upplýsingaflæðis um
að sú mynd sem fjölmiðlar draga
upp er ekki endilega sú eina rétta.
Það eru yfirleitt fleiri hliðar á
mönnum og málefnum en þær sem
fjölmiðlum þykja spennandi. ■

myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Överli




GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



PÚ OG PA

Eftir SÖB



KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell



BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott





OASIS Ný plata hljómsveitarinnar, sem kemur út 30. maí, er þegar komin á netið.

Nýja platan komin á netið

Ný plata hljómsveitarinnar Oasis, Don't Believe the Truth, er komin á netið, þrátt fyrir að útgáfudagurinn sé ekki fyrr en 30. maí. Platan birtist á þýskri iTunes-síðu í fyrradag og gátu notendur iTunes því náð í hana á löglegan hátt. Ekki reyndist erfitt að finna plötuna á síðunni og þó svo að aðeins þýskir notendur geti keypt plötuna er hægt að hlusta á sýnishorn af hverju lagi í öllum tölvum. ■

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

Hrafnkell í svörtum fötum og Steinunn í Nylon mæta Jónsa í svörtum fötum og Klöru í Nylon. Sannkölluð föstudagsgleði með Hemma Gunn.

ÞAÐ VAR LAGIÐ

Nýjasta æðið í sjónvarpi í kvöld kl. 20



JESSICA SIMPSON Nýlega hafa sprottið upp sögur um að eitthvað sé ekki í lagi á milli hjónakornanna Jessicu Simpson og Nick Lachey. Talsmaður söngkonunnar kannast þó ekkert við þær og enn síður Jessica.

Ekkert að marka sögurnar

Jessica Simpson kom mörgum á óvart þegar hún mætti í tískuhólf í Metropolitan-safninu án eiginmannsins, Nick Lachey. Tveimur dögum áður höfðu sprottið upp sögur um að hún hefði verið ansi innileg við Fred Durst á tíu ára afmæli Hard Rock hótelsins. Einnig sást Johnny Knoxville fylgjast grannt með stúlkunni það kvöld og virðist það líka hafa kveikt í slúðurgosunum.

Talsmaður Simpson segir hins vegar að Lachey hafi verið í Svíþjóð að taka upp plötu. Í viðtali í síðasta tölublaði Cosmopolitan segir Simpson að allt gangi vel í hjónabandinu en bætir þó við að þau eigi sínar góðu en einnig sínar slæmu stundir. „Stundum langar okkur að rífa hárið hvort af öðru, en það er í lagi,“ sagði hún. ■



Lokað vegna breytinga

Opnum aftur mánudaginn 9. maí



HÚSGAGNAVERSLUN

Síðumúla 20 | sími 568 8799 | www.ondvegi.is | ondvegi@ondvegi.is

Burtfarartónleikar Ragnheiðar

Ragnheiður Gröndal heldur í kvöld burtfarartónleika sína úr söngdeild Tónlistarskóla FÍH. Á efnisskránni er frumsamin tónlist. Ragnheiður hóf nám við Tónlistarskóla FÍH haustið 2000 og sótti fyrsta veturinn tíma hjá Tenu Palmer og Kjartani Valdemarssyni í djasssöng. Ári síðar byrjaði hún í djasspíanón-ámi hjá Agnari Má Magnússyni og söngtímum hjá Jóhönnu Linnét. Á síðasta ári hélt hún til Svíþjóðar sem skiptinemi og sótti þar bæði söng- og píanótíma. Undanfarinn vetur Ragnheiður ver-
ið í söngtímum hjá Kristjönu Stefánsdóttur og Kjartani Valdemarssyni. Samhliða náminu hefur hún sent frá sér tvær hljómplötur og haldið fjölda tónleika. Fyrri platan kom út árið 2003 og heitir einfaldlega Ragnheiður Gröndal, en í fyrra sendi hún frá sér Vetrarljóð og hlaut fyrir vikið Íslensku tónlistarverðlaunin, bæði fyrir bestu dægurlaga-plötuna og sem söngkona ársins.



Á tónleikum í kvöld leika með henni þeir Guðmundur Pétursson á gítar, Kjartan Valdemarsson á hljóðgervil, Birgir Bragason á kontrabassa og Birgir Baldursson á trommur. Tónleikarnir hefjast kl. 20 og er aðgangur ókeypis.

EKKI MISSA AF...

... rokkónleikum **Sinfóníu-hljómsveitar Íslands** í kvöld og annað kvöld. Hljómsveitin flytur klassísk rokkklög í bland við brot úr tónverkum klassískra tónskálda. Stjórnandi er **Friedemann Riehle**.



... útskriftarsýningu **Listháskóla Íslands** sem opnuð verður á Kjarvalsstöðum á morgun.

... tónleikum **Englakórsins** í Ráðhúsi Reykjavíkur á morgun. Í kórnum eru börn á aldrinum þriggja til sex ára.

menning

menning@frettabladid.is

Íslandsmyndir Englendinga

„Þessar myndir eru mjög sérstakar og hafa flestar ekki sést áður. Þær segja mikla sögu,“ segir Frank Ponzi listfræðingur, sem á laugardaginn opnaði í Bókasafni Mosfellsbæjar sýningu á gömlum ljósmyndum frá Íslandi.

Myndirnar tók enski ferðalangurinn, listamaðurinn og ljósmyndarinn Frederick W. W. Howell hér á landi á árunum 1890 til 1901. Ponzi gaf nýverið út bók með ljósmyndum Howells frá Íslandi. Á sýningunni eru myndirnar úr bókinni sýndar ásamt ýmsum munum sem tengjast efni myndanna.

FRANK PONZI Opnaði sýningu á gömlum ljósmyndum eftir Frederick W.W. Howell í Bókasafni Mosfellsbæjar um helgina.



„Þessi ljósmyndari, Frederick Howell, drukknaði hér á landi árið 1901 og er grafinn í Miklabæ. Ég hef verið í sambandi við afkomanda hans og fann mikið af efni á bókasafni erlendis.“

Myndir hans sýna okkur meðal annars gömlu Reykjavík, landsbyggðina, náttúrufrýrbæri og horfna sögustaði. „Þarna eru meðal annars myndir af Sigríði Tómasdóttur í Brattholti með fjölskyldu sinni. Hún var hetja sem var að bjarga Gullfossi tíu árum áður en Rachell Carson skrifaði sína frægu bók, Silent Spring.“

Í bókinni hefur Frank stuðst við myndefni, ritað mál úr ýmsum áttum, kirkjubækur, bréf og margt fleira, og þannig náð að varpa ljósi á líf Howells og mikilvægt tímabil í sögu Íslands. ■



ÖRNULF OPDAHL Sýnir í Norræna húsinu myndskreytingar sínar við Brekkukotsannál ásamt myndum frá vísindaleiðngum frá Norður-Atlantshafi og Suðurskautslandinu.

Frá Brekkukoti til Suðurskauts

Einn vinsælasti myndlistarmaður Noregs nú um stundir, Örnulf Opdahl, sýnir nú verk sín í Norræna húsinu í Reykjavík. Á sýningunni eru myndskreytingar sem hann gerði fyrir nokkrum árum við norska útgáfu Brekkukotsannáls eftir Halldór Laxness. Einnig sýnir hann myndir sem hann gerði í kjölfar þess að hann fór með vísindaleiðangri.

„Ég hafði aldrei komið til Íslands þegar ég gerði þessar myndir,“ segir Opdahl um myndskreytingar sínar við Brekkukotsannál, „en ég hafði komið til Færeyja þrisvar sinnum og svo hafði ég myndir frá Íslandi til hliðsjónar. Þetta eru mikið stemningsmyndir, landslag og umhverfi, en mér létti mjög þegar ég kom til Reykjavíkur og sá að hér er fjall í bakgrunnum.“

Í lok níunda áratugarins urðu þáttaskil á ferli Opdahls þegar hann hvarf frá figúratívu, súrrealísku málverki og sneri sér að landslagsmálverki, sem hefur verið helsta viðfangsefni hans síðan.

Hann sækir viðfangsefni sitt að miklu leyti í mikilvöldu náttúru Vestur-Noregs þar sem hann býr og hefur átt ríkan þátt í endurnýjun hinar norsku landslagshefðar.

„Annars hef ég alltaf málað svona,“ segir hann og segist jafnan hafa látið tískusveiflur í myndlistinni sem vind um eyru þjóta. „Mér fannst ég svolítið utanveltu stundum, en hjólið snýst og fyrr eða síðar snýr allt aftur. Ég hef líka verið að mála í meira en 40 ár, þannig að mér finnst ég vera býsna öruggur í því sem ég er að gera. En ef ég væri tvítugur í dag myndi ég sennilega nota aðra miðla og fást við önnur myndefni.“

Fyrir tveimur árum ferðaðist Opdahl á eigin vegum til Suðurskautsins og í fyrra tók hann þátt í MAR-Eco leiðangri norska rannsóknarskipins GO Sars með vísindamönnum sem voru að gera rannsóknir á Mið-Atlantshafshryggnum. Á sýningunni í Norræna húsinu eru vatnslitamyndir og múnótýpur sem eru unnar í kjölfar þessara tveggja ferða. ■


Fantasiur Þorsteins

Á vorsýningu Gallerí Kambs í ár eru kynnt verk söngvaskáldsins og teiknarans Þorsteins Eggertssonar. Auk litaðra og ólitaðra teikninga úr hugarheimi hans verða nokkrir af þekktustu söngtextum hans handskrifaðir af honum.

Myndirnar á sýningunni eru fantasiur frá ýmsum tímum, eins konar yfirlit af verkum hans í myndum og söngtextum, enda ber sýningin yfirskriftina Söngvasýnir. Aðalmynd sýningarinnar heitir Paper King Subjects, rétt eins og skáldsaga Þorsteins sem kom út fyrir nokkrum árum.

„Ég gerði þessa mynd eftir að bókin kom út. Mér datt í hug að hafa svolítið öðruvísi sýn á viðfangsefnið. Á sýningunni er líka fullt af myndum líka í þessum fantasistíl og svo tók ég mig til og handskrifaði tuttugu söngtexta sem ég held að flestir kannist við. Það þýddi ekkert að hafa meira en svona tuttugu. Það hefði tekið allan mánuðinn að skrifa alla textana mína, sem eru 570 talsins.“

Gallerí Kambur er skammt frá Hellu. Margir hafa átt í erfiðleikum með að rata þangað, en Þorsteinn er



PAPER KING SUBJECTS Sýning Þorsteins Eggertssonar stendur nú yfir í Gallerí Kambs skammt frá Hellu á Rangárvöllum, með nákvæmar akstursleiðbeiningar á hraðbergi.

„Farið er yfir Þjórsársbrú og þá er þetta þriðji afleggjari til vinstri. Á skilti við afleggjarann stendur Gíslholt, en Kambur er síðan þriðji bær vinstra megin.“

Vorsýningin að Gallerí Kambs stendur til 28. maí. Hún verður opin daglega frá kl. 13-18 nema hvað lokað verður á miðvikudögum. ■

FRÁ MIÐVIKUDEGINUM 4. MAÍ TIL SUNNUDAGSINS 8. MAÍ

2for1

2 FYRIR 1 Á MÖRGUM AF NÝJU VORVÖRUNUM



BIANCO.®
FOOTWEAR

SMARALIND 2 · KOPAVOGUR · TEL.: 528 8900
KRINGLAN 8-12 · REYKJAVÍK · TEL.: 533 2130

CLINIQUE

Kaupaukinn þinn frá Clinique er í Hagkaupum!

Allt þetta fylgir kaupum á CLINIQUE snyrtivörum fyrir 3.900 eða meira, dagana 6.-11. maí.*

- Nýtt Dramadically different moisturizing gel 30 ml
- Moisture surge extra 7 ml
- Rinse off eye makeup solvent 30 ml
- High impact mascara 4 g
- 4. varalitir í öskju
- Superbalm varasalvi 5 ml
- Nýtt Happy to be 4 ml

*Meðan birgðir endast



NÝTT

Colour Surge Impossibly Glossy

Fallega votar varir. Frábær perlugljái. Fæst í 10 litum. Mjúkur, léttur, rakagæfur. Algerlega ómótstæðilegur. Nýja Colour Surge Impossibly Glossy varaglossið.



Gildir til 11. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Fæst í snyrtivöruverslunum Hagkaupa Kringlu, Skeifu, Smáralind og Akureyri.

Tenórinn

ALLRA SÍÐASTA
SÝNINGLaugardaginn
7. maí kl. 20.00
Tjarnarbakkinn
restaurant
DÍNAMÍT
"LISTRÆNT AFREK"

Stóra sviðið kl. 20.00

DÍNAMÍT - Birgir Sigurðsson

5. sýn. í kvöld fös. 6/5 örfá sæti laus, 6. sýn. mið. 11/5 örfá sæti laus, 7. sýn. lau. 21/5 nokkur sæti laus, 8. sýn. fim. 26/5 nokkur sæti laus.

EDITH PIAF - Sigurður Pálsson

Lau. 7/5 uppseil, fim. 12/5 uppseil, fös. 13/5 uppseil, fös. 20/5 örfá sæti laus, sun. 22/5 nokkur sæti laus. Sýningum fer fækkandi í vor.

MÝRARLJÓS - Marina Carr

Sun. 8/5 uppseil. Síðasta sýning. Aukasýning fim. 19/5!

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR - Ævinýtraheimur H.C. Andersen, Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason.

Sun. 8/5 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 22/5 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 28/5 kl. 14:00 nokkur sæti laus.

Litla sviðið kl. 20.00

KODDAMAÐURINN - Martin McDonagh

Í kvöld fös. 6/5 uppseil, mið. 11/5 nokkur sæti laus.

Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin! Sýningin hentar ekki viðkvæmu fólki og börnum.

Samkomuhúsið á Akureyri kl. 20.00 - Leikför

GRÆNA LANDIÐ - Ólafur Haukur Simonarson

Fös. 13/5, lau. 14/5. Miðasala hjá Leikfélagi Akureyrar - www.leikfelag.is - sími: 4600200.

Miðasölusími: 551 1200 Netfang: midasala@leikhusid.is Vefang: www.leikhusid.is

Þriðjudaginn 3. maí og miðvikudaginn 4. maí verður miðasalan opin frá kl. 16-18.

Hægt er að senda miðapantanir á netfangið midasala@leikhusid.is

Þjóðleikhúsið sími 551-1200

Avaxtakarfan
Í AUSTURBÆ

Jónsi

Ísmiðing

...Ég er voldugur og líka holdugur. Enginn hér er betri en ég. Ég um mig frá mér til mín. Það getur enginn jafnast á við mig...

SPARISJÓÐURINN

IsMedia

Miðasala í Austurbæ opin alla daga frá kl. 14 til kl. 18 pantanir í síma 551 4700 www.avaxtakarfan.is

Sunnudagur 8. Maí kl: 13:30
Sunnudagur 29. Maí kl: 13:30

www.midi.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

STÓRA SVIÐ

DRAUMLEIKUR

e. Strindberg. Samstarf: Leiklistardeild LHÍ. Í kvöld kl 20, Fö 20/5 kl 20, Fö 27/5 kl 20

Síðustu sýningar

HÍBÝLI VINDANNA

leikgerð Bjarna Jónssonar eftir Vesturfarasögu Böðvars Guðmundssonar

Su 8/5 kl 20, Fö 13/5 kl 20

Su 22/5 kl 20, Fi 26/5 kl 20

- Síðustu sýningar

HÉRI HÉRASON

e. Coline Serreau

Lau 7/5 kl 20, Lau 28/5 kl 20

- Síðustu sýningar

KALLI Á ÞAKINU

e. Astrid Lindgren

Í samstarfi við Á þakinu

Lau 7/5 kl 14 - UPPS.

Su 8/5 kl 14 - Lau 14/5 kl 14 - UPPS.

Su 22/5 kl 14 - UPPSELT, Lau 4/6 kl 14

Su 5/6 kl 14, Su 12/6 kl 14, Su 12/6 kl 17

Lau 18/6 kl 14, Su 19/6 kl 14, Su 26/6 kl 14

PURPURI - TÓNLEIKAR FABULU

Margrét Kristín Sigurðardóttir

Fi 12/5 kl. 21:00

NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN

TERRORISMI

e. Presnyakov bræður

Fi 12/5 kl 20, Fö 20/5 kl 20

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR

Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.

Í kvöld kl 20 - UPPS.

Lau 7/5 kl 20 - UPPS., Su 8/5 kl 20 - UPPS.

Fi 12/5 kl 20 - UPPS., Fö 13/5 kl 20 - UPPS.,

Lau 14/5 kl 20, Fi 19/5 kl 20, Fö 20/5 kl 20

SVIK

eftir Harold Pinter

Samstarf: Á SENUNNI, SÖGN ehf. og LA

Fi 12/5 kl 20 - Aukasýning

RIÐIÐ INN Í SÓLARLAGIÐ

e. Önnu Reynolds.

Í samstarfi við leikhópinn KLÁUS.

Lau 7/5 kl 20, Fö 13/5 kl 20, Lau 14/5 kl 20

- Síðustu sýningar

Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna

- gildir ekki á barnasýningar

Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is

Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is • Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:

10-18 mánudaga og þriðjudega, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga

12-20 laugardaga og sunnudaga

TÓNLEIKAR

Óborganlegt óperugrín

Tónleikar með kanadísku sópran-söngkonunni Mary Lou Fallis eru engu líkir. „Ein allra fyndnasta uppkoma sem sést hefur“ og „æpandi myndi“ er meðal þess sem skrifað hefur verið um hana í erlendum fjölmiðlum.

Hún er söngkona í fremstu röð, en að auki hreint óviðjafnanlegur skemmtikraftur sem fer á kostum í sjaldheyrðri blöndu af húmor og hágæða tónlistarflutningi.

Hún er einna þekktust fyrir óperuskopleiki og einleiki sem hún hefur sjálf samið og flutt, og hafa þeir skipað henni á bekk með listamönnum á borð við Victor Borge.

Á meðal verka hennar er Primadonna, sem meðal annars er byggt á lífi hennar sjálfar sem söngkonu, Emma, Queen of Song, sem fjallar um kanadísku dívuna Emmu Albani, The Mrs. Bach Show, þar sem gestgjafinn er sjálf Anna Magdalena, eiginkona J.S. Bachs, og Ms. Mozart, saga Nann-el, systur Mozarts.

Hingað til lands er hún komin ásamt píanóleikaranum Peter Tiefenbach, sem er þekktur þáttastjórnandi í Kanada, ásamt því að fagna velgengni sem bæði tónskáld og rithöfundur. Saman ætla þau að flytja Primadonnunni í Salnum í Kópavogi. Aðeins tvær sýningar verða á verkinu, sú fyrri í kvöld en sú síðari annað kvöld.

Í verkinu fáum við að fylgjast með „Primadonnunni“ allt frá því að hún kemur í fyrsta skipti fram í garðveislu aðeins tveggja og hálfis árs gömul. Við verðum vitni að óforbetranlegum framlögum hennar til ýmissa tónlistarháttanna og kynnumst henni við mismunandi aðstæður, jafnt á sviðinu sem utan þess.

Sjálf segir Mary Lou hugmyndina að Primadonnunni hafa orðið til snemma á áttunda áratugnum þegar hún kom fram með kamm-erhópnum Camerata í uppsetn-



MARY LOU FALLIS SÖNGKONA OG GRÍNISTI Fer á kostum í óperukabarett sínum, Primadonnunni, sem hún flytur í Salnum í kvöld og annað kvöld.

ingu á vekrinu Humouresque í leikstjórn Heath Lambert.

„Ég var í hlutverki dasaðrar þjónustustúlku sem hafði ekki hugmynd um hvað hún var að gera, en var engu að síður, á sinn hrokafulla en þó sjarmerandi hátt, sannfærð um að hún væri stjarna. Saga þessarar persónu

þróaðist smám saman í eins konar miðnæturkabarett sem til stóð að sýna í eina viku.“

Það hvarflaði ekki að henni þá að þessi litla sýning ætti eftir að leiða hana á örfáum árum um Kanada þvert og endilangt, auk Bandaríkjanna, Bretlands, Japans og nú síðast Íslands. ■

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

3 4 5 6 7 8 9

Fimmtudagur

TÓNLEIKAR

17.00 Nemendur söngdeildar Kórskóla Langholtskirkju koma fram á tónleikum í Langholtskirkju.

19.30 Sinfóníuhljómsveit Íslands býður til rokk-tónlistarveislu í Háskólabíói með söngkonunum Zuzka Mikova, Nikoleta Spalasova og Gabina Urbankova. Stjórnandi er Friedemann Riehle en Frantisek Hönig leikur á trommur.

20.00 Ragnheiður Gröndal heldur burtfarartónleika sína úr söngdeild Tónlistarskóla FÍH. Á emnisránni er frumsámin tónlist eftir Ragnheiði.

Með henni leika þeir Guðmundur Pétursson á gítar, Kjartan Valdemarsson á hljóðgervi, Birgir Bragason á kontrabassa og Birgir Baldursson á trommur.

20.00 Söngsveitin Víkingar heldur í Listasal Reykjaneshæjar í Duushúsum seinni tónleika sína í kvöld í til efni 10 ára afmælis söngsveitarinnar. Stjórnandi Víkinganna er Sigurður Sævarsson.

20.30 Karlakór Keflavíkur heldur sína árlegu vortónleika í gamla skólanum í Grenivík. Einsöngvarar eru Steinn Erlingsson bariton og Davíð Ólafsson bassi. Undirleik annast Sigurður Marteinsson á píano, en stjórnandi er Guðlaugur Víktorsson.

20.30 Karlakór Akureyrar-Geysir verður með tónleika í Grafarvogskirkju. Stjórnandi er Erla Þóroldsdóttir og en undirleikari Aladár Rácz.

20.30 Á ljóðsins vængjum heitir söngdagskrá Karlakórs Akureyrar-Geysir, sem verður flutt í Grafarvogskirkju í kvöld. Þar verður Davíð Stefánsson frá Fagraskógi heiðraður í tilefni af 110 ára fæðingarársmæli hans. Dagskráin verður endurflutt með þáttöku Karlakórsins Þrasta úr Hafnarfirði á laugardag, í Víðistaðakirkju kl 17.00

21.00 Systkinin K.K. og Ellen Kristjánsdóttir koma fram á tónleikum í Hveragerðiskirkju í konsertstöðinni Kvöld í Hverö. Jón Gunnar Þórarínsson hitar upp.

22.00 Helgi Valur, 5ta herdeildin, Sviðin jörð, Hanoi Jane, Campfire Backtracks og Slow Train koma fram á Kántrihátíð á Grand Rockk.

SKEMMTANIR

23.00 Mannakorn verða með dansleik á Kringlukránni.

Dansleikur með stuðsveitinni Sólón verður í Klúbnum.

Addi M. leikur ljúfa tónlist á Catalinu í Kópavogi.

Atli skemmtanalögga og Áki pain á Pravda.

Pröstur 3000 og djamm á Sólón.

Dúettinn Acoustics skemmtir á Ara í Ögri.

FUNDIR

10.00 Ágúst Þór Árnason, Þórarinn Pétursson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Simo Tainen flytja erindi á fundi um Evrópumál í Háskólanum á Akureyri, stofu L-101.

12.00 Dr. Torun Dewan kennari í stjórnmálafræði við London School of Economics heldur fyrirlestur um úrslit bresku þingskosninganna í stofu 101 í Odda. Að loknum fyrirlestri hans gefst tími til umræðna og fyrirspuma. Fundarstjóri verður Ólafur Þ. Harðarson prófessor.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettbladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.



Fimm á Richter

Pókkar leita föstudags- og laugardagskvöld

Classic Sportbar Ármúla 5

■ LISTAHÁTIÐ

Ófatlaðir geta líka

Í gær var sett í Reykjavík lista-hátíðin List án landamæra, sem leggur sérstaka áherslu á samvinnu fatlaðra og ófatlaðra listamanna.

„Okkur langar mikið til að sýna að ófatlaðir listamenn eru engu síðri en fatlaðir listamenn,“ segir Kristinn Ingvarsson og brosir breitt. Kristinn er deildarstjóri Sérsvéitar Hins hússins, sem hefur haft veg og vanda af undirbúningi Listar án landamæra í ár ásamt Átaki, félagi fólks með þroskahömlun, Fjölmennt og

Landssamtökunum Þroskahjálp.

Þorvaldur Þorsteinsson, forseti Bandalags íslenskra listamanna, setti hátíðina formlega í Iðnó í gær, en í dag verður opnuð í Hinu húsinu myndlistarsýning Guðbjargar Láru Viðars og Grétu Guðbjargar Zimsen.

List án landamæra var fyrst haldin á Evrópuári fatlaðra árið 2003 og stóð þá fram á mitt ár 2004. Á vegum hátíðarinnar voru tæplega sextíu viðburðir af fjölbreyttum toga. Í ár verður hátíðin styttri og mun standa til 13. maí.



BLIKANDI STJÖRNUR Sönghópurinn Blikandi stjörnur er meðal þeirra sem koma fram á listahátíðinni List án landamæra.

Dagskráin er fjölbreytt og fer fram í Reykjavík, á Egilsstöðum og í Vestmannaeyjum.

Af viðburðum á hátíðinni má nefna listdans á skautum, sem verður í Egilshöll á sunnudaginn. Á mánudaginn verða tónleikar í

Salnum í Kópavogi þar sem tónlistarnemar frá Fjölmennt og Blikandi stjörnum verða með tónlistaratriði.

Á þriðjudaginn verður stutt-

myndasýning í Háskólabíói og á miðvikudaginn verður leiksýning í Borgarleikhúsinu þar sem Perl-an, sönghópurinn Blikandi stjörnur og leikhópur frá Ásgarði sýna.

Á ljóðsins vængjum.

Davíð Stefánsson frá Fagraskógi

Tónleikar í Grafarvogskrkju föstudaginn 6. maí kl. 20:30. Efnisskráin eru lög við ljóð Davíðs Stefánssonar frá Fagraskógi. Með kórnum syngja óperusöngkonurnar Alda Ingibergsdóttir og Hulda Björk Garðarsdóttir.

Karлакór Akureyrar-Geysir

Apótekarinn eftir Haydn

Óperustúdíó Íslensku óperunnar og Listaháskóla Íslands

8. maí kl. 20 - 4. sýn

10. maí kl. 20 - 5. sýn - Lokasýning

Ath. Aðgangur ókeypis



www.operais.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200 | ÍSLENSKA ÓPERAN

Íslenska óperan v/Íngólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400

KRINGLUKRÁIN

Mannakorn í kvöld

- Sérreittamatseðill
- Tilboðsmatseðill fyrir leikhúsgesti
- Hópmatseðill

Borðapantanir í síma 565 0878 www.kringlukrain.is

DANSLEIKIR um helgina

Föstudaginn 6. maí

Stuðhljómsveitin

SÓLÓN

... leikur fyrir dansi

Laugardaginn 7. maí

GEIRMUNDUR & hljómsveit

VALTÝSSON

KLÚBBURINN

við Gullinbrú

Sjá nánari upplýsingar á www.klubburinn.is eða í síma 567 3100



HÁSKÓLINN Á AKUREYRI

www.unak.felaglagi

Lögfræði

ÆTLAR ÞÚ AÐ LÆRA LÖGFRÆÐI?



Upplýsingar og umsóknareyðublöð er að finna á slóðinni www.unak.is. Þar er jafnframt hægt að skrá sig á póstlista til að fá kynningarefni sent heim.

Umsóknarfrestur er til 5. júní.



Í laganámi við Háskólann á Akureyri skoða nemendur alþjóðamál og samfélagsleg viðfangsefni með gagnrýnum augum. Í ljósi alþjóðlegs starfsumhverfis lögfræðinga er lögð sérstök áhersla á þjóðarétt, Evrópurétt, auðlinda- og umhverfiserétt, og mannréttindi. Kennendur réttarsaga og réttarheimspeki og áhersla lögð á samanburðarlögfræði, þar sem nemendur læra að skoða og skilja lög út frá ólíkum hefðum og forsendum. Einnig læra nemendur réttarfélagsfræði, réttarhagfræði og siðfræði starfsstétta.

Dr. Rachael Lorna Johnstone
lektor við félagsvísinda- og lagadeild



Lögfræðin í Háskólanum á Akureyri vakti fyrst og fremst áhuga minn vegna áherslna á alþjóðlegt nám sem kennt er af erlendum prófessorum. Símat er annar stór kostur þar sem álagið er jafnt alla önnina, og sem nemandi veit ég alltaf hvar ég stend eftir hvert gaf. Bekkirnir eru litlir og nán tengst við kennara.

Sigurður Pétur Hjaltason
nemandi í lögfræði

GERÐUBERG

Stefnumót við safnara II
Laugardagur kl. 14 - 17
Markaðstorg safnarans
Viltu kaupa, selja eða skipta?
Skráning: bh44@isl.is

Sunnudagur kl. 15
Virtúóssar, vald og þekking:
Ole Worm og upphaf söfnunar á Norðurlöndum
Valdimar Tr. Hafstein, þjóð- og menningarfræðingur flytur erindi.
Aðgangseyrir kr. 500.-
kaffi innifalið.

Sunnudagur - Bíó kl. 15
Most famous Hits Elvis Presley.

Boginn: Lóa Guðjónsdóttir
sýnir vatnslita- og olíuverk

Opið virka daga frá 11-17
og um helgar 13-17.

www.gerduberg.is

KÁNTRÝROKK Á GRAND ROKK

FÖSTUDAGUR 6. MAÍ KL. 22

KÁNTRÝHÁTÍÐ
HELGI VALUR • 5TA HERDEILDIN • SVIDIN JÖRD
HANOI JANE • CAMPFIRE BACKTRACKS • SLOW TRAIN

LAUGARDAGUR 7. MAÍ KL. 23

KÁNTRÝHÁTÍÐ
HARALDUR INGI • INDIGO • GROUND FLOOR
PÉTUR BEN • SANTIAGO

20 ÁRA ALDURSTAKMARK
Fös. Kl. 17.30:
Eitt hundraðasta Pub Quizið.
Spyrill Ævar Örn Jósepsson.

Grand Rokk - You'll never drink alone.

Batman, Svarthöfði & krossferð

Sumarið er tíminn þegar Hollywood tjaldrar öllu til. Sumarið í ár er engin undantekning og hér eru nokkrar myndir sem fólk ætti ekki að láta framhjá sér fara.

Ef það er eitthvað sem kvikmyndaverin í Hollywood elska þá er það sumarið. Eftir að hafa framleitt Óskarsvænar kvikmyndir er öllu tjaldað til. Stærri sprengingar þýða betri mynd. Sumarmyndirnar eru fyrst og fremst framleiddar til þess að skemmta fólki. Ef mynd reynist góð þá er það bónus. Sumarið í ár verður ekkert öðruvísi. Rykið hefur verið dustað af Leðurblökumanninum og Anakin Skywalker gengur til liðs við illu öflin. Tom Cruise reynir að bjarga heiminum og Orlando Bloom heldur í krossferð. Og þetta er aðeins byrjunin. Það verður ekki síður spennandi að sjá hvaða stórmynd verður rökkudniður af gagnrýnendum.

Batman Begins

Fimmta myndin um Leðurblökumanninn er staðreynd. Djarfur leikur enda eru átta ár síðan George Clooney hrökklaðist úr búningnum eftir að Batman & Robin reyndist algjört fiaskó.

Það var Tim Burton sem gerði fyrstu tvær myndirnar um hetjuna og Michael Keaton gerði henni ódauðleg skil, rétt eins og Christopher heitin Reeve hafði gert með Ofurmennið. Hollywood vildi engu að síður poppa hetjuna aðeins upp og fékk Joel Schumacher til þess að leikstýra næstu tveimur. Myndir Burtons þóttu of myrkar og ekki nægjanlega söluvænar.

Fyrri mynd Schumachers lifði á Jim Carrey, sem á þeim tíma var gulldregurinn í Hollywood, en ekkert gat bjargað seinni myndinni. Tilkynning um andlát Leðurblökumans barst skömmu síðar og markaðsmennirnir töldu nánast útilokað að hasarblaða-



hetjan myndi lifna við á ný á hvíta tjaldu.

Það þótti því tíðindum sæta þegar kvikmynd um upphaf Leðurblökumansins var kynnt til sögunnar. Framleiðendur myndarinnar hafa þó greinilega horft til gullaldartímabils Leðurblökumansins. Enginn stórmyndaleikstjóri var ráðinn heldur Christopher Nolan, sem er þekktastur fyrir sálfræðitrylla á borð við Insomnia og Memento. Það verður spennandi að sjá hvernig Christian Bale tekur sig út í búningnum en auk hans fara þeir Michael Caine, Gary Oldman og Morgan Freeman með stór hlutverk í myndinni. Myndin verður frumsýnd hér heima í lok júní.

Star Wars: Revenge of the Sith

28 ár eru liðin síðan Mark Hamill, Carrie Fisher og Harrison Ford

heilluðu heimsbyggðina upp úr skónum í kvikmyndinni Star Wars. Í kjölfarið fylgdu tvær myndir til viðbótar sem báðar nutu gríðarlegra vinsælda. George Lucas, hugsuðurinn á bak við myndirnar, malaði gull á þessa æði sem greip unga sem alna.

Lucas hafði þó ekki sagt sitt síðasta hvað Star Wars varðaði og ætlaði sér að útskýra fyrir áhorfendum af hverju Anakin Skywalker gekk til liðs við hið illa. „Fyrsta“ myndin af þremur leit dagsins ljós fyrir sex árum en hún vakti blendin viðbrögð meðal eldri aðdáenda myndanna, sem töldu sig jafnvel hafa verið blekta. Önnur myndin þótti órlítið betri en þó er ljóst að George Lucas verður að leggja allt undir ef hann ætlar að ljúka bálknum með stæl. Lucas hefur lýst því yfir að þessi síðasta mynd verði dekkri og dramatískari en fyrri myndirnar. Hefur það vakið von meðal Stjórnustriðsaðdáenda, sem margir hverjir gengu út þegar fyrirbærið Jar Jar Binks birtist. Geislasverð og tæknibrellur verða í fyrirrúmi en í myndinni er Jedi-riddurunum Skywalker og Obi-Wan falið að bjarga þingmanninum Palpatine úr klóm illmenna. Sem fyrr eru þeir Ewan McGregor og Hayden Christensen í aðalhlutverkum auk Natalie Portman og Samuel L. Jackson.

Kingdom of Heaven

Alexander mikli fór framhjá flestum. Hringadróttinssaga hafði gert hestum og skylmingum nokkuð góð skil og Troy gerði ekki alveg það sem hún átti að gera. Það hefði því mátt reikna með að Hollywood væri komin með nóg af þessari tegund kvikmynda. Ridley Scott hratt sandalátiskubylgjunn í bió af stað með Gladiator en hann er ósmeykur við að höggva í sama knérunum og veðjar á Kingdom of Heaven í sumar.

Eflaust myndi hún fara sömu leið og Alexander ef hún ætti ekki jafn mikið erindi við nútímann og raun ber vitni. Atök múslima og kristinna eru í forgrunni þannig að Scott er með eldfimt efni í höndunum. Miðað við ástandið í Mið-Austurlöndum gæti myndin vakið blendin viðbrögð enda telja margir að krossferðirnar séu svartur blettur á kristinni trú.

Fáir leikstjórar hafa þó betri tök á skylmingum en Scott, eins og hann sýndi með Gladiator og The Duellists fyrir margt löngu. Auk þess fer aðalleikaranum Orlando Bloom sverðið nokkuð vel í hendi og hann er á góðri leið með að verða næsti Errol Flynn. Með Bloom

verða Jeremy Irons og Liam Neeson í fremstu víglínu.

Sin City

Ofbeldi og aftur ofbeldi. Þannig mætti lýsa kvikmyndinni Sin City með örfáum orðum. Leikstjórinn Robert Rodriguez hefur hingað til verið þekktur fyrir ódýrar en ofbeldisfullar myndir. Hann er því á heimavelli í Sin City, sem byggir á samnefndum myndasögum Franks Miller. Miller sækir markvisst í film noir-hefðina og harðsoðna reyfara Raymonds Chandler þannig að Sin City er yfirfull af flottum og banvænum gellum, pervertum, morðóðum geðsjúklingum og hjartahreinum riddurum götunnar sem reyna að skakka leikinn.

Rodriguez fékk Miller til þess að leikstýra myndinni með sér þannig að hún er svo trú bókunum að jafnvel hörðustu aðdáendur Millers verða ekki sviknir. Það er óhætt að fullyrða að aldrei hafi myndasögu verið sýnd jafn mikil trúmennska í yfirfærslu á hvíta tjaldu.

Leikaravalið er einnig óvenju glæsilegt með Clive Owen, Bruce Willis og Rosario Dawson í broddi fylkingar, ásamt Jessicu Alba og Benicio Del Toro en það er svo gamli erkitöfvarinn Mickey Rourke sem stelar myndinni með geggjæðri túlkun sinni á brjálaða tröllinu Marv. Quentin Tarantino mætir svo sem sérstakur gestaleikstjóri í einu atriði en hann og Rodriguez eiga það til að leggja hvor öðrum lið og náðu til dæmis vel saman í From Dusk Till Dawn.

War of the Worlds

Það ætti að vera hægt að veðja á þessa mynd. Samt er eitthvað sem heldur aftur af manni. Minority Report var vissulega góð mynd en gerði ekki þá lukku sem hægt var að ætlast til af jafn stórum nöfnum og Tom Cruise og Steven Spielberg. Þeir hafa sameinast á nýjan leik í þessari mynd þegar fyrirbæri úr geimnum ógna öllu jarðlífi. Spielberg hefur reyndar látið hafa eftir sér að undanförunu að myndin sé pólitísk. „Ef ekki hefði verið fyrir árástirnar 11. september 2001 hefði þessi mynd sennilega aldrei verið gerð. Hún á að lýsa óttanum sem ríkir í Bandaríkjunum um þessar mundir,“ sagði Spielberg í viðtali við Þýska blaðið Der Spiegel.

Fáir eru jafn góðir í að gera smelli og Spielberg og við það bætist að Tom Cruise er eitt allra stærsta nafnið í kvikmyndaheiminum. Gæðaleikarinn Tim Robbins ætti síðan að vera skemmtileg viðbót við mynd sem lofar vissulega góðu. ■

MICKEY ROURKE

Þessi gamli töffari sýnir að hann er ekki dauður úr öllum æðum í hlutverki Marv í Sin City en hann hyggur á blóðugar hefndir eftir að reynt er að klína morði á vændiskonu á hann.



ORLANDO BLOOM OG LIAM NEESON

Þeir leggjast í magnaða krossferð í sumar í Kingdom of Heaven eftir Ridley Scott, sem ætlar sér enn stærri hluti en með Gladiator.



ANAKIN SKYWALKER

Lokar Stjórnustriðshringnum í maí þegar hann gefur sig hinu illa á vald og breytist í Svarthöfða, magnaðasta ljóta kall kvikmyndasögunnar.



TOM CRUISE

Er mættur til leiks á ný undir stjórn Stevens Spielbergs. Þeir félagar gerðu Minority Report saman á sínum tíma en nú reyna þeir að bjarga jarðlífinu frá ógn utan úr geimnum.



BATMAN

Leðurblökumaðurinn ris upp úr óskustu Joels Schumacher þegar Christian Bale fer í búninginn í mynd Christophers Nolan.

Fleiri stórmyndir í sjónmáli

MR. AND MRS. SMITH: Gæti vakið athygli vegna meints sambands Brad Pitt og Angelinu Jolie. Það gæti líka snúist í höndunum á henni.

FANTASTIC FOUR: Þetta sigilda fjóreyki frá Marvel er til alls líklegt í sumar enda eiga mennski kyndillinn, gúmmikallinn Reed Richards, Hluturinn Ben Grimm og ósýnilega konan (Jessica Alba) fjölda aðdáenda.

THE ISLAND: Michael Bay er vissulega mjög góður í að gera sumarmyndir en síðustu myndir hans, Bad Boys II og Pearl Harbor, gerðu ekki neina stormandi lukku. Kannski bjargar Ewan McGregor honum.

Frí förðun

Nº7

7. maí

Kl. 14-18

Lyf & heilsa
Kringlan

Alþjóðlegir útlits og förðunarfræðingar
Frá academy of colour and style
Anna og útlitið

▶ HUNDRUÐ VÖRUTEGUNDA MEÐ ROSALEGUM AFSLÆTTI

ÚTSALA

ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

**STAFRÆNAR MYNDAVÉLAR
MEÐ ALLT AÐ 50% AFSLÆTTI**

JVC
KONICA MINOLTA
OLYMPUS

25%

FERÐATÆKI MEÐ CD

VERÐ ÁÐUR kr. 3.990

TILBOÐ kr. 2.990

AFSLÁTTUR kr. 1.000

UNITED

43%

HEIMABIÓMAGNARI

VERÐ ÁÐUR kr. 69.990

TILBOÐ kr. 39.990

AFSLÁTTUR kr. 30.000

JVC

23%

STEREÓ VIDEO

VERÐ ÁÐUR kr. 12.990

TILBOÐ kr. 9.990

AFSLÁTTUR kr. 3.000

Dantax

18%

20" SJÓNVARP

VERÐ ÁÐUR kr. 16.990

TILBOÐ kr. 13.990

AFSLÁTTUR kr. 3.000

UNITED

22%

DVD SPILARI

VERÐ ÁÐUR kr. 8.990

TILBOÐ kr. 6.990

AFSLÁTTUR kr. 2.000

UNITED

11%

32" BREIÐJALDSSJÓNVARP

VERÐ ÁÐUR kr. 89.990

TILBOÐ kr. 79.990

AFSLÁTTUR kr. 10.000

GRUNDIG

HÁTALARAR MEÐ MIKLUM AFSLÆTTI Dantax JBL Infinity

TAKMARKAÐ MAGN ▶ FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR!

FLÖT SJÓNVÖRP FLOTTUR AFSLÁTTUR ALLT AÐ KR. 100.000 PHILIPS JVC UNITED



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

HUNDRUÐ GIRNILEGRA TILBOÐA Á HEIMASÍÐUNNI WWW.SM.IS

Nylon: Heldur upp á eins árs afmæli


Erum alltaf að læra eitthvað nýtt

Það er óhætt hægt að segja að Nylon-stúlkurnar hafi sprottið fram á sjónarsviðið með miklum látum fyrir um ári síðan. Þær hafa unnið hug og hjórtu landsmanna á skömmum tíma. Verið með sinn eigin sjónvarpsþátt á Skjá einum, gefið út geisladisk, bókin þeirra seldist tvívegis upp hjá útgefanda, og þær eru nýlega búnar að gefa út mynddisk. Þær Alma, Klara, Steinunn og Emilía sem skipa Nylon eru á einu ári orðnar að þjóðareign.

Steinunn Kamilla segir þær engu að síður vera með báðar fæturna á jörðinni þrátt fyrir velgengnina. „Við vitum að þessu getur verið lokið á morgun en svo lengi sem fólk nennir að hlusta á okkur þá erum við til,“ segir hún með stóískri ró og kveður vinkonu sína sem var í heimsókn. Heldur svo áfram að ræða um þetta ár sem nú er liðið. „Við förum út í þetta, vitandi að ekkert væri jafn stórt skotmark og stúlknaðljómsveit, nema kannski strákaband,“ segir hún og hlær. Henni finnst erfitt að lýsa þessu fyrsta ári nema kannski sem rússíbanareid. „Það hefur allt gerst mjög hratt og áður en maður veit af er eitt ár liðið,“ segir hún og segist ekki geta bent á neitt eitt sem standi upp úr. „Þetta er búið að vera heilmikil vinna en samt mjög kósí og þægilegt enda erum við fjórar saman í þessu,“ segir hún en vill ekki meina að þær séu orðnar einhverjar prímadonnur. „Við höfum ekkert efni á því.“

Frægðinni fylgir mikil athygli og af henni hafa þær

STEINUNN KAMILLA Segir þær vera með báðar fæturna á jörðinni þrátt fyrir velgengnina.



STÚLKURNAR Í NYLON Flokkurinn hefur unnið hug og hjórtu íslenskra ungmenna og ætlar að fagna árs afmæli sínu í Loftkastalanum í kvöld.

fengið nóg á þessu ári. Steinunn segir sumt af því sem fólk ræði um vera hreinlega fyndið. „Við erum fjórar í nákvæmlega sömu aðstöðu og því getum við talað um þessa hluti og stutt hver aðra,“ segir hún. Þrátt fyrir allt segist hún þó aldrei hafa litið um öxl eða efast. „Það sem á að gerast gerist. Mér líður líka best upp á sviðið og svo er þetta líka bara svo rosalega skemmtilegt.“

Sögur hafa verið á kreiki um að Nylon sé á leiðinni út í heim en Steinunn segir þær ekkert vera hugsa of mikið um slíka hluti. „Við ætlum

bara að njóta þessa tækifæris sem við höfum fengið og hafa gaman af því sem við erum að gera,“ segir hún og bætir við að þær hafi grætt mikið á því að vera Nylon. „Minnst af því eru þó peningar enda verður enginn ríkur á þessu héra. Við höfum hins vegar þroskast mjög mikið á þessum skamma tíma enda erum við alltaf að læra eitthvað nýtt.“ Stúlkurnar í Nylon halda upp á afmælið sitt með aðdáendum sínum í Loftkastalanum klukkan sex. Eins og venja er með afmælisboð kostar ekkert inn og geta allir komið á meðan húsrúm leyfir.

freyrgigja@frettabladid.is

Leitað að loðnum staðgengli

„Þetta skot sem við erum að fara að taka upp á laugardaginn kom óvænt fyrr inn í ferlið og við þurfum að gera þetta á morgun,“ segir Hlynur Kristjánsson, sem vinnur að gerð kvikmyndarinnar Kvikyndi sem Vesturportshópurinn er að gera um þessar mundir. Hlynur leitar nú logandi ljósi að staðgengli Gísla Arnar Garðarssonar fyrir tókurnar á morgun.

„Við þurfum nauðsynlega að ná í mann sem lítur út eins og Gísli gerir þessa dagana. Við þurfum mann með sömu lengd af hári og skeggi og með svipaða loðna líkamsbyggingu,“ segir Hlynur og lýsir hér með eftir þessum manni. Hann viðurkennir að fresturinn sé stuttur en nú er að duga eða drepast, maðurinn verður að koma í leitirnar fyrir morgundaginn. „Við erum búin að leita svolítið en höfum ekki fundið hinn eina rétta enda eru ekki margir með svona sítt hár og skegg núna.“

En hvað þarf Hlynur að gera með staðgengil Gísla? „Það er ekki hægt að upplýsa það að svo stöddu en ég get fullyrt að hann þarf ekki að leika í neinum áhættuatriðum. Við erum ekki að fara að kveikja í honum eða neitt svoléiðis,“ segir Hlynur og bætir því við að staðgengillinn

þurfi ekki heldur að striplast.

Hlynur bíður spenntur við símann eftir því að ábendingar um loðinn og skeggjaðan mann berist, þannig að allir sem telja sig geta lagt honum lið í leitinni ættu að slá á þráðinn í síma 895 5355 eða hjá Heru, samstarfskonu hans, í síma 869 3828.

Ragnar Bragason leikstýrir Kvikyndi en í henni birtist nokkuð fjölbreytt persónugallerí. Aðalpersónur myndarinnar eru handrukkari, einstæður sjúkraliði, tannlæknir, verðbréfasali, klíníkdama og geðklofi og að sögn leikstjórans er myndin heldur tragísk og raunsæ.

„Þessi mynd fjallar um frekar flókið fjölskyldumynstur á Íslandi, samskipti foreldra og barna og hvaða áhrif foreldrar hafa. Þetta eru í rauninni sneiðmyndir eða augnablik af íslenskum nútíma og gerist myndin öll innan borgarmarka. Við erum lítið niðri í bæ og frekar í útjaðri Reykjavíkur og nágrennis. Þetta er í rauninni úthverfamynd. Er það ekki þar sem allir skelfilegustu hlutirnir gerast?“ segir leikstjórinn, sem verður fyrir alla muni að komast í kynni við þéttvaxinn og loðinn mann fyrir morgundaginn.

Aðalleikarar myndarinnar eru þau Nanna Kristín Magnús-



ÞEKKIR ÞÚ ÞENNAN MANN? Svona lítur Gísli Örn Garðarsson leikari út í kvikmyndinni Kvikyndi. Nú stendur yfir dauða-leit að manni með sömu lengd af hári og skeggi og sem hefur svipaða loðna líkamsbyggingu.

dóttir, Gísli Örn Garðarson, Ingvar E. Sigurðsson, Nína Dögg Filippusdóttir, Ólafur Darri Ólafsson og Víkingur Kristjánsson.

Stefnt er á að sýna myndina í kvikmyndahúsum hérlendis í október. ■

WALT DISNEY
PICTURES PRESENTS

JULIE ANDREWS
ANNE HATHAWAY

• THE •
PRINCESS DIARIES 2
ROYAL ENGAGEMENT

Sönn ást er vanfundin.....
sérstaklega á aðeins 30 dögum

Aukaefni:
Ónotuð atriði
Konungleg fyndni
Leikir og fjór (Finnið Prinsessuna)
Baksviðs Disney

**FÁANLEG Á DVD
Í NÆSTU VERSLUN!**

SAVI
MYNDBÓND



HILDUR VALA Platan ber nafn Hildar Völu.

Fyrsta plata Hildar Völu

Idol-stjarnan Hildur Vala Einarsdóttir sendir frá sér sína fyrstu sólóplötu hinn 10. maí. Platan inniheldur tólf tölulög sem Hildur Vala valdi, sem og lög sem hún söng í Idol-keppninni. Meðal þeirra sem leika á plötunni má nefna Ólaf Hólm trommuleikara, Friðrik Sturluson bassaleikara, Guðmund Pétursson gítarleikara, Regínu Ósk bakraddasöngkonu og Jón Ólafsson, sem jafnframt útsetti lögin með Hildi Völu.

Útgáfutónleikar Hildar Völu verða hinn 15. maí í Salnum í Kópavogi. Hjólsmveitarstjóri verður Jón Ólafsson. ■



JAMELIA Söngkonan, sem á myndinni sést syngja á Brit-verðlaunahátíðinni í febrúar, fékk nýlega kökusneið senda í pósti frá Karli Bretaprins.

Fékk köku-sneið í pósti

Söngkonan Jamelia fékk heldur óvenjulega gjöf í pósti frá Karli Bretaprins. Eins og flestir vita giftist Karl Camillu Parker Bowles nýlega en prinsinn gerði sér lítið fyrir og sendi söngkonunni sneið af brúðkaupsköku hans og Camillu. Ætlunin var að þakka Jameliu fyrir störf sín sem sendiherra góðgerðarstofnunar Karls. „Ég var virkilega snortin þegar ég fékk sneiðina. Þetta var nú það síðasta sem ég bjóst við að finna í póstkassanum mínum,“ sagði söngkonan. ■

TILBOÐ VIKUNNAR

Nýjar og vinsælar geislaplötur á frábæru tilboði í verslunum Skífunnar.



Vikutilboð
1.899 kr.

Mariza - Transparente
Nýjasta plata Portúgölsku Fado söngkonunnar Mariza sem heldur tvöna tónleika á vegum Listahátíðar 27. og 28. maí.



Vikutilboð
1.999 kr.
2 CD

Eurovision Song Contest 2005 Kiev
Öll lögin sem keppa í Eurovision söngvakeppninni þetta árið en keppnin verður haldin 19. og 21. maí.



Vikutilboð
1.999 kr.
2 CD

Pottpétt 37
Platan inniheldur m.a. 6 lög með íslenskum flytjendum og má þar nefna fyrsta lagið sem Hildur Vala sendir frá sér. Þú finnur flest vinsælustu lögin í dag á Pottpétt 37.



Vikutilboð
1.699 kr.

Limp Bizkit - The Unquestionable Truth (Part 1)
Hér er fimmta stúdíóplata Limp Bizkit. Bandið hefur hér endurheimt gítarleikarann Wes Borland, sem var ekki með á síðustu plötu. Hann kemur til baka með stæl, því hér er á ferð rokkadasta plata Limp Bizkit til þessa.



Vikutilboð
1.899 kr.

Nine Inch Nails - With Teeth
Einstaklingshljómsveitin Nine Inch Nails er skipuð Trent Reznor. Hér er hans fjórða stúdíóplata eða sú fyrsta síðan The Fragile kom út fyrir heilum 6 árum. Platan inniheldur m.a. smáskífulagið The Hand That Feeds, sem er í mikilli spílun á rokkstöð landsins.



Vikutilboð
1.899 kr.

Akon - Trouble
Fyrsta plata Akon er að fara sigurför um Evrópu, enda inniheldur platan smellina „Locked Up“ og „Lonely“ sem eru í mikilli spílun hér sem og annarsstaðar.



Vikutilboð
1.899 kr.

Gwen Stefani - Love Angel Music Baby
Söngkona No Doubt hefur slegið í gegn með þessari fyrstu sólóplötu sinni. Platan inniheldur líka stórmellina „What You Waiting For?“, „Rich Girl“ og nýja lagið „Hollaback Girl“.



Vikutilboð
1.899 kr.

Jack Johnson - In Between Dreams
In Between Dreams er þriðja plata brimbrettatöfvarans og tónlistarmannsins Jack Johnson. Þessi plata er að fá hreint frábærar viðtökur, bæði hjá gagnrýndum jafnt sem og hjá kaupendum tónlistar.



Vikutilboð
2.199 kr.
CD+DVD

Bruce Springsteen - Devils & Dust
Á nýju plötunni „Devils & Dust“ heldur Brúsi sig að mestu á rölegum nótum og tekst svo vel upp að gagnrýndur eru margir hverjir á því að þetta sé ein af hans allra bestu plötum. Með fyrsta upplagi plötunnar fylgir DVD diskur sem inniheldur heimildarmynd, tónleikaupptökur, viðtöl o.fl.



Vikutilboð
1.899 kr.

John Mayer - Heavier Things
John Mayer nældi sér í tvönn Grammyverðlaun fyrir smáskífulagið Daughters af þessari frábæru plötu. „Heavier Things“. Þess má geta að platan gerði sér lítið fyrir og fór alla leið í efsta sætið í Bandaríkjunum í útgáfuvikunni. Frábær plata frá mögnuðum tónlistarmanni.



Vikutilboð
1.899 kr.

Hot Hot Heat - Elevator
Hot Hot Heat var hampað mikið af rokkpressunni fyrir sína fyrstu plötu „Make Up The Breakdown“ en þeir gera enn betur á nýju plötunni „Elevator“ og fara gjórsamlega á kostum. Inniheldur m.a. smáskífulagið Goodnight, Goodnight. Alvoru rokk og ról.



Vikutilboð
1.899 kr.
2 CD

Led Zeppelin - Very Best Of
Við bjóðum þessa frábæru tvöföldu safnplötu á einstöku tilboðsverði í tilefni af mögnuðum tónleikum Robert Plant í höllinni í síðasta mánuði. Öll bestu lög Led Zeppelin í einum pakka



...skemmtir þér ;)

Skífan Laugavegi 26 • Skífan Smáralind • Skífan Kringlunni • www.skifan.is

Frægasti ís í heimi er loksins kominn til Íslands

Baileys

Vanilla

Macadamia Nut Brittle

Cookies & Cream

Strawberries & Cream

Dulce de Leche

Góður ís sem gællir við tunguna!

SMÁRA BÍÓ
Sími 564 0000 HUGSABU STÓRT

HEIMSFURMSÝNING
FRÁ LEIKSTJÓRA
DIE ANOTHER DAY

Orlando Bloom, Liam Neeson og Jeremy Irons fara á kostum í epískri stórmynd. Missið ekki af mögnuðustu mynd ársins!

KINGDOM OF HEAVEN
FRÁ LEIKSTJÓRA GLADIATOR

Sýnd kl. 5, 8 og 11.
Sýnd í lúxus kl. 4, 7 og 10 B.I. 16 ára

*** TV Kvikmyndir
MELINDA
Sýnd kl. 5.45 og 8

In Good Company
Sýnd kl. 8 og 10.30

BeCool
Sýnd kl. 10.15 B.I. 14 ára

BÍÓ.IS - allt á einum stað

REGNBOGINN
Sími 551 9000 **400 kr. í bíó!***

HEIMSFURMSÝNING
Orlando Bloom, Liam Neeson og Jeremy Irons fara á kostum í epískri stórmynd. Missið ekki af þessari.

Ridley Scott, leikstjóri Gladiator, færir okkur eina mögnuðustu mynd ársins!

KINGDOM OF HEAVEN
FRÁ LEIKSTJÓRA GLADIATOR

Sýnd kl. 8 og 9 B.I. 16 ára

FM 957 **BT**

Downfall
Sýnd kl. 8 og 9

ifff *****
O.H.T. Rás 2

Aðrar myndir í sýningu:
Bad Education - Sýnd kl. 8
Hotel Rwanda - Sýnd kl. 8.30 og 8
House of the Flying Daggers - Sýnd kl. 10.15

Sýnd kl. 8 og 10.15 B.I. 13 ára

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu

Sími 553 2075 **LAUGARAS BÍÓ** - bara lúxus

FRÁ LEIKSTJÓRA GLADIATOR
ORLANDO BLOOM
KINGDOM OF HEAVEN

Sýnd kl. 5, 8 og 10:45. B.I. 14

FRÁ LEIKSTJÓRA
DIE ANOTHER DAY

Sýnd kl. 5:45, 8 og 10:15

FRÁ LEIKSTJÓRA
THE INTERPRETER

Sýnd kl. 5:45, 8 og 10:15

Valdandi
Sýnd kl. 4 m/isl. tali

GRIMANZ
Sýnd kl. 4 m/isl. tali

www.laugarasbio.is



FRÁ RIDLEY SCOTT LEIKSTJÓRA GLADIATOR
ORLANDO BLOOM
KINGDOM OF HEAVEN
STÓRMYND SUMARSINS NÚ Í BÍÓ

FRÉTTIR AF FÓLKI

